AM. Apogr. 2299 „Ex originali fra Asgarde i Hvammssveit. accu- raté. etiam quod ad puncta“. Innsigli höfðu 4 verið fyrir bréfinu í öndverðu, en nú voru 2 ein eptir. Lýsir Árni innsigluum, og segir: „Í innsigle sira Jons Einarssonar (kringlottu) situr eda stendur mad- ur med uppháfa hufu. so sem biskupsmitur. halldande nt og upp hægre hendinne. enn á vinstra armenum (sem synest) berande um öxl bagal — enn hvad skylldi prestur med bagal. kauske hann hafi vered officialis eda ätt ad verda abote — höfuded nær upp i circu- lum inscriptionis og tekur inscriptionen so til vinstramegen vid höfud- ed + S: iohanni: pb: ei:“ (AM.).

Vier augmund med guds nad biskup j skalholte gior- um godum monnum kunnigt med þessu uoru opnu brefe. ad uier medkennuzt at uier hofum skipad og stadfest suo felldan maldaga asgards kirkiu. sem hier seiger.

Jn primis fiogur asaudar kugillde. iij. kyr. Jtem æ hun¹⁾ uj manna jferd j saurbæiarfiuru. suo og skipum uier henne epter gaumlu hallde og hefd reka allan. bade j uide og hual. ð millum bænhuslækjar ð skridensenne og raudaskridu. fyrir innan kyrhamar. utan settung j hualreka. sem huols- kirkia ð þar j. þar skulu takast heima tollar og tiund- er bonda og husfreyu. og allra heimamanna. þar er og groftur at kirkiu allra heimamanna og þeirra þar j lande finnast. þar eru .ij. krossar med tre forner. mariu likneski litid og olafs likneski med tre gamallt og brokad²⁾ alltaris steinn. fornt alltarisklæde. paxblad. ampla. gloderker.³⁾ einn dauidsalltara [forn brik miog forn²⁾. tuær kluckur. þar skipum uier og sygest at kirkjunne xxx.³⁾ tige messur.

1) hā, frbr. 2) [Svo. 3) Hér segir Árni að upphaflega hafi stað- ið *iiij*, en síðan verið skafið og gert úr *.xxx.*, en um leið hefir gleymt að skafa út *tige*, svo alt yrði rétt.

boðde sa byr j asgarde gialde preste tidaoffor sæmeligt ef hann ekur þar prestfiordung þar fellur. gialde kirkiubonde prestinum sinn prestfiordung ef bondi uill helldur. skal þesse uor skipan standa um þenna maldaga æfinliga.

War þesse maldage og skipan giord med rade og samþycke uora presta og prelata. sira jons Cinarssonar. sira snora hialmssonar og sira arna arnorssonar. og settu sin jnsigle med uoru jnsigle fyrir þetta maldagabref skrifad j huamme j huamsueit. næsta dag fyrir decollacio johannis baptiste. arum epter guds burd. M. u. c xxx. og ui ar.

60. 1. September 1536. í Snóksdal.

ØGMUNDR biskup Pálsson leggur til kirkju undir Múla á Skálmarnesi tolllaust skip í Oddbjarnarskeri, er Flateyjarkirkja átti.

JSig. 143. 4to bls. 319—320, á pappír c. 1600. — AM. Apogr. 1399 „Ex originali Mulensi“, og er þessi afskrípt þó gerð eptir transskrípti vottuðu 5. Júní 1702 undir Múla á Skálmarnesi af Sigurði Sigurðssyni og Runólfi Bjarnasyni, og leiðrétt af Árna Magnússyni eptir handskríptaðri kopíu gerðri „in Febr.“ 1704. — Jarðabókarskjöl Árna Magnússonar, Barðastr. 8, og er sú afskrípt gerð eptir „original á pergamenti“, „með einu hangandi innsigli“, staðfest undir Múla á Skálmarnesi 14. Febr. 1703 af Finni Nikulássyni og Jóni Bjarnasyni. Þessar afskríptir eru samhljóða (= b).

Bref Byskups Øgmundar vm skipti mille mula kirkiu og flateyar.

Vier Øgmund med gudz nåd hiskup j schalholtti giorum gødum monnum kunnigt med þessu voru opnu brefi ad vier medkennunst ad Teitur bōndi kom fyrir oss og beiddi oss ad låta til heilagrar kirkiu [vegna vid kirkiuna²⁾] vndir mula ð skalmarnese og skipa³⁾ henne tolllaust skip j oddbiarnarskeri. huortt sker ad⁴⁾ til heyrer flateyar kirkiu. Nu med radi og samþycki vorra presta og prelata hofum vier giortt og gefid greindri kirkiu vndir mula tolllaust skip og

1) Vm tollver i Oddbiarnarskeri b. 2) [leggja vid kirkiunne b. 3) skipad b. 4) b. v. b.

menn j fyrgreint¹⁾ sker kirkiunnar j flatey. attært skip og og þadañ af minna. Skal fyrnefnd kirkia suo niota fyrsagdz tollvers sem henne byhagar og nytsamligt er æfinliga. Hier med skal greindur Teitur bondi mæga frialsliga taka til vorra vidreka. þa hann kemur [ad honum²⁾] og gardinum til nytsemda. og seigi oss edur vorum vmbodzmanni til huad hann hefur. Og til sanninda hier vm setium vier vort jnn-sigli fyrir þetta bref. skrifad j snoksdal ipso die Egedij Ab-batis Anno domini m. d. xxx. vj.

61. 3. September 1536. undir Núpi.
1537.

SOLVEIG Bjarnadóttir gefr Guðrúnu Björnsdóttur móður sína kvitta um allan arf eptir Bjarna Andrés son, og samþykkir Ólafur Narfason bóndi Solveigar þessa kvittan.

Kriegers safn 2. 4^{to} bls. 239—242, með hendi Styr's Porvaldsson-ar e. 1700. — Landsbókasafn 115. 4^{to} I, 302—303 með hendi síra Jóns Haldórssonar í Hitardal e. 1730. Hér er bréfið árfært til 1533.

Qvittunarbref fyrir umþodi Solveigar
Biarnadóttur.

Þad giðrum vær S(ira) Bardur pietursson³⁾. Fuse Bru-mannsson.⁴⁾ og Þorleifur Jonsson godum monnum kunnigt med þessu voru opnu brefi.⁵⁾ þá er lidid var frá Gudz burd [m. d. xxx. og vi.⁶⁾] ár undir Nupi i Dyrafjrdi á sunnudag-inn næstañ fyrir Mariumesso hina sijdari um sumarid. vor-um vær i hið. saum og heyrðum á ord og handaband þessara manna. af eirni álfu Gudrunar Biörnsdóttur. enn annari Solveigar Biarnadóttur. dóttur áðurgreindrar Gudrun-ar [Biörnsdóttur⁷⁾] suo fyrir skildu. ad fyrskrifud Solveig gaf optnefnda Gudrunu Biorusdóttur móður síjna kvitta og ákiærulausa um þann arf og peninga sem ad tíjtnefnd Gud-run hafdi⁸⁾ ad hallda⁹⁾ eptir Biarna heitinn Andresson. enn

1) — sagt b. 2) [b; honum 143. 3) „mun þetta ekki síra Bárðr á Rafnseyri“ 115 (á spássiu). 4) Brunmannsson 115. 5) ad b. v. 115. 6) [1533, 115. 7) [sl. 115. 8) átt b. v. 115. 9) hafa 115.

Þrattnefndre Solveigu hafdi¹⁾ til Erfda fallid eptir ádurskrif-
adañ Biarna heitinn Andresson fôdur sinn. sagdist optnefnd
Solveig Biarnadóttir fulla peninga og alla upp hafa borid af
sôgdu umþodi. bædi j fôstum peningum og lausum. kvikum
og daudum. svo sem henni vel ánægdi og þvi giæfi hun
optskrifada Gudrunu Biornsdottur og alla hennar Erfingia
og eptirkomendur ôlldungis kvitta og ákærulausa um fyr-
sagda peninga fyrir sier og ôllum sijnum Erfingium og²⁾
Eptirkomendum. suo sem hun mætti framast með lógum
gefa. Samþykkti með henni þennañ hennar allañ giorning
Olafur Narfason³⁾ bondi fyrnefndrar Solveigar Biarnadóttur.
og setti sitt Insigli með vorum fyrnefndra manna Insigl-
um fyrir þetta kvittunarbref. er skrifad var j sama stad. ári
sijdar enn fyr seigir.

62. 6. September 1536. í Snóksdal.
1537. í Hjarðarholti.

VITNISBUÐÐR um orð og samtal Ôgmundar biskups og Teits
Porleifssonar um skipti milli Múlakirkju á Skálmarnesi og
Flateyjarkirkju.

AM. Apogr. 1400, tvær afskriftir: a, „Ex Originali Mulensi“ og
er það afskrift gerð epter „sinum original á kálfskinn“ staðfest und-
ir Múla á Skálmarnesi 5. Júní 1702 af Sigurði Sigurðssyni og Run-
ólfi Bjarnasyni; b, „Ex transsumto orig.“ staðfestu undir Múla á
Skálmarnesi 18. Júní 1699 af sira Nikulási Guðmundssyni og Sig-
urði Sigurðssyni. — Afskrift af þessu bréfi með raungu ártali (1532)
er í JSig. 143. 4^{to} bls. 321 frá c. 1600, og önnur, einnig með raungu
ártali á sama hátt, í Landsb. 107. 4^{to} 398 með hendi sira Jóns Hal-
dórssonar í Hitardal.

Vitnisburðarbref.⁴⁾

Suo felldañ vitnisburd ber eg Erlingur Gíslason að eg
var j Snógsdal um hausted tveim nóttum fyrer Maríumessu

1) hófdu 115. 2) b. v. 115. 3) „Ólafur Narfason ektamaðr Sol-
veigar Bjarnadóttur, faðir Hannesar í Hvammi. Narfi faðir Ólafs var
silfrsmiðr“ (sira Jón Haldórsson á spássiu í 115). 4) 143,

sidari. þá lided var frá Guðz burd [C. D. xxx. og vj.¹⁾] dr. Var eg j hið. sá eg og heyrda á ord og samtal Herra Augmundar og Teitz²⁾ Þorleifssonar að so fyrer skildu og skick-udu. að hann giörde so ordiñ skipte millum Mulakirkiu og flateyiar kirkiu. að kirkiañ under Mula skyllði hafa tolllaust skip j Oddbiarnarskere. budarstödu. ver³⁾ og garda sem gagnadist⁴⁾ attæring og þadan af minna. Hier j mótt skyllði Flateyarkirkia eiga sköggarhögg j Mula kirkiu skög. attæring med [Raptkol og⁵⁾] Elldevid. skyllde þesse giörningur standa æfinliga j millum fyrskrifadra kirkna. Og til sanninda hier um set eg mitt innsigle fyrer þetta vitnisburðarbref. Skrifad j Hiardarholtti j Laxárdal. ari sidar en fyr seger.⁶⁾

63. 29. September 1536. í Ögri.

DÓMR sex manna út nefndr af Ólafi Guðmundssyni, kongs umboðsmanni milli Geirhólms og Langaness, um framfæri Jóns Jónssonar.

AM. Fasc. XLVIII, 27 frumrit á skinni. Öll (7) innsiglin eru dottin frá.

Framfærsludómur Olaffz Gvóndssonar.

Ollvm monnum þeim sem þetta bref sia edur heyra senda þorgilsz jonsson. hakon eyvinszlfon. jon sigvasson. þorgrimur jonsson. jon oddzson og jon olafsson kvediv gvdz og sina kvnigt giorandi. æd æ fimtvdagin næsta fyrir michaelsmesso vm havstít. þá lidit var fra gvds burd. C. ve. xxx. og. vj. ar j avgre j isafirde æ þingstad ættvm worum ver j dom nefnder af ærligvm dandi manne ol(a)fe bonda guðmundssyne er þá hafði kongsins syslv⁸⁾ og vmbod j millvm geirholms og langanes at skoda og ransaka og fvln-adardom æ at legg(i)a hvar at hafa skyldi framfære barn þat jon jonsson at nafne er fært var til indrida ionsonar

1) 1532 (?) 143, 107. 2) heitins, b. v. 143, 107. 3) varer b; vara 143, 107. 4) b bætir hér við: et cetera. 5) rapt kol edur 143, 6) Öll fyrskrifud bref (þ. e. bréf frá 1. Sept. 1536, dómr frá 19. og 20. Sept. 1558 og þetta bréf) voru með hangandi jnsiglum j mula a Skalm-arnese Anno 1536^a 143, 107. 7) þ. e. 28. Sept. 8) sylsv, frbr.

vegna gudrvnar eielsdottur kvinu sinar og jons eielssonar brodur henar hvar at vær vissvm marga miog skylda fyr greindv barne En avngvan þan at fyllan for(l)axeyre hefði til eirn fyrir sig adr nefnt barn fram at færa epter því sem vor lanslaga bok skipar í framfærslv¹⁾ balke. því fyrir gudsz skyld og þess at vær visvm oglo(g)t hvar barn þetta væri lavgkomið æ hreppa Enn daudur fader og moder því dæmdvm vær fyr skrifadan indrida vegna kvinu sinar fyr greindrar gudrvnar og adurskrifadan jon brodur henar at hafa fyrir titt nefndv barne halfa adra xij manvdi þat leingur sem þeir vildv fyrir gvdz skyld giora. Enn þar epter skyldvga at færa þeim sem þeir visv skyldasta og nockra peninga hefði af fram sinum forlaxeyri og sinna lavgkomjna omaga. skyldi titt skrifad barn vera manvd æ hveriv .c. æ. ,xij. manvdum og flytiaz²⁾ med þessvm dome hver fra sier þeim æ hendur sem næstur er ef þeir fyndi avngan þan at fyllan forlaxeyri hefði til og frændsemi at eingeingu epter því sem lavgmalit skipar.

Samþyckte þennan vorn dom med oss fyrgreindur syslv³⁾ madur og festi sitt jnsigle med vorvm fyr nefndra domsmanna jnsiglv fyrir þetta domsbref hvert er skrifad var í sama stad og ære degi sidar enn fyr seger.

64.

1. Oktober 1536.

í Skálholti.

ÖGMUNDR biskup í Skálholti kvittar Jón bónda Hallsson af sköttum og sýslugjöldum í Rangárþingi, tollinum af Vestmannaeyjum, gjöldum af Skógum og Skógæignum, Mörk og Merkreignum í næstu tvö „forliðin“ ár.

AM. 191. 4to bls. 54 (bréfabók Jóns Hallssonar rituð samtíða á skinn). — AM. Apogr. 5551.

Vier aogmund med guds nad biskup í skalholli giorum godum monnum kunnigt med þessv mino opnu brefe ad jon bondi hallzson hefer stadit oss rettan reikningsskap

1) — færslv, frbr. 2) Svo. 3) sylsv, frbr.

af skottum og systlugiöldum í rangarþingum. suo og af tollinum af uestmanneyjum. hier med um það gíald sem honum hefer borid ad gíalda af skogum og skogaeignum. Suo og af mork og merkr eignum í næstu tuo forliden ar og þui gíorum uier og gefum adr greindan jon hallzson aullungis kuittan og akærulausan kongdomsens uegna og krununar í noregi um allan adr skrifadan reikningsskap og peninga gíald fyrir oss og ollum uorum epterkomendum kongsens foutum og umbodsmonnnum. Og til sannenda hier um þrycki-um uier uort jnnsigli fyrir þetta kuittanarbref skrifat í skalholte sunnudagen næstan eptér mikels Messo vm haustid. arum eptér guds bvrð. m. d. xxx og vj ar.

65.

3. Nóvember 1536.

í Holti.

ÞORGILS prestur Nikulásson, prófastr í milli Hvítaness og Langaness, afleysir Jón murta Narfason og Sesselju Bersadóttur af 4 barneignum.

AM. Fasc. XLVIII, 28, frumrit á skinni, og er innsiglið fyrir. — AM. Apogr. 867.

Þat gíori eg þorgils prestur nichulasson profastur í mille hvítanes og langanes godvm monnum vitvrligt med þessv mínu opnv brefe at eg medkenunzt at eg hefe afleyst jon murta narfason og sesselju besadóttur af ííj barneignvm er þav hafa opinber¹⁾ at ordit. svo og hefe jeg sett þeim²⁾ tilheyreligar skriptir sem greindv brote til heyrer og svo fesegt vp borit sem mer vel likar. þvi gef ec þav avldvngis kvit og akærvlaus fyrir mier og ol(l)vm mínavm epterkomendvm kirkiunar formonvm í skalholte. [og alt þat sem hann hefer brotligur at ordit a medan ec var profastur gef ec hann oldungis kuitan vm alt þat sem ec hefe matt yfer taka og profaztmal eru.¹⁾ Og til saninda hier um setta eg mitt jnnsigle fyrir þetta kvitvnarbref hvert er skrifat var í

1) ofinber, frbr. 2) það, frbr. 3) [ritað neðan við bréfið og ekki vísað inn.

holte j odvndarfirde¹⁾ favstvdagin næsta epter allra heilag(a)
messv anno salvtis. M. d. xxxvj.

66. 25. December 1536. í Haderslev.
ÁGRIP af bréfi handa Claus von Marwitz til Íslands.

Register over over alle Landene I, 144, í Ríkisskjalasafni Dana.

1536. Claus von Marwitz Fick Folgebreff thill Jslandd
cum clausulis consuetis.

Actum Hadersleff Juledag Anno 1536.

67. 27. December 1536. í Vatnsfirði.

Jón prestur Eiriksson, prófastr og almennilegr dómari yfir
öllum kirkjunnar málum millum Geirhólms og Hvitaneess, af-
leysir Bjarna Jónsson af einföldu hórdómsbroti með Ingi-
björgu Ormsdóttur, en þau eru að þriðja manni og fjórða.

AM. Fasc. XLVIII, 29, frumrit á skinni, og er innsiglið dottið frá.
— AM. Apogr. 868, með hendi Árna Magnússonar, og var innsiglið
þá fyrir bréfinu.

Ég jon prestur eirexson profastur og almenneligur dom-
are yfer aullum kirkivnar malvm millum geirholms og huita-
nes giore godum monnum kvnnegth með þessv miðv oppúu
brefi. ath eg medkennunzth ath eg hefe af leysth biarña
jónsson af þui lagabrote og misfelle sem hann j fiell og
hann sialfur medkeñdezt fyrir mier med ingebjorggv orms-
dottur sem er einfaldur hordoñur og hier med eru þaw ath
þridia mannj og fiorda skýld siñ j mille. hefi ec setth hon-
um maugulegar skriptter sem greindu lagabrote thil heyrer.
Sómuleidis hefe eg fiesectter vpp boreth sem mier likar. þar
fyrir gefi(!) eg fyr skrifadan biarna aullvnges kvittan og
akiaerulausan vm sagda fesekt fyrir mier og avllum minvm
epptterkomeñdvm kirkivnar formonnum. Og til saninda hier
vm festa eg mit jnsiglle fyrir þetta kvittváarbref hvort er

1) Svo.

skrifad var j vasfirde j issafirdi. ipso die sancte iohannis apostuli ewangeliste. anno. domini. M.º d.º xxx. vj.

68.

1536.

SKRÁ um peninga þá, er Egill Steingrímsson tók með kirkjunni í Berufirði austr.

AM. 259. 4^{te} bl. 31^b (= a) og bl. 122^b (= b), skr. 1595 (mál-dagasafn Odds biskups), og bl. 129^a í bréfi Odds biskups frá 3. Febr. 1608 (samhljóða).

Berufiordur.¹⁾

Anno Dominj M quingentesimo xxx vj.

Medtok Eigill steingrímsson suo mykla penijnga kirkjunnar vegna j Berufirde sem hier seigier.

in primis. lx. ásaudar og .x. kýr. xiiij fiordungar smiors oc sæng. x aura j geldum saudum. ij hundrud og xx^e j jordum.

var med stadnum huorki ketill ne keralld oc eckj neitt áfritt.

69.

1536.

ÖGMUNDR biskup í Skálholti semr við sira Þorleif Eiríksson um innstæðu kirkjunnar á Álptanesi á Mýrum og gerir þar stöðuga skipan á, og að kirkjan skuli eiga tíu hundruð í heimalandi og Þormóðssker.

JSig. 143. 4^{te} bls. 260, skr. 1625 eptir kveri, sem sira Loptr í Hitardal hafði skrifað 1576; er bréfið fært þar inn í Álptanesmáldaga.

Anno domini 1536

In nomine Domini Amen.

Vier Augmund med Guds náð Biskup í Skalholltte giörum godum mönnum kunuugtt. ad vier haufum forlijkast

1) með hendi Odds biskups í a.

vid Sera Þorleif Eiriksson um innstæðu peningna kirkiunn-
ð Altanese. og giórtt þar stadfastlega skipun uppð eptter
þui sem hier seiger.

In primis ad hun skal eiga .xv. mǫlnýtu kugilde og
.ijc. i kauplum. ijc. i kautlum og busgagne og sængar-
klædum.

Jtem .xc. i heimalande. og þormodssker.

70.

1536.

ALÞINGISDÓMR UM SÆNGRKOSTNAÐ VISTFASTRA KVENNA.

MSteph. 62. 4to bl. 12b 13a skr. c. 1650. — Þó að þetta sé kall-
að hér Alþingisdómr, gæti þó verið umtalsmál, hvort þetta er ekki
dómr Jóns Hallssonar, sem Pétur Þorleifsson vottar um 1578. Hann
ætti að vera frá þessum tímum.

Alþingizdomur 1536 vm þungadar konur.

Þeir sem ætti þunga við vistföstum konum dæmdust
skylldugir Bonda þeim sem þær annast þa viku sem þær
læggi sijna sængurlegu fim áura. enn. vj. áura fyrer huorn
halfaþ manud fyrer oc epter þeirra Barnburd.

71.

1536—1553.

SKRÁ um porcio (tiundir) Valþjófsstaðarkirkju í tíð síra Halls
(Þorsteinssonar) og um staðarpeninga þar, þegar Magnús
Ketilsson meðtók, en síra Hallr galt út.

AM. Apogr. 2000 með hendi Árna Magnússonar „Fra Valþiofs-
stad. Er ritad á auda síðu ur Latinsk(re) saungbok. Tiundareikn-
ingurenn er næsta ólæselegur ordinn“. (AM.).

M D xxxvi.

fiell svo mikid porcio i valþiofstadar kirkiu sokn fyrsta
arit Sira Hallur hieilt stadiinn. sem hier seiger. En svo mik-
il peningahæd. ijc hundrada og xxxc. betur. Vadmal fiell
sama ar half aunnur vod. half fiorda alin [og kvartiel] betur.

annad arit peninga hæd hundrad hundrada .lxxx. og xvij^c. vij alner vadmal og xx.

Þridia ar hundrad .c. og tiutiger. porcio vod og nest-u(m) atta alner.

fiorda arid peningar halt annad hundrad .c. vadmal þriar alner og .xx. og fiogur hundrut betur.

fimta arit fiell vod vadmals og alin betur.

[Sietta] arit hundrad .c. xlc^c og xvij. betur. vadmal.

xx. alner .ij. alner og kuartiel betur.

[Siaunda arit] ij^c. hundrad(a) og xx^c. vadmal xij. alner og xx. half alin betur.

a[ttunda arit]. ij^c. hundrada .xlc^c og ix. vadmal xvj. alner og xx.

[niunda arit] halt annad (c) hundrada. og xvij^c. betur. ogolldit þat ar af aullum klausturiordum. porcio half fimta alin.

[Tiunda arit] halt annad. c. hundrada. xij^c. betur. ogolldit af klausturiordum sama ar vadmal iiij. alner.

[Ellefta ar] halt annad. c. hundrada og xvj^c. ogolldit af klausturiordum. Vadmal fiorar alner og xx.

[Tolfta arit] og ij. af klausturiordum. vadmal xv. alner og xx. kvartel midur.

[Þrettanda arit] ij^c. hundrada. half aunnur vod. ogolldit þat ar af re vidivollvm.

[fiortanda] arit ij^c. hundrada og xiiij^c. vm xl. vadmal xvj. alner og xx. kvartiel midur.

fimtanda [arit] halt þridia. c. hundrada. vadmal .xxx. alner og half aunnur alin betur.

[Sextanda] arit .ij^c. hundrada og .lxxx. vadmal .xl. alner.

[Seyt]janda arit þriu .c. hundrada vadmal vj. alner og xl. af þrimr .c. h(hundrada).

Suo mikler stadarens peningar þa Magnus bonde Kete[ll]son medtok. en Sera Hallr heiten ut gallt. sem hier seigier.

In primis . . . kyr. oc x. asaudar kugillde oc ve-i koplum. Jtem ofrit(t): vii skiolna ketill oc hrære æa midium botnenum. oc annar vj. sk(i)olur. oc v. hrærar um asken. oc einn pottur. oc ij . . . kerolld. er annat ecki

matheillt. oc flogur hin. oc ij. vond .iiij. tunur. oc annad
 iij. tu[nur]. nitian trog oc eru þar af atta matheil. oc fior-
 tan upgiordar kerold. oe eru vij. matheil. Tveir strockar oc
 annar bavllavlaus. oc iij. skiolur oc er ein vond. oc viij.
 skaler oc ij. vondar diskar oc niu sker-
 diskar. oc iij. spæner oc sponastockur. oc ein flote og
 eitt hogset. Tver silgrindr oc ij. tinkonur. oc er onnur lok-
 laus. enn onnur vond. fiorar bediarydnur vondar
 [rec]kiuvod. oc ein sæng fyrir c. med
 vondre abreidu tueimur hvilovodum vondum og vondu vere.
 nyt(t) hogende. Smidia med sleggiu oc eine taung oc ein
 hamar oc stedia bl[astur] oc belger med vondum skinnum.
 ein aux oc pall. torflia.

72. 2. Janúar 1537. í Skálholti.

DÓMR sex presta út nefndr af Ögmundi biskupi í Skálholti
 um kærur biskups til Erlends Einarssonar fyrir dómröf um
 innstæðu Sólheimakirkju í Mýrdal, hald á fjám kirkjunnar,
 óhlýðni og annað fleira.

AM. Apogr. 2705 „ur brefabok Ögmundar biskups“ (AM).

Um Ellend Einarsson.

Ollum monnum þeim sem þetta bref síð edur heyra
 senda Þolleifur Eireksson. Jon Einarsson. Snorre Hiðlmsson.
 Gudmundur Jonsson Ráðzmann. Jon Hiedinsson ok Sæ-
 mundur Arnason kvediu Gudz ok sina. kunnugt giðrande.
 ad sub anno gratiæ M^o. d^o. xxx^o. ok vij^o. j Skalhollte ni-
 unda dag jola. vorum vier j dom nefnder af virduligum
 herra ok andligum faudur herra Ogmunde med Gudz náð
 biskup j Skalhollte. ad skoda ok ransaka ok fullnadardóm
 á ad leggja um þá ákiæru sem herra biskupinn klagade til
 Ellendz Einarssonar. In primis. ad hann hefde rofed tvo
 doma. ok sinn urskurd. sem dæmder hafa vered um hañs
 mál. vegna kirkiunnar innstædu peninga á Solheimum. J
 annarre grein. ad hann hefde ranglega halleded kirkiunnar

part ok peñinga á Solheimum sidan j vor ad þeirra var beidt og krafed. Hier med lýst þá menn j sökum. sem herra biskupinn skipadi ad sækia hann under lausn ok skripter. hvort hann nædest utañ kirkiu edur innañ et cetera. fyrer þá langsamlega óhlyðne sem hann hafde leiñge j blifed. Kom Ellendur þar fram fyrer oss. ok hafde ongva löglega afbótun fyrer þessum sökum. Þvi ad h(eilags) anda náð tilkalladre. ad svo prófudu ok fyrer oss komnu. dæmdum vier fyrrnefnder dömsmenn med fullu döms atkvæde greindañ Ellend riettelega fyrerkalladañ ok epter lögum hafa vered tekenn under skripter. saker sinnar þriðtsku ok óhlyðne. enn þá menn saklausa sem hann tóku. Sómuleidis dæmdum vier dömana ok urskurdinn logliga j allañ mata. ok ádur greindañ Ellend skylldugañ ad hallda dömana med öllum sinum greinum ok Articulis. ok giallda aptur peñingana med laga ávexte. ok sekañ lx. mörkum j fullriette biskupsins ok kirkiunnar. Her med skylldugañ ad hallda þær skripter sem honum være settar af biskupenum.

Samþyckte þennañ vorn döm med oss et cetera. die et anno ut supra et cetera.

Æidurenn.

Til þess legg ek hönd á helga bók. og svo skyt ek minu mále til Gudz. ad ek skal hallda heilaga tru. ok þá döma sem dæmder hafa vered um min má. ok motstanda alldrei heilaga kirkiu og biskupinn. ok ongvañ þann honum tilheyrrer. hvorke lærdañ nie leikañ j ordum edur verkum leynt nie liöst et cetera.

73.

15. Janúar 1537. í Þjóðólshaga.

DÓMR tólf manna út nefndr af Erlendi lögmanni Þorvarðs-syni um það víg, sem Pétur Becken hafði í hel slegið Svart-höfða Einarsson.

Landsbókasafn 62. 8^{vo} afskript „ur brefabok biskups Ögmundar“ með hendi Árna Magnússonar.

Um vig Svarthöfda.

Öllum monnum þeim sem þetta bref sia edur heyra. senda Jon Hallzson. Pall Fusason. Jon Biornsson. Snæbiorn Halldorsson. Philippus Runolfsson. Biörn Arnorsson. Jon Helgason. Jon Jsleiksson. Þordur Þorsteinsson. Fuse Eyolfsson. Sæmundur Eireksson oc Pall Thumasson kvediu guds oc sina. kunnugt giorande. ad sub anno gratiæ M^o. D^o xxx^o. vij^o. manudaginn næstan epter geisladag um veturinn i Þiodolfshaga a þingstad rettum. vorum vier i dom nefnder af ærligum Dandi manne Ellende Þorvardzsyne logmanne sunnan og austan a Jslande. ad skoda oc rannsaka oc fullnadarom a ad leggja um það vig sem Petur Becken hafde oforsyniu i hel sleged Svarthöfda heitinn Einarsson. hvers sal gud náde. Kom þar fram eigen lögleg viglysing af vegandans hende. Enn saker þess ad þesse mann sem viced hafde unned. var utlendskur. og hefur fyrir longu vered dæmdur ur landinu. hann oc aller adrer utlender menn. því med fullu doms atkvæde dæmdum vier fyrrnefnder domsmenn tvenn-ár mannbætur epter enn dauda. xl^o. Enn allt annat sem hniggur ad þessu male. ens veganda. sem er þegngillde herra konungsens vegna. oc viglysing þess sem viced vann. og um frid þessara manna sem svoddan verk fremia hier i landed. dæmdum vier til ens næsta auxarárþings. under skodun oc fullnadar doms atkvæde xij. hinna skialligustu manna. sem þar verda lögliga til nefnder af riettarans hende. Svo oc fyrir þeim sökum. ad þesse mann Petur Becken hafde daglagt sig a sagt þing. svo oc kom hann epter sinne lofun. því þotti oss hann vera fridhelgur til ens næsta auxarárþings. til þess domur hefur falled á hans mál. Svo og skylde hann fara med frí oc mak i sin eyrinde inn til þess adur var greindt.

Samþyckte med oss þenna vorn dom adurskrifadur El-
lendar lögmann et cetera.

Sveinsstaðafund (1522), að hann gæfi guði, sancte Önnu og sancte Johanesi baptista Glaumbæ í Skagafirði til æfinlegrar eignar að sér frá föllnum.

AM. Fasc. XLIX, 1, frumrit á skinni. Þrjú innsigli hafa verið fyrir bréfinu. — AM. 3710.

Giafabrief um Glaumbæ j Skagafirði.¹⁾

Þat giorum vier ion prestur ionsson. Þorgrimur gudmundsson og petur oddason godum monnum kunnigt med þessu voru opnu brefe at vier vissum sannliga at teitur Þorleifsson gaf gude og sancte aunnu og sancte iohannes baptiste iordena glaumbæ j skagafirde til æuenligrar eignar at sier fra follnum. lyste greindur teitur þessare giof og giorninge optlega adur enn hann fiell j þaun skada sem arni heitenn bessason var j hel sleigenn. Og til sanninda hier vīī setium vær .vor incigle fyrir þetta bref er skrifat var a holvm j hialltadal fostudagenn næstan efter purificationem marie. anno domini 00^o d^o xxx^o vij^o.

75.

[1537].

SKRÁ um eignir þær, er Rafn Brandsson og menn Jóns biskups Arasonar tóku frá Teiti Þorleifssyni.

AM. Fasc. XLVI, 7, utan á transskripti á skinni gerðu 7. Marts 1537 í Ásgarði, og er þetta án efa ritað með eigin hendi Teits um sama leyti og transskript þetta er gert. — AM. Apogr. 3854 (eptir XLVI, 7).

Suo ordna peninga hefur Rafn brandsson og menn biskup jons arasonar tekit fyrir mier sem hier seiger.

jn primis gardin glaumbæ og algjort buid ð. uoru þar þessir peningar.

jnnan gatta .xx. uættir smiors. xuij uættir skreidar og halft annat hundrat med blauta skreid. uiij. sauder upp-skorner at aullum kiotum og ij naut gaumul upp skorin. x tunnr huitu.

1) Utan á bréfinu með hendi frá 17. öld.

Þetta j bordbunade. x faut raud. u. tinfaut god. x faut huit. x skerbord raud og iiij obreytt. xu staup god og lett. litell bolle beittur og dryckiuskal med raudan stein. bikar stor. annar allitell. lintialld alin og xx med godan fää¹⁾. u. kaunnr. iij storar ij minne .u. katlar smaer og storer. iiij pottar.

smidiá alferdug. godur stedi med tueimur nefivm. sma-stedi. sleggja god. iij hamrar og god taung. huirfusteinn. storar munlaugar ij. þridia litel. uatskall. salltker med loke. piparkuern og mustardzkuern. xxx. trog. xx uppgerdarkerulld. vij storkerulld. ij strockar. u. fautur. uætt ullar. ij kistur med iarnum. þridia med aungum. xx. skalar. vij spæner. ij huder. iij skip . ij uader goder. ui æringur. uiij æringur.

j fridum peningum xuij kyr. x tiger fiar roskit x betur. xu. og .xl. uidureldiz. ij 'uxar gamler. ij naut a annan uetur. uij (a) fyrsta uetur. ij hestar. hross og fole.

tuenn tye .iiij iarnhattar. alfær tyege hia þorgrime. aunnr hia petre. þridiu hia jone halldorssyne et cetera.

76.

7. Marts 1537.

TRANSSKRIFTARBRÉF UM Teitsmál.

AM. Fasc. XLVI. 7, frumtransskriptið á skinni. Öll (5) innsigfin eru dottin frá. — Sbr. AM. 3853 með hendi Árna Magnússonar. Lýsir hann þar innsiglium og transskriptinu sjálfu mjög rækilega og segir meðal annars svo: „Þetta transscriptum er með tvennum höndum ritad. Su ejna hönden hefur skrifad .3. þau fyrstu documentin. og tvær linurnar þær fyrstu af því 4^{da}. o: mannanöfnen öll. sem fylla nærre halfa sidu i minne copiu. þeirre sem ur þessu transscripto er utskrifud. Med þeirre annarre hendenni er ritad þetta 4^{da} documentid. fra manna nöfnunum. og hin 3. sem epler fylgia. Jtem vidimus fyrir nedan documenten. Er þesse sidare hönd su hin sama, sem er á testamente Teitz Þorleifssonar 1531. nema ad skripten er hier betre enn á Testamentenu. Er ecki ólíklegt. ad þetta kunne vera hönd sialfs Teitz, enda kynni einhver sá hafa vered honum vid höndena. sem bæde hefdi ritad Testamented og þann sidara hluta af þessu transscripto. Enn bad mun óefad. ad transsumtum þetta sie giört ad

1) Svo.

forlage Teitz. hvad. á meðal annars. er þar af að sía. að Teitur hefur skrifad eða láted skrifa utan á þetta transcriptum — og er þetta registur so sem hid 8da documented —: Registur upp á þá peninga sem biskup Jon Arason og Rafn Brøndsson toku fyrir hönum. og er það registur ritad með sömu hendi sem sidare hlute transcripti. og fyrr sagt Teitz Þorleifssonar testament. Hefi eg nefnt registur epter þessu afskrifa láted. ásamt documentunum öllum er margnefnt transcriptum inneheldur. Brefed hefur fyrrum leged i Skalhollte. og mun Teitur það sendt hafa Ögmunde biskupe. ef hann þá lifad hefr^a.

Wtskript af domunum vm sveinstada reid.¹⁾

Copia literarum Teiti thorlaii¹⁾.

- [1. Alþingisdómr 30. Júní 1523, DI, IX, Nr. 123;
2. Sampyktt Erlends lögmanns þar upp á 1524, DI, IX, Nr. 492;
3. Kvittunarbref Hannesar Eggertssonar 3. Júlí 1523, DI, IX, Nr. 129;
4. Alþingisdómr 30. Júní 1533, DI, IX, Nr. 551;
5. Bref Diðriks hirðstjóra frá 9. Júlí 1533, DI, IX, Nr. 558;
6. Húsafellsdómr Ögmundar biskups 17. Júní 1524, DI, IX, Nr. 193.
7. Alþingisdómr síra Jóns Einarssonar og síra Sigmundar Eyjólfssonar 30. Júní 1534, DI, IX, Nr. 577;
8. Skrá um eignir Teits Þorleifssonar (1537), utan á transcripto, næsta skjai hér á undan, Nr. 75].

Medkenust uær olafur gudmundsson. jon þorleifsson. prestar. Petur loptsson. Eirekur gudmundsson og jon pallsen. leikmenn. at uær haufum sed og heyrnt yfer lesin doma og bref lærðra og leikra med heilum og oskauddum hangande jnsiglum so latandi ord epter ord sem hier fyrir ofan skrifad stendur. Enn til meire stadfeste og sanninda hier um setium uær uor jnsigle fyrir þetta transkriptarbref skrifad uar j æsgarde j huammsueit. ipso die thome confessoris di' aquino. anno domini. M.^o d. xxx. vij.

77.

19. Apríl 1537.

á Æsistöðum.

Jón prestur Filippusson, prófastr í Eyjafirði, kvittar Björn Þorvaldsson af tveimur barneignum með Guðrúnu Sigfúsdóttur.

AM. Fasc. XLIX, 2, frumrit á skinni. Eitt innsigli hefir verið fyrir bréfinu, en er nú dottið frá.

1) Utan á transcripto með tvennslags höndum frá 17. öld.

kuitan Biorns Þorualzsonar.¹⁾

Þat giore eg ion prestr philippusson profastr j eyafirdi godum monnum kvnngit med þessu minv opnv brefi at eg medkennuzt at eg hefi forlikazt vid Biorn Þorvaldzson vm þær fesekter sem hann hefr mier skylldvgr ordit fyrir þær ij barneigner sem hann hefr brotligr ordit med gudrunu sigfsdottr og hann hefr ecki ædr kvittan fyrir feingit. og honum logliga lavsn veitt og hæfiliga skripter sett fyrir greint brot. þui giorum vier og gefum áðr greindan biorn kvittan og ækærvlausan fyrir mier og minvm epterkomendum kirkiunnar formonnum. Og til sanninda hier um set ec mitt insigli fyrir þetta bref er skrifat var æ æsistodum i eyafirdi fimtudagin næstan fyrir jous Oesso holabiskups vm vorid arum epter gudz burd O d xxx og vij.

78. 23. Apríl 1537. á Mel í Miðfirði.

Þórn prestr Jónsson selr Oddi Einarssyni jarðirnar ytri og syðri Þverá og Kistu í Vestrhópi fyrir jarðirnar Reyki, Múla og Saura í Miðfirði.

AM. 238. 4to bl. 39, (Bessastaðabók) skr. c. 1570. — AM. Apogr. 263, tvær afskriptir, önnur með hendi Arna Magnússonar eptir transskripti frá c. 1550 (= 363), en hin eptir Bessastaðabók. — AM. Apogr. 677 (eptir Bessastaðabók).

Bref fyrir Reycki. mola²⁾ og Savra.

Þat giorvm vier³⁾ jon mattiasson. þorbiorñ jonsson. þorfinnv svainsson prestar hola biskvpsdæmis godvm monnvm kvnngitt med þessv vorv opnv brefe. at vier⁴⁾ vorvu þar⁵⁾ j hia savm og heyrðvm á ord og handaband þessara manna einnra⁶⁾ alfv sera biarñar prestz jonssonar enn af annari Odz Einarssonar⁷⁾. at svo fyrir skilldv at sagdv biorñ selldi greindvm Oddi jarðirnar ýtre þverra⁸⁾ og syðre þverrá⁸⁾ j vesturhópi er liggia j breidabolstadar kirkiv sokñ og jordena kistv j vestvrhópi j hola kirkiv sokñ til fullkomligar eigñar

1) Utan á bréfinu með gamalli hendi. 2) þ. e. Múla. 3) vid 363. 4) vær 363. 5) sl. 363, 6) einnar 363, 7) 363; biarnnasonar 238. 8) þvera 363.

med ollvm þeim gognvm og giæðvm sem greindvm jordvm æ med logvm at fyllgia. Hier j mot fieck greindvr Oddvr sogdvm sira birne til fvllrar eignar jardirnar Reyki. Mola¹⁾ oc Savra. er allar liggia [j Midfirdi j Mels kirkiv sokū²⁾ med ollvm þeim gognvm og giæðvm sem greindvm jordvm á med logvm at fyllgia. skyldi hvor hallda [þeim jordvm til laga³⁾ er koypti⁴⁾ enn sa svara laga riptingvm er selldi⁵⁾. Var þetta firsagt [kavpbref⁶⁾ giort á mel j Midfirdi á jons dag holabiskvps vm vorit. Arvm epter gvdz býrd⁷⁾ M d xxxvij. ar⁸⁾. og til meire⁹⁾ avdsyningar hier vm setivm vier [fyrskrifader menn¹⁰⁾ vor insigli fyrir þetta bref er skrifat var j sama stad og dag og are er fyr seiger.

79.

9. Maí 1537.

í Holti.

BÁRÐR prestur Pétursson, prófastr millum Langaness og Hvitaness, afleysir Jón Narfason og Settceliu Bassadóttur af 5. barneign.

AM. XLIX, 3, frumrit á skinnf nokkuð skemt. Innsiglið er fyrir bréfinu. — AM. Apogr. 869 með hendi Árna Magnússonar eptir frumritinu.

Þat giori ek bardur prestur petursson profastur j millum langaness ok huitaness Godum monnum kvnngt med þessu mínu opúu brefi at ec medkennunzt at ec hefi afleyst Jon narfason og settceliu bassadóttur af þeirri fimtv barn- eign er þau hafa nu nyliga opinber at ordit sín j millvm ok sett þeim [til]heyriligar skriptir epter þui sem brotunum til- heyrer. Suo ok hefi ek feseokter vpp borit heilagrar kirkiu uegna ok minna sem mier vel á negir. Þuj gef ec fyrr skrifadur Barðr [pres]tur. profastur j saugdu takmarkj. adur greinda menn aullungis kvitta og ákerulausa [fyrir mier] ok minum eptirkomindum. heilagrar kirkiu formonnum. Ok til sanninda hier um heingda ec [mitt] jusigli fyrir þetta kuittunarbref skrifat j huollti¹¹⁾ j aunundarfirdi midvikudæg-

1) mula 363. 2) [i Mels kirkiusokn i Midfirdi 363. 3) [til laga þeim jordum 363. 4) keyptu 363. 5) selldu 363. 6) [863; kavp 238. 7) burd 363. 8) b. v. 363. 9) sl. 363. 10) [b. v. 363. 11) Svo,

in næsta fyrir uppstigningardag um vorit, arum eptir gudz burd Ɔ d xxx og vij ar.

80.

26. Maí 1537.

á Eiðum.

VITNISBURÐER um að Njarðvíkkirkja í Borgarfirði eigi hólma þann í Borgarfirði, sem liggur fyrir Hafnar landi, skipsstöðu á Eyri og Tófaskála, er sumir kalla Rúnuskála.

AM. Apogr. 2008, eptir frumriti „fra Njarðvíkkirkju í Mulasyslu“, „Sigillum nunc abest“.

Þat giore ec jon arnorsson godum monnum kunnegt med þessu minv opnu brefi. at ec heyrði sua opptliga seigia þorsteinð fiolfinns(ton¹), og geirmund þorkelsson og fleire dandi-menn adra env elldri. at niaruíkr kirkia eigi holma þann sem liggur j borgarfirði fyrir hafnar landi. skipstöðu a eyri. og tofua skalla. en svmer kalla Runvskala²) j sama landi. hefir þetta verit haft og halldit atólulaust sidan ec man til og er ec nv sextugur. og verit j saumv sueit. og hier epter vil ec sueria ef þurfa þicker. Ok til sannenda hier vm set ec mitt juncigle fyrir þetta bref skrifad æ eidum j eidamanna-sueit. laugardagin j huitadogum. þa lidit war fra gudz burd .Ɔ. d. xxx. og vij. ar.

81.

1. Júní 1537.

á Grund.

12. Marts 1538.

á Hólum.

Jón biskup á Hólum selr Brandi Helgasyni jörð Hóladóm-kirkju Holt í Svarfaðardal, og gefr Brandr kvitta ákæru upp á jörðina Tungu í Fljótum.

AM. Fasc. XLIX, 5, frumrit á skinni, komið frá Erlendi Jónssyni á Hvoli. Af 4 innsiglum er 1 fyrir bréfinu. — Landsbókasafn 61. Svo, afskript staðfest í Skálholti 8. Febr. 1708 af Þórði Þórðarsyni og Ormi Daðasyni.

1) „ita clarè, non vero fiolsuins, ne postea dubitem“ (AM). 2) „runuskala les eg það heldur enn rimu skala (AM).“

Brandur selur hrafnstade Biskup jone fyrer hollt
og vpplag a Tungu 1537.¹⁾

Þat giorum vier are jonsson Logmann. Einar Bryniolfs-
son. Sæmundur simonarson og Eyuindur magnusson God-
um monnum kunnigt med þessu voru opnu brefe. at arum
eptter gudz burd M d xxx og vij á Grund j Suarbadardál
faustudagenn næstañ eptter fardaga vorum vier j hia sáum
oc heyrdum á ord oc handaband verdug Herra Biskup Jons
af einne alfu enn brandz helgasonar af annare at suo fyrir
skjildú at Biskup Jon selde saugdum Brañde jordina sydra
hollt j suarbadardál med ollum þeim gognum oc giædum
sem greindre jordú á med logum at fylgia²⁾ oc Høladom-
kirkia vard fremzt eigande at. Hier j mot gaf greindur Brand-
ur jordina Hrafnstade j suarbadardál med øllu þui sem
þeirre jordu á med laugum. at fylgia. og þar til gaf fyrr-
nefndur brañdur kuitta þa ækiæru sem hann þottizt eiga j
jordinne Tungu j fliotum. Skyllði huorer hallda þeirre jordu
til laga er keypttu oc suara lagaripthingum huor fyrir þa
jord er selde. Og til sannynda hier vm setium vier fyrr-
skrifader menn vor jncigle fyrir þetta bref skrifat á Hool-
um j hialtadal á Gregorius messu are sijdar enn fyrr seier.

82.

10. Júní 1537. á Grenjaðarstöðum.

Jón Pétursson selr síra Sigurði Jónssyni jörðina Hjalla í
Reykjadal fyrir tuttugu og sex hundruð í lausafé.

AM. Apogr. 63 „Ex orig. fra Sira Skula Porlakssyne“ (AM.).
Frumritið gaf Árni Brynjólf Þórðarsyni 1712. — Afskript er og í
brefabók síra Skúla AM. 255. 4^{to} bls. 485, skr. á árunum 1687—1698.

hiallabref.³⁾

Þad giörum uier síra thumas einarson. jon skwlason.
jon sturllason. jon þorleifsson og þórsteinn biarnason god-
um monnum kunnigt med þessu vöru öpnu brefe. ad ærum

1) Utan á bréfinu með hendi frá c. 1600. 2) Hér er dregið út í
frumritinu: „oc Hooladomkirkju áá med logum at fylgia og“. 3) Stóð
utan á bréfinu „med gamalli hendi“.

epter gudz búrð. M. dc. xxx. og. vij. á. r. sunnudaginn in-
fra Octauas corporis christi á greniadarstad j Reykiadal. vór-
um uier j hia. saum og heyrðum á ord og handabúnd. sira
sigurðar jonssonar og jons petursonar. að svo fyrir skildu.
að jon peturson selde sira sigurde jonssyne jórðena hialla j
Reykiadal. er liggur j einarsstada kirkiu sókn med aullum
þeim gögnum og gæðum. sem greindre jórðu á med lögum
að fylgia. Hier j mót skyllede sira Sigurður giallda Jone. x.
malnytu kugillde og fimm hundrud j fridum peningum. að
næstum fardogum og annur .ve. frid að audrum fardogum
og. vjc. j fullgilldis peningum. þeim sem göðra manna geinge
á mille. skyllede þau. vjc. greidast sum að næstum fardög-
um. fyr eða seirna. ef þeim líjkade. skyllede greindur sira
Sigurður hallda jórðunne til laga. enn jon svara laga rípting-
um. og ef hialle geinge af med logum. þa skyllede sira Sig-
urður eignast. xvijc. j völlum j búrðardal. Og til sanninda
hier um settum vier fyrr skrifader menn vór juncigle fyrir
þetta jarðar kaups bref er giort var dege sidar enn fyrr
seger.

83.

11. Júní 1537. á Grenjaðarstöðum.

GUBRÍÐR Daðadóttir leyfir Jóni Pétrossyni bónda sinum að
selja sira Sigurði Jónssyni jórðina Hjalla í Reykjadal.

AM. Apogr. 62 „Ex orig. fra Sira Skula Þorlakssyne“ (AM.).
Frumrit bréfsins gaf Árni Brynjólf Þórðarsyni 1712. — Afskrípt er
og í bréfabók sira Skúla AM. 255. 4^{to} bla. 486, skr. 1687—1698.

vm hialla bref,¹⁾

Það giörum uier kólbeinn arngrimsson. jon skólason.
og þorgrimur þorleifsson godum monnum kunnigt med
þessu vóru ópnu brefe. þá lidit var fra gudz burd M. dc.
xxx. og .vij. ær vórum uier j hið á hófstóðum j lárðardal
þridiudagenn j huijtadóðgum. saum og heyrðum á. að gud-
ríður daðadóttir leyfde jone petursyne bónda sinum med

1) Stóð utan á bréfenu „med gamalli hendi“.

handsölum að selia sira Sigurde jonssyne jördina hialla j Reykiadal. er liggur j einarstada kirkiu sökñ. er hennar mðle var vpp j lagdur. fyrir fwlla peninga. Og til sann- e(n)da hier vm setium vier fyrr skrifader menn vor innsigle fyrir þetta bref skrifad á greniadarstad j Reykiadal. mðnu- daginn infra octauð corporis christi á sama áre og fyrr segir.

84.

3. Júlí 1537.

í Skálholti.

VITNISBURÐR, að Ögmundr Skálholtsbiskup „góðrar minningar“ hafi gefið Jörundi Steinmóðarsyni og börnum hans 3. Júlí 1537 aptr þá peninga, sem hann hafði brotið af sér með misferlum sínum við biskup og kirkjuna, og lofaði að út- veða einnig konungshlutann.

AM. Fasc. XLIX, 6, frumritið á skinni. Innsiglið er dottið frá — Apogr. 2912.

Þat giore eg ellingur gislason godum monnum gunigt¹⁾ með þessu minu opnu brefe at eg meðkennuzt at eg var hia og heyrda upp á j dyrastukunne j skalholte næsta dag- en epter visitacio sancte marie at biskup augmundur godr- ar minningar¹⁾ giorde suodan giorning fyrir mier og audr- um godum monnum at hann gaf jorunde steinmodsyni og baurnum hans þa peninga alla aptur sem hann hafde af sier brotid j sinum misfellum vit biskupen og kirkiuna og hann lofode at kaupa og utuega þann part sem kongenum til heyrde. hann og hans baurn skyllde hans niota sem hins partsens. For þesse giorningur fram j skalholte arum epter guds burd. M. de. xxx og vij. Ok til sanniða hier um festa ec mitt jnsigle fyrir þetta vitnisburdarbref skrifad j saurbæ á raudasande are og deige sidar en fyr seiger²⁾.

1) Svo. 2) Þetta ætti að vera 4. Júlí 1538, en fær ekki staðizt, því að Ögmundr biskup lifði þá enn og andaðist ekki fyrri en 13. Júlí 1541. Hér hefir því ártal sjálfs vitnisburðarins fallið óvart úr frumbréfinu af vangá.

85.

6. Júlí 1537.

í Skálholti.

ÖGMUNDR biskup í Skálholti fær Sigurði Ormssyni og Guðrúnu Eyjólfsdóttur, konu hans, til fullrar eignar garðinn í Bæ á Rauðasandi með Mábergi, Klúku og Gröf fyrir jörðina Siðumúla.

Bæjarskjalabók á Rauðasandi með hendi Orms Daðasonar c. 1726, stufrétt eptir frumriti: „Under brefenu munu hangit hafa 5 Insigne, hver nu eru oll j burtu, brefed á kalfskinn, sumstadar lased og rot-ed, þo mestallt vel læseligt, hliodar so ad öllu sem ofan er Ritad“. — AM. Apogr. 1190 einnig eptir frumriti.

Vier avgmund med guds Nad Biskup j skalholtt. giorvm godum monnum kunnikt med þessu voru opnu brefi. ath vier medkennunzt at vier haufum giort suodan kaup ok iardaskipte vid Sugurd¹⁾ Ormsson. jn primis. at vier haufum feingit honum og hans kuinnu Gudrvnu eyolfsdotter gardin j bæ æ raudasande til frials forrædis og fullrar eignar vnd-an oss og vorum erfing(i)um enn vnder þau og þeirra erfingia med aullum þeim gognum ok gædum sem greindum garde fylger og fylgt hefer at fornu og nyiu bade til sios og lands. Hier med hofum vier feingit þeim so heitande iarder þar inan sandz. maberg. kluka og grof. Hier j mote hefur hann feingit oss iordina sidumula med suo miclum peningum sem oss vel æ næger med ollu þui er þar til heyrer. Skal huor suara lagariptingum er selldi enn sa halldi til laga er keypte. kann misdauda at verda greindra manna sugurdar ormsson-ar og gudrunar Eyolfsdottur þa skal það eignazt gardin er leingur lifer ef þau eiga ecki skilgetin born. Voru þesser giorningsuottar til kallader. sira gisille ionsson. sira ion olafsson. sira (ireker²⁾) grimsson og sira loptur narfason. ok settu sin innscigle med uoru innscigle fyrir þetta giorningsbref. skrif-at j skalholte octaua die apostolorum petri et pauli. anno domini m. d. xxx. vij.

1) sigurd 1190. 2) Svo.

86. 6. Júlí 1537. á Bessastöðum.

CLAUUS fan Moruiz, hirðstjóri og höfuðsmaðr yfir allt Ísland, kvittar Jón bónda Hallsson um skattinn af Rangárþingi næst liðið ár, svo og gjald af Skógum og Skógaeignum, Mörk og Merkreignum.

AM. 191. 4^{to} bls. 55 (bréfabók Jóns Hallssonar rituð samtíða á skinn). — AM. Apogr. 5552.

Það medkennunzt ec clauus fan moruiz hirdstiori og hofudzmann yfer allt jsland med þessu minu opnu brefi ad jon bonde hallzson hefer stadiť mier rettan reikningskap og giortť mier fulla nægiu fyrir skatten af rangarþingi nu þetta næsta forlidiť ar. Somuleidis hefer hann mier greitt og gollđit suo mier uel likar allt það gialld sem hann er skyldugur minum herra konginum og mier sem hann lofad hefer ninum foruerorum utt af skogum og skoga eignum. suo og af mork og merkr eignum og aollu þui sem þessum huorium tu(e)ggium¹⁾ [adr greindum²⁾ kongseignum fylger kuiku og daudu og adr skrifadur jon hallzson hefer adr umbod yfer haftť. þui giorer eg og gefur adr skrifadur clauus fan moruizť optnefndan jon hallzson aulldungis kuittan og akæru-lausan fyrir mier og ollum minum epter komundum kongs umbodsmonnum vm allan adr skrifadan reikningxskap og peninga giald. Suo og um það giald sem hann gialda hefer att af þeim jordum og jardar portum sem ligia j rangarþingi mil(l)vm þiorsar og jokulsar æ solheimasande. Ok til sanninda hier um þrycki eg mitt jnsigli fyrir þetta kuittan-arbref huort skrifad uar æ bessastodvm æ alptanese octauı dag petri et pauli ano domini M.^o d. xxx og vij.

87. 12. Júlí 1537. í Skálholti.

ÖGMUNDR biskup í Skálholti fær Erlingi Gíslasyni til eignar sextán hundruð í jörðunni Miðhlíð, með þeim ummerkjum, er bréfið greinir, fyrir jörðina Skóga í Arnarfirði með fimm kúgildum.

1) tugtium, skb. 2) [á spássiu.

Jarðabókar skjöl Árna Magnússonar, Barðastrandarsýsla Nr. 9, afskrípt gerð eptir frumriti og staðfest á Hóli í Bíldudal 28. Júní 1704 af Arna Guðmundssyni og Guðmundi Sigurðssyni.

Ver Augmundur með guðz naad biskup j Skalholti giorum godum monnum kunnigt með þessu uoru opnu briefi að vier haufum giðrt soddann kaup og jarðaskifti við Elljng Gylslason sem hier seigir að vier haufum feingid honum xvje i jorðynni midhljnd þaug sem Fusi Helgason hlaut. Enn Sira Gylsle og syner hans keiffu að honum til frials forrædis og fullrar Eignar með ollum þeim gögnum og giædum sem grejndum jarðarparti filgir og filgt hefer að fornu og nyu bæði til sios og lands. i suoddan mata að vier hofum lofad að bitala grejndum fusa adra jorð þa sem honum uel¹⁾ ljkar. Hier j mot hefur hann Elljngur feingid oss jorðina Skoga j Hrafnscírar kirkjusokn með þeim v kugilldum sem þar eru með. með ollum þeim gognum og giædum sem greindri jorðu filgir og filgt hefur að fornu og nyu bæði til sios og lands. Skal huor hallda sýnum jorðum til jaga. Enn sa suari lagariftijngum er selldi. voru þessir giornjngsuottar til kalladir gylsi jonsson og Lofitur Narfason prestar og settu sýn jnsigli með uoru jnsigli firer þetta jarðakaupsbrieff Skrifad j Skalholti Anno domini MDxxxvij feria qvinta infra octava visitacionis beate virginis.

88.

13. Júlí 1537.

á Helgafelli.

ÖMUNDR biskup i Skálholti staðfestir og samþykkir landamerkjaskrána fornu milli Dögurðarness og Arnarbælis (frá c. 1245, DI, VI, 1 og 2) og áreiðardóm Daða Guðmundssonar og Ólafs prófasts Guðmundssonar frá 12. Nóv. 1535 (DI, IX, 622).

Eptir frumritinu á skinni i Landsskjalasafni, komnu úr dánarbúi Jóns bókavardar Árnasonar (d. 1888). Inpsiglið er dottið frá.

1) leiðr.; at, afskr. 2) þ. e. 27. Júní.

Ögmundar stadfesting uppa æneyd og landamerki milli Dagverdarness og Arnarbælis 1537.

Vier augmund med Gudz nad biskup j skalhollte giorvm godvm monnum uiturligt med þessu uoro opnv brefe at sub anno gracie. M^o. d^o. xxx^o. vij^o. æ miduikudagin næsta fyrir Peturs Messo og Pals um sumarid¹) j almenneligri prestastefnu. kom fyrir oss sera Jon Halldorson. med landamerkia skra mille Daugurdarnes og arnarbælis. Savmvleidis med þat bref. sem Dade bonde Gudmunzson sem þa hafde kongsins umbod mille Gilsfiardar og gliufurar. og Sera Olafur Gudmunzson var profastur j sama takmarki med avdrum fleirvm godum monnum hofdv a ridit landamercke millum greindra jarda epter vorre skipan. og bæde leist oss su sama landamerckia skra og æreidslubref med ollum sinum greinum og articulis lauglig vera j allañ mata. Þui med heilax anda nad til kalladri. med þeirra dane manna rade sem þa uorv nærre oss stadder. Vrskurdv(m) vær þau landamercke j allañ mata lavglig uera sem fyrr greind landamerckiascria jnne helldur og þat æreidarbref sem hier er vid fest þennan vorn vtskurd²). og sledmeidarasa vera og uerit hafa ævenlega eign dagvrdarnes. Og til sanninda hier um festum vær vortt jnnsigli fyrir þennan vorn vrskvrd sem skrifadur uar j abotastófvne a helgafelle favstvdagin næsta fyrir festvm Diuisio apostolorum æ sama are sem fyrr seger.

89.

18. Júlí 1537.

í Skálholti

ÖGMUNDR biskup í Skálholti leggur kirkjunni undir Múla á Skálmarnesi tollfri skip í Oddbjarnarskeri gegn því, að Flateyjarkirkja eigi áttæringis eða teinæringis farm árlega „í skóg Teits bónda, sem liggur nær Flateyjarkirkjuskógi“.

AM. Apogr. 1401 „Ex orig. Flateyensi Torfa Jonssonar“. „Charta est, non membrana, si recte memini“ (AM.). Afskriptin er með hendi Árna Magnússonar.

1) þ. e. 27. Júní. 2) Svo.

Vier Augmund med guds nad biskup i Skalhollte giorum godum monnum kunnikt med þessu voru opnu brefi at vier haufum giort þa skickan a mille kirknanna i Flatey og Mula a Skalmarnesi at kirkian a Mula skal hafa skip tollfri i oddbiarnarskeri. annadhvort vi. ært edur viij. ært. Enn hier i mot skal bondinn hafa. vegna Flateyar kirkiu. viij. ærings farm eda teinærings i skog Teitz bonda sem ligger nær Flateyar kirkiu skogi a hveriu are. Vilium vier at þesse skipan standi obrigduliga kirkiunum badum at skadlausu. Og til sanninda hier um þryckium vier vort inscigle upp a þetta bref skrifat i Skalholti xvij. die Julii anno Domini M. D. xxx. vii.

(L. S.)

90. 19. Júlí 1537. í Skálholti.
 ÖGMUNDR biskup í Skálholti kvittar Jón Hallsson um tollinn af Vestmannaeyjum, sýslugjald af Rangárþingi og skatt, og gjöld af Skóga og Merkreignum, er Jón hafði greitt hirðstjóranum Claus van der Marvitz.

AM. 191. 4^{to} bls. 55 (bréfabók Jóns Hallssonar rituð samtíða á skinn). — AM. Apogr. 5553.

Vier aogmund med guds nad biskup j skalholti giorum godum monnum kunnigt med þessu uoru opnu brefi ad jon hallzson hefer stadi oss rettan reikningskap af tollinum af uestmanneyium þeim hann nu j sumar tekid hefer. hier med þad sýslugjald sem hann oss skyldugur uar fyrir rangarþing nu þetta næsta forlidit ar. somuleidis um skatt- en af adr greindu rangarþinge og allt þad gjald sem hann oss lofat hafdi kongdomsens uegna og krununar j norige fyrir skoga og skoga eigner suo og mork og merkur eigner og hann hefer nu med uorre skipan og samþycke greitt og goldit hirdstioranum claus fan der maruizt sem hans kuit- anarbrief þar vm giortt utt uisar. þui giorum uier og gefum adr skrifadan jon hallzson aoldungis kuittan og akæru- lausañ kongdomsens uegna og krununar j norigi vm allan

adr skrifadan reikningskap og peninga gíald. Og til sannenda hier vm þryckium uier uortt jnnsigli fyrir þetta kuittanar-bref skrifad j skalaholtti fimtadagen næstan fyrir translacio sancte thorlace. þa lidit uar fra guds burd. M d xxx. vij.

91.

20. Júlí 1537. á Suðr-Reykjum.

23. Apríl 1538. í Viðey.

ALEXIUS ábóti í Viðey kaupir þann part í Sjávarhólum, er þær systir Gizurardætr áttu, og fær kvittan um and-virðið.

AM. 238. 4to bl. 9, skr. c. 1570 (Bessastaðabók).

Bref vm part j síafarholum.

upstiund sina retta j þriu áur samfleytt. jtem hann hefdi ecki j fiögur áur golldit rettar matgiafer sina og sinna hiona ad lögum. jtem hann¹⁾ hefdi ecki gefit fimta hlut af fæ þui sem hann hefer ecki sialfur af latid skera x tiger ad fiölda. j fiordu grein hann hefdi wnnit og latid vinna æ helgum tidum optt sinnis ad margra manna sion og saugn. jtem hann hefdi ecki til sokt heilagrar kirkiu xxx daga j sextan daga halde eru. jtem hann hefdi tekit frekare leigur epter sin kugillde frid og ofrid enn lögin skipa et cetera. j nafne drottins amen ad heilax anda nad til kalldadri. ad sua prof-udu og fyrir oss komnu dæmdu wier stefnuna lögliga og stulla rettiliga fyrir kalladan og sekan mörk j stefnufall. Enn fyrir ránga tiundargiord j þriu áur dæmdum wier hann sekan þrim mörkum fysta arit þat otiundat er. sex merkur ánnat. enn ed þridia fallet halft wnder biskup epter bokar-ennar ordum. vtan stulle ynne þann bokareid og tueir skil-riker menn med honum heima j wallanesi fyrir sira Einare jnnan manadar ad heyrdu dōmenum hann hefdi rettiliga golldit og giortt j adur skrifut þriu áur sina tiund. Enn fyrir matgiafer skylldugan ad sueria eid med sama skilorde hann hefdi þær lögliga gefit. enn ef felli æ eidnum. dæmd-um wier hann sekan atian álnum fyrir huert sitt hion þat hann æ med lögum ad hafa j fiogur áur. jtem fyrir afgiöf fenadar dæmdum wier hann sekan atian alnum fyrir huern grip ef hann syniadi ecki med saugdum lyritareidi epter bokarennar biuising hann hefdi rettiliga af gefit. Enn fyrir helgra daga brot dæmdum wier þratt skrifadan stulla jons-son skylldan til ransaks og skodunar fyrir sira Einar til wallanes þæ hann til kallade huerra sekta edur skripta hann yrði þar fyrir sekur. ok suo fyrir vaúrækt stadar soknar med sama skilorde. En fyrir okur sinna peninga dæmdum wier sira Einar skylldan ad biuisa þann edur þá sem fyrir þui hefdi ordit heima j wallanesi og giorde hann suo. þæ dæmdum wier opt nefndan stulla sekan epter þui sem krist-in laug wt wisa og jnnahallda. kom þar fram fyrir oss Sira jon gudmundsson og gudne gottskalksson og saugdu hann

1) tvískrifad.

hefde lyst eitt árit xiiij^e jnnað stoks og annat árit xij^e fyrir sier og soru þar að fullnadar bokareid oss áheyrðum fyrir sira Einare. skyllde titt nefndur stulle greida aull saul að næstum fardaugum sira Einare edur hans laugligum vmbodismaune.

Samþykke þenna dom með oss opttskrifadur sira Einar setiande sitt jusigle með worum jnsiglum fyrir þetta domsbref skrifat á Wallanesstad í austfiordum laugardaginn næsta epter kyndilmessu á sama áre og fyrr seiger.

228. 15. Marts 1540. í Gottorp.

KRISTJÁN konungr III. staðfestir kosning Gizurar Einarssonar til biskups í Skálholti.

A.

MSteph. 57. 8^{ve} bls. 195—199, afskript gerð fyrir Árna Maguússon. — Prentað í Khavns Selsk. Skr. V, 240—241. — Danske Magazin I, 1747, 3. b. bls. 350. — Lagasafn Magnúsar Ketilssonar I, 225—226. — Christian den tredies Historie Kh. 1778, II, 345—346.

Wii Christian [med Gudz Naade Danmarkis. Norgis. Vendis oc Gottis Konning. Hertug udi Slessvig. Holsten. Stormarn oc Dytmersken. Grefve udi Oldenborg oc Delmenhorst¹⁾ Giðre alle witterligt at efterdi thenne brefviser Gydtzer Einersen. udvald oc kaldet er af Her Amonder biskop menige Clericie og menigheden ofver alt Schallholt Stigt for synden paa wort landt Jsslandt at skulle wære Superintendent oc Een Tilsuinsmand att det hellige Evangelium Gudss ord Reenligen oc klarligen prædichis oc læris shall. oc wi nu nochsom forfarit have af de widnissbyrdt hannem gifne ere af oss elskelige Doctore. Leremestere oc andre lærde mendt udj wor høye Schole udj wor²⁾ Kiøbsted Kiøbenhafn at hand lærdt oc thissligeste udj hans lefnet oc omgiengelse beqveniter er till samme Superintendentis embett. Thi hafue wi tiltroed oc befallidt. oc nu medt thette vort obne

1) [MK.; et cetera 57. 2) MK.; sl. 57.

breff tiltroe oc befalle for^{ne} Gydtzer Einersen at shulle her efter were oc blifve Superintendent udj for^{ne} Skallholtt stigt som forshrefvet stander. dog att hand shall were os oc wore efterkommere Konninger udj Danmarch oc Norge huld og tro. Sammelediss shall hand haffue gott oc flittig opseende paa Religionem. saa att det hellige Evangelium. gudss Reene ord. prædichis og læris klart og reent for den menige mand over alt for^{ne} Schallholt stigt epher wor Ordinantzis Liudelse. wi der om besluttet have. oc schall hand hielpe hver mand fattig og Rig som for hannem kommen- des vorder. Lof og Rett uden ald¹⁾ vild. gunst eller gafue. Thi bede wi oc strængeligen biude alle giæstlige oc werdtzlige. biskopper. prelater. prouster. præster. lougmendt. syssel- mendt. laugrettismend. oc menigheden udj for^{ne} Schallholt- stigt at i aannamer for^{ne} Gydtzer Eynersen for ederss Su- perintendent oc geistlig ôfrighedt. oc Ære hannem vdj ald Tilbôrlighed hôrige og lydige som i af Rette plichtige er. og lader thet ingenlunde. under wor hyldist oc Naade. Giffuet paa wort Slott Gottorp Mandagen nest efter Judica. Auno 1540.

Under wort Zignet.

B.

AM. 232. 8vo bl. 16a—b (XIII. vantar niðrlag). Bréfabók Gizurar biskups í frumriti. — AM. 266. Fol. bls. 5—6, í afskript síra Haldórs í Reykholti 1654—1657.

Stadfestingar Breff kongsins upp a Biskups kosning
G[izurar] E[inarssonar].

Wier Christian med Gudz Hjad Dañmerkur oc Noregis- Vendlandz oc Gota kongr. Hertugi j Slessuik. Hollsetu. Stor- maren oc Dytmersken. Greife j Oldenborg og Delmenhorst. Giorum ollum uiturligt epter þui ad þessi breffuisari herra Gizur Æinarsson er utualenn og kiorenn. af herra Augmund Byscop kennimonnum og almuga af ollu schalholtzstikti. Sunnan [lands] ðã noru landi Jslande. ad hann skuli uera superintendens og einn umskygnare ad það heilaga Æuan-

1) MK.; at, 57.

gelium [Gudz ord skuli uera hreint og skært predikat og lært. Og wier hofum nu nogliga fornumid af þeim uitnisburdum sem honum ero gefnir af uorum elskuligu doctorum meistorum og audrum lærðum monnum j vorum hafa Skola vt j uorum stad kaupinhafn. ad hann er lærður og somuleidis það hann er hæfilegr j sinum lifnadi og umgeingni til þess sama superintendentis embættis. Þui haufum uier tilruad oc bifalat oc nu med þessu uoru opnu brefi tiltruvm og bifaulum fyrrnefndum herra Gizure Einars-syui. ad hedan j fra skule hann uera og blifa Superintendens yfer fyrskrifudu Schalholtzstikte sem fyrskrifad stendur. þo suo ath hann skal uera oss og uorum epterkomendum konungum j Dañmarck oc Noregi. hollur oc trur. Lika og skal hann hafa goda og gætliga umsia til andlegrar stiornanarennar. suo ad heilagt euangelium. klart guds ord. uerdi hreint og skært predikat og kent almenningsfolki j fyrgreindu schalholtz stikti epter þui ed su wor kirkiu orða hlíodar. er uier þar um urskurdat hofum. [og] skal hann hialpa huerium manne fatækum og rikum sem fyrir hann kann ad koma. til laga og rettinda fyrir utan allt eptirlæti. hylle eda gaffur. Þui bidium uier og ollum streingiliga biodum. andlegrar og uerallegrar stettar Byscopum. prelatum. profostum. prestum. laugmonnum. syslumonnum. laugrettu monnum¹⁾ og almuga vt j firr greindu skalholtzstjækti ad þier medtakid adurnefndan herra Gyssur einarsson fyrir yduarn superintendentem og andlegan yferboda og verid honum j ollu þui sem tilheyrligt er auduelldir og hlydnir sem þier erud med riettu skyldugir og gleymid þui j ongvana mata vndir vora hollustu og nåd.

Vtgiefid a voru sloti Gottorp manudaginn næstaū efftir sunnudaginn Judica årum et cetera m d xl.

Vnder vort signet.

ad mandatum domini regis proprium.

Anthonius brijskeszon.

C.

Ríkisskjalasafn Dana, Register over alle Landene I, bl. 146 (verso).

1) hér vantar í 292.

Gytzer Einertsenn fick breff At schulle were Superintendent offuer alld Skallholt Sticht. for Sönnnden paa Jsslanndt. cum clausulis consuetis.

Actum Gottorp Anno 1540.

229.

18. Marts 1540.

á Evindará.

CECILIA Loptsdóttir selr Birni Jónssyni jörðina Egilsstaði á Völlum fyrir jörðina Hólaland í Borgarfirði og lausafé.

AM. Apogr. 4424 „Ex originali Siṛa Olafs Stefanssonar“. Árni lýsir innsigli Odds Núpssonar.

Um Eigelstade a Völlum.

Þat giorum vier jon magnusson. oddr nupson og jon sigurdson godum monnum kvnnigt med þessu vóru opnu brefi. þa er lidit var fra hingatburd vors herra jesu christi. M. d. xl. ar æ fostudagin næstañ epter blacius Messo.¹⁾ æ eigelstodum æ uollum. vorum vier j hia saum og heyrðum æ ord og hañðaband þessara manna. af einni alfu biarnar jonsonar. en af annari alfu cecilia lopsdotter. at sua fyrir skildu at adur greind cecilia selldi fyrir nefndum birne jonsyni jordina eigelstadi er ligr i vall(a)nes stadar kirkiu sokn med ollum þeim gognum og gædum sem greindri jordu fylger og fylgtt hefer at fornv og nýiu. og hvn var fremst eigañdi at ordin. hier j moti gaf optt nefndr biorn nefndri ceciliu jordina holaland er ligr j mýra stadar kirkiusoká x.^c at dýrleika. og þar til vi malnýtu kugilldi nu j vor j suodan mata at hvn skýlldi taka til sin fiogur enn svara sialfvm²⁾ sier ij bænhus kugilldum. og hest fyrir c. og þar til ij. hvndrut at odru vori j ollvm þarfligum peningum. skýlldi huort þeirra suara laga riptingu æ annars jordu. en þat hallda til laga er keypti. sua og skildi nefndr biorn sier aptur sina peninga alla ef eigelstader kynne af at ganga med logum. Ok til sannenda hier um settum vier fyrir nefnd-er menn vor jnsigli fyrir þetta jardarkaupsbref huert er

1) þ. e. 6. Febr. 2) Svo.

skrifad var æ eyvindara 7 eidamannasueit fimtadagi næst-
 að fyrir palmasunnvdag æ sama are sem fyr seger.

230. 20. Marts 1540. í Kaupmannahöfn.
 LANDSVISTAR og gríðabréf útgefið af Kristjáni konungi III.
 handa Jörundi Steinmóðssyni.

AM. Apogr. 1280, með hendi Stýrs Þorvaldssonar „Ex trans-
 scripto Ara Þorkelssonar“.

Wij Christian met gudz nadi Dannmerkur Noregis
 Venndis ock Gotis konnung¹). hertug ut (j) slledzuig Holl-
 sten stormuren²) dyttmarkin²) grefi ut ij Olddenborg ock
 dellmennhollst²) Sendi allum monnum þeim sem tetta bref
 sia edur heyra kuediu gudz ock sini. Wer uillum att ter
 vitit at vēr hofum fyrer gudz skyld ock godra manna bæna-
 stad gefit Jorunde Steinmodzsynij grid ock fullan frid her
 met landzuist ock fulla kvittan ock nu met tessu voru opnu
 brefe hofum uier nu gifit for nefndum Jorundi steinmodz-
 stijnij aptur alla sina peninga til æfinligrar eignar og hans
 erfingium. her met forbiodum ver huerium hellz eru ellir
 ueri kuna serdeillis uorum foderum³) ock umbodzmonnum
 ock alle andre fornefndan Jorund steinmodzson upa tesa
 peninga edur personu at hindra edur hindra lata eller j
 nockun mata oforrekt (eller) forfang at giori vnder vort
 hýllizjsti ock nadir.

War teta bref giort upæ vort slott kaupenhafn en xx
 dag marsij manadar Anno Domine⁴) M d xl. ar.

Johans Fridrisson.⁴)

Eg gissur einarsson supperjndentis⁴) skalhollds⁴) bisk-
 upsdæmis jon ionsson magnus jonsson gere godum monn-
 um kunikt med þessu uoru opnu brefi at uer hofum sed
 og yfer lesid herra kongs Christianus bref med han(s)
 oskodu jnsigle hia claus maruis a þingvel(le) suo hliodande
 ord eptter ord sem her fyrer skrifad stendur. og til sand-
 enda⁴) her um setium ver fyrnefnder men vor jnsillgi⁴)

1) konnungis, Apogr. 2) Svo. 3) Svo = fovitum. 4) Svo.

fyrer þetta transskriptarbréf skrifad í Skalhólte manndag-
in næstan fyrer Pettursmessu¹⁾ anno domine M d xl. ar.

231.

[1540].

MINNISGREINAR Gizurar biskups Einarssonar um ýmislegt.

AM. 232, 8^{vo}, bl. 3^b (III). Bréfabók Gizurar biskups í frumriti.

Jtem keypt ij staupekeñ klaret fyrer x sk. kannañ.

af ype kras gilder kannañ 20 sk. eda 24.

pund pippars gilder 15 sk.

ij pund sullten engefer gilder xvj sk.

Jtem keypt byrrodur til ottensen fyrer 4 lubesch marck.

Jtem ij marck vj sk. 8 d. utgefit fyrer mins hest(s)
fodur sem hann tærði adur hann uard selldur.

Jtem gaf fruin mier einn fullañ pott med syru.

Herra meyni gaf mier dall fullan backinband.

Jtem halfan borna sullteneijngifer.

Jtem gaf eg herra meyne í skilnad silfurskal nærri xij
lodum og iij einglott þar med.²⁾

232.

19. Apríl--17. Maí 1540.

MINNISGREINAR Gizurar biskups Einarssonar um ferð sina til
Íslands og annað fleira.

AM. 232, 8^{vo}, bl. 4^b 5^b (IV). Bréfabók Gizurar biskups í frumriti.

Jtem j þar scho af hans dik fyrir 8 sk.

Jtem gefit magdaleno rins gyllen.

Jtem litlu Aneko j einglott.

knektunum þrimur halft gylleni huerium.

magdunum lybiska marck huorre fyrir sig.

1) þ. e. 28. Júní (1540). En betr kæmi það heim, að hér væri
misskrifað „fyrer“ í staðinn fyrir „eptir“, sem yrði 5. Júní. 2) Hér
eptir kemr á bl. 4^a klausa á þýzku um guðs dásemdardar verk. og þar
undir „Anno domini. m. v.º xxx. viij.“

xix dag Aprilis manadar [sem var fería .ij. j þridiu uiku post pasca¹⁾ for ec til skips. sigldu uier um quelldit ecki sierligaña til stadi. fimtudagiñ²⁾ j saumu uiku³⁾ stodu uier duall watns a grunne um eina stund fyrir stedarsandi hart næri tuñuñ.⁴⁾

Jtem hlupu uier til sios dominica 4 post pascha⁵⁾. hofdum myklar þokur og smauidri þa á sunna(n). Enn a tueggia postula messo⁶⁾ feingum uier fregn ad uier uorum ij eingelskar kenningar fra flæderøy. Gaf drottinn minn oss at uprauf þeirre myrkuapoku sem uar og saum hialtland at daguerdarmali um sunnudags morgunenn.⁷⁾ enn jsland a miduikudags quelldit þar næst.⁸⁾

Jtem flugstormur a uppstigningardag⁹⁾ og næsta daginn þar epter.

Jtem haufnudu uier oss dominica 6 post pascha.¹⁰⁾

Jtem feck skipherrann mier j raudañ hatt anda jone frænda minum.

Jtem gaf hann mier j halfhaka med reidskap og pudret j horneno med.

Jtem j legil litinn.

Jtem eina litla flausku.

Jtem j jochymsdal fyrir kost mins piltz yfer sioenn.

Jtem feck eg honum j Einglott sem biskupinn hafdi sent honum.

Jtem Skipherra jurgin j krunu.

Jtem gafu aller hafnfirdingar felegt geleydi ad reisa til og fra jslend(s)kuni j kaupstefnunni.

Jtem lofadi petur kordemer¹¹⁾ mier humla tunnu.

Jtem halftunnu eda minzt quartiel ediks.

fería 2 pentecostes.¹²⁾

Jtem geingu þessir dandimenn med mier um skemmuñ-ar sira Biorn j arnarbæli. dadi. philippus Runolfsson.

1) [á spássiu. 2) tvískrifad: daginn, 3) þ. e. 22. Apr. 4) eða: tuñuñi. 5) þ. e. 25. April. 6) þ. e. 1. Maí. 7) þ. e. 2. Maí. 8) þ. e. 5. Maí. 9) þ. e. 6. Maí. 10) þ. e. 9. Maí. 11) Svo. 12) þ. e. 17. Maí.

Jtem þetta jönn stoks j kiotaskemmunni.

Jn primis xi na(ut) af kiotum.

xl. sauder af kiotum.

tunna flotz.

ij tunnur mors.

Jtem j smioraskemmunne stendur stæda oskert so sem Einar tok uit og skyldi uera j half(t) annat c uætta. og þar til vj tunnur smiors. [non est uerum.¹⁾

Jtem i skreidarskemmunne xije fiska.

item j klefanum stendur barin skreid er skrifat uar j hendur Einare ij. lester.

Jtem j blonduklefanum xl wætter smiors.

Jtem j koffrino j diask(emmu) kross sem atti husp(rey) helga i klær.

jtem u hnappar a skrudid.

jtem uij adrer uelgiorder.

jtem linde godur.

jtem kross med naffesti.

jtem ij adrer smakrossar. annar festarlaus.

jtem skipherrapipa.

233.

23. Apríl 1540.

á Hólum.

Jón biskup á Hólum gefr sínum kæra frænda síra Birni Jónssyni jörðina Viðimýri i Skagafirði með öllum eignum og kvittar um fornan reikning kirkjunnar.

Syrpa Guðbrands biskups i Biskupsskjalasafni 4to bls. 201—202, skr. c. 1590. — Landsbókasafn 787. 4to bls. 209 með hendi Odds Jónssonar digra i Gröf á Höfðaströnd, skr. c. 1690. — MSteph. 27. 4to bls 54, með hendi Benedikts lögmanns Þorsteinssonar c. 1720.

Giorningsbref vm Widumyre.²⁾

Wier jon med gudz næd Biskup æ Holum giorum godum monnum kunnigt med þessu voru opnu brefi. ad med

1) [á spássú. 2) Kuijttunar Bref Biskups Jóns Arasonar vm Reijkningzskap Wijdemýrar kyrkiu. þegar hana fieck hana Bijrne profaste Sýne sijnum 1540, 707,

samþycke vorra kiennemanna æ almenneligri prestastefnu. hofum vier giefid vorum kiæra frænda sera Birne jonssyne Jordina vjðimyre. med ollum þeim gognum og giædum. eignum og jtokum sem greindre jordu eiga med logum ad fylgia med þeim skilmæla. ad kirkian æ sagdre jordu æ Jordina kirkiuhól sem þar liggur vnder. og halldin hefur verid gomul kirkiu eign. og Jordina Brecku. er liggur j somu kirkiusokn. og þar til x^e málmitu kugillde. og x^e i þarfligum peningum. Tilskilium vier ad greind kirkia sie vel halldin ad bókuum og messuklædum og odru þui sem alkirkju skilldu tilheyrer. med þeirre kiennemanna skilldu. sem gomul [æregistrum holadomkirkiu¹) til vjjsa. Enn allañ annañ reikningskap fornañ og nyañ. inventarium. portionem mortalium. sem greindre kirkiu hefur ædur til heyrtt og til fallit. giefum vier og giorum kuitt og akiæruleaust fyrir oss og vorum epterkomendum greindrar kirkiu formonnum. utan nockur hafi haftt eda halldid rangliga fra greindre kirkiu peninga edur portionem nylega. edur fyrir langañ tijma. þa skal greindur sera Biorñ þad mega sækia vnder ædur sagda kirkiu og hafa helming af þeim at logum sem þar æ seigist²) med godra manna yfersion. Og til sanninda hier viñ setium vier vortt jnsigle fyrir þetta bref. er skrifad var æ holum j hialttadal. in festo sancti Johannis episcopi holeris Anno domini M d xl.^o

234.

29. Apríl 1540.

í Haga.

MAGNÚS prestur Eyjólfsson fær Ögmundi biskupi til eignar tiu hundruð í jörðunni Siglunesi á Barðaströnd, er Hagakirkja átti áðr, og lofar Hagakirkju öðrum tiu hundruða parti í staðinn, en biskup kvittar hann um kirkjureikning í Haga og um alla samveru og samneyti við systkin hans í stórmælum þeirra.

AM. Apogr. 1365 „Ex orig. Ara Thorkelssonar acurate“. — AM. Apogr. 1142 „Ur Storu Transscripto fra Haga & Barðaströnd. giordu 1586“ (AM) 5. Maí.

1) [kyrkiunnar Registor 787, 27. 2) seigiast 787, 27.

Jhesus.

Þath giore eg magnus prestur eyiolffsson godum monnum kunnigt med þessu minu opnu brefi. eg medkennunzt ad eg hefi feingit minum herra biskup Ogmund xc. j jordunne siglunesi. huer ad atti hagakirkia adur. sem liggur á bardastrond j haga kirkiu sokn. med ollum þeim gognum oc giædum er greindum jardarpartti fylgir oc fylgt hefur ad fornu oc nyiu og heilvg hagakirkia hefur fremzt eigandi ad ordit. j suo mata ad eg hefi lofat hagakirkiv odrum tiv hundrada parti. j fastaeign.¹⁾ þau sem kirkivnni eru nytsamlig. Hier fyrir hefur minn herra gefit mig kuittan vm reikningsskap haga kirkiv sem er porcio og mortualia. sidaan modur mijn heitiñ stod hans nad greindrar kirkiv reikningsskap j sizt. Suo og vm það samneýte oc samveru. sem eg hefi haft med min sysken j þeim stormælum. sem þau hafa opinber ad ordit. heilagrar kirkiu uegna um allt þat sem eg hefi matt brottligur uerda þar utj uid heilaga kirkiu og hans nad. Og til sannenda hier vm festi eg mitt jnscigle fyrir þetta bref. Skrifat j haga á bardastrond jn festo petri martiris Anno Domini M.^o d.^o xl.^o

235.

13. Maí 1540.

á Vatnsleysu.

Dómur Jóns bónda Björnssonar, sýslumanns í Árnessýslu, um flutning förumanna, fylgd og ábyrgð.

A.

Landsbókasafn 10. Fol. bl. 91—92, skr. 1633—1638.

Domur vm fátæckt folk.

Ollum Monnum sem þetta Breff sið edur heyra seinda Oddur Þorkielsson. Olafur Asbiarñarson. Jon Þorsteinsson. Arnē Olaffsson. Einar Gudmundsson²⁾ kvediu gudz og sijna kunnugtt giörandi ad þa lidid var fra hiñgad burdi vors herra jhesu christi MD.XL. fimttudagenn næstañ fyrer hallvardzmesse á vatnsleysu þiñge i Biskups-tuñgum vorum vier j dóm nefnder af Erlegum dándes manne

1) 1142; — eigu 1365. 2) Eyða fyrir einu nafni i handr.

Jone B(onda) Björnssýne koñgz vmbodzmanne i Arnessýslu ad skoda og rannsaka og fullnadardóms adkvædi á ad leggja hvória fátæka menn Bændur og Bufaster skylduger være. ad flytia og færa effter Lögum Eða hvórer á hreppnum skyldu samfleytt fædast eða hvorium Bændur skyldu Tiunder og matgiafer utgiallda. Steñdur so i vorre Landzlaga-Bók i framfærslu B(ælki) 7. Fátæka menn þa alla sem frændur þeirra hafa ei forlagzeyre fyrir þa ad leggja og sialfer eiga ei fie fyrer sig ad leggja og ecki ero færer ad flytia sig. þa er hvor Bóndi skyldur ad flytia þa og fæda. Eftter þui sem hreppstiorðarmenn giora rad fyrir. Einyrke sem fullur Bóndi. So þarf fatækur madur gudz med sem sa er meira á. og flytie eptter Bodburd aller hvór vr sijn-um Bæ. sa firstur sem fremstur situr a Bodleid. til næsta Bæiar. Sekur hvor Eyrer vid koñg ef hann flytur eige so. J annare grein steñdur so i sama capitula. og acte þeir ad dæma innvirdeliga sinn dóm vñ fatæka menn. þa dæmd-um vier firrnefnder dómsmenn med fullu dóms adkvædi þad vera þa menn ad Bændur ætte ad abýrgiast fyrir ollum haska sinnar medferdar sem logliga være a hreppiun komn-er. eða sig hefdi svared ofæra. Eftter þessare grein laganna. Enn vm fatæktit omegdarfolck. hvortt sem være karlmenn eða konur sem sialftt gjæte flutt sig og sijnna omaga hvortt helldur þad heffde færleik eða med hvoriu mote þad feinge orckad ad flytia sig. effter skýnsamra manna alite. og effter þeirre grein laganna þar ed so steñdur. Enn ef þaug hafa med minna fie samañkomed enn þau ætte til þriggia huñdr-ada bædi saman. og alldri urdu þau so rijk ad þau ætte kongi skatt ad giallda. þa sie hvortt annars handbiargar omage edur flytiest a hrosse ef þau fá ei fyrir vnnest. og þeirra Borñ skulu ei á hreppa seigiast æ medan þau fa flutt med firra skilorde. Jtem R. B. H. K. þar skal þrot heita sem omagenn er þa er sa añdast frð er med hañbiorg atte fram ad færa. edur med firr sogdum flutninge. Þui dæmdum vier ad þetta omegdarfolck (skule fara) á sumar um alla hreppa jnnan fiorduñgs. Enn afftur a sijnna sueit ad veturnottam. Enn hvor sem fyrir lete skýlld vilde ecki so giora. sa skyldi abýrgiast sig og sijnna omegd. og oñgva

skýlldu eiga til olmusu i sýnum hrepp a sumar. Somuleid-
ess skyldi fara vm vngtt folck heilbrigdt þad eige nennte
ad vinna. Enn Tiuñdar utluckniñg og matgiafa skyllde
fara sem hreppstiörrar giöra rää fyrrer. Enn hvor þeirra
skipan giorer ecki sekur halffre morck. halfft konge Enn
halfft hreppstiorum.

Samþycktle þennan vorü döm med oss firr nefndur
syzlumadur Jon Biorsson. og sette sytt jncigle med vor-
um firrnefndra domsmanna jnciglum fyrir þetta döms Bref.
hvortt skrifad var i sama stad og dag sem firr seiger.

B.

Landsbókasafn 69. 4to bl. 137, skr. c. 1640. — Landsbókasafn 65.
4ot I, 84, með hendi Jóns dans Magnússonar á Eyri c. 1640. — Lands-
bókasafn 99. 4to bl. 10, skr. c. 1720, með hendi síra Jóns Haldór-
sonar i Hitardal.

Dömur vm förumanna fluttning filgd og Abýrgd. Jóns
Biorssonar j Arness sýslu 1540.

Öllum mönnum sem þetta Bref sia eda Heyra senda
Oddur Þorkielsson¹⁾. Olaffur Biarnason²⁾. Jon Thorsteinsson.
Arne Olaffsson. Einar Gudmundsson³⁾ Kvediu Guds og sina
Kunnigt giorandi ad þa lidid var frää hingad Burd vors
Herra Jesu Christi 1540 fimtudæginn næstañ fyrrer Halluads-
messu æ Vatnsleisu þijng⁴⁾ j Biskupstungum vorum vier
j döm nefnder aff Öhrlegum dandismanne Jöne b(onda)⁵⁾
Biorssýne kongs⁵⁾ vmbodsmanne j Aarnesssýslu ad skoda
og ransaka og fullnadardöm æ ad leggja huoria fatæka
menn⁴⁾ Bændur og Bufaster menn være skillder ad færa og
flytia effter lögum Öinyrke sem fullur Bonde og fære hann
og flytie ecke j nockurn haskasamlegañ stad edur so hinn
fatæke deye edur örkumlist aff hans völdum Ödur huörier
æ hreppum skilldu samfelldt fædast. edur huorsu Bændur
skulu tijunder Ödur matgiaffer wt giallda. Nu saker þess ad
vor lands lagabook býdur og aminner jnnuyrduglega ad ackta
sinn döm vm fätæka menn þää dæmdum vier fyrr nefnder
domsmenn med fullu doms atqvæde þad vera þää menn ad⁶⁾

1) Þorleyfsson 99. 2) asbiarnar-son, A. 3) fleiri dómsmenn eru ekki
taldir i þeinni afskriptinni. 4) sl. 99. 5) b. v. 65, 99. 6) sem 65, 99.

bændur ætte ad abyrgiast fyrer ollum haska sinnar meðferdar sem löglega være a hreppin komner með dome og sig suared ofæra. Þá skulu bændur adra omaga færa nðnustu frændum þeirra og skulu þeir leijta þeim ad framfære Ella abyrgist þá. Enn fataekt omegdarfólk huort sem þad være karl edur kona sem sialft gæte flutt sig og sijna omaga huort helldur þad hefde færleik edur ei edur með huoriu môte þad feinge orkad ad flýtia sig Eftter skinsamra manna ráde og alite skule fara vm sumur vm alla hreppa jonnað fiordungs. enn afftur j sijna sueit ad veturnottum. Enn huor sem fyrer lete skulld villde ecke so giora skule sialfer abyrgiast sig og sijna omegd og aungua skilldu eiga thil olmusu j sijnom hrepp a sumur. Sðmuleidis skilldi fara vm vngt fólk heilbrigdt þad sem ecke nente ad vinna. Enn Tjundar wtliukning¹⁾ og matgiaffer skule fara sem hreppstjornarmenn giora raad fyrer. enn huor þeirra sem loglega skipan Brýtur sie sekur halffre mðrk halft konge Enn halft hreppstiorum.

samþyckte þennað vorn dom með oss adur[neffundur valldsmann²⁾] og sette sitt juncigle fyrer þetta domsbreff huort skriffad var sama stad og dag sem fyr seiger.

236.

14. Maí 1540.

á Hólum.

ARI lögmaðr Jónsson gefr Helgu Sigurðardóttur, móður sinni, jörðina Brekku i Svarfaðardal.

AM. Apogr. 3954 með hendi Jóns Magnússonar bróður Árna. „Ex originali“, sem var á kálfskinni.

Þat giorum vit arne peturson og jon þorlaksson godum monnum kvnngt met þessv oekrv opnv brefi. a holvm j hialltadal. fimtodagin næstan fyrir hvitasvnnu vorvm vit hia savm og heyrðvm æ ord og handaband heidarligs manns ara jonssonar logmannz og ærligrar kvinno. hans modur helgo sigurðardottur. at suo fyrir skildv at greindur are logmann gaf fyrr sagdre helgo modur sinne jordina breckv j

1) vtlukning² 65, 99. [skriffadur systumadur J. B. S. 65.

sværfadardal. sem er fyrir. xl.^e og liggvur j tiarnar kirkio sokn. vndan sier og sinvm erfingivm. en modur sinne helgo til fullrar eignar. skyldi hun sagda jord gjeft mega hverivm sem hvu villde met allvm þeim gognvm og giædum sem greindre jordv eigo at fylgia at logum. Og til sanninda hier vm sette fyrr nefndur are logmann sitt jnsigle met ockrvm fyrr skrifadra manna jnciglvu fyrir þetta bref er skrifad var æ sama stad og dag og fyrr seiger. arvm efter gudz burd. 0. d og xl.

237.

19. Maí 1540.

í Skálholti.

RESIGNERANARBRÉF Ögmundar biskups í Skálholti.

AM. 215. Fol. bls. 26—27, með hendi Jóns Gizurarsonar á Núpi c. 1640—1640. — Prentað í Safni til sögu Íslands I, 680—681 (á íslenzku), og á dönsku í Khavns Selskabs Skr. V, 242—243.

Resignerantar Breff Biskupz Ögmundar.

Aullum mönnum sem þetta Breff siæ edur heýra send-er Ögmund með Gndz nad Biskup j Skálholte heilsan oc kuediu med heijdur oc vjrðing j Lausnara allra hluta.

Pier vel vitid kiærer viner ad fyrer saker þýngiande elle oc annarz veikleijka kunnum vier eckj leijngur ad stiorna edur Regera Skálholtz Biskupzdæme. huar fyrer vier höff-um j nafne H(eilagrar) þrenningar kiðred og vtualid heijdu-ursamligañ mann Gissur Einarson til formans og ýfferbodara fyrrgrejndrar Skálholtz domkirkju fyrir þui hann er Gudz ord elskande oc christeligrar vñgeingne huorium oc suo ad ecke er ökunnugt lögmål oc frijheijt vorz landz. Saker þess ad nu þesse Eligeran heffur ad oskum geinged. med Gudz hialp. það er ad seigia ad fyrrgreindur h(erra) Gissur Einarson heffur sijna confirmeran feinged aff k(onglig) m(aiestet). suo ad honum er bijfalad embætte Skalholtz stíktis so sem ad vor nadugaste herra kongurenu oc heijdursamligt vnjuer-sitet j Kaupenhaffu med Biskupzstolnum audsyneliga opinber-ar i sijnum Breffum þar fyrir vppgeffum vier fullkomliga oc Resignerum viljanliga Skálholtz stíkte fyrrgrejndum h(erra) Gissure med meira oc minna hlut sem stíktenu til

hey rer. Geffe honum almáttugur Gud að hann meige fyrirgreiðndu stjikt farsælliga stiorna sier sialffum til hamingiu. eun þeirre gudz hiðrd til nýtsemdar sem honum er i hendur folgeñ. þar fyrir bidjum vier miceliga alla oc sierhuoria að þier veijted honum hollañ heijdur og skýllduga hlýdne so sem þier skýlldud mier hafa giortt tacande hier fyrir opriot-anlig laun aff almáttugum Gude að eilijffu.

Oc til meire styrktar oc sanninda þessa Resigneranar Breffs hóffum vier voru jnnicgle festa látid fyrir sama Breff. Skriffad að Biskupzstólnum Skáhlollte 14. kalendas dag Junij manadar arum effler drottenliga holdgan 1.5.40.

238.

26. Maí 1540.

REIKNINGR Gizurar biskups um ýmislegt lausagóz, að því er virðist, að nokkru leyti staðarins í Skálholti.

AM. 266. Fol. bls. 155 (CCCXVI). Bréfabók Gizurar biskups í afskrift sira Haldórs í Reykholti 1654—1657.

Reikningsskapur in profesto corporis christi

Anno 1540.

xxx voder tvíttugar med huitt og gratt vadmal.

Sò mikid stort herefft og annar varningur efftir af þui sem | o | hafdi efftir latid sem hier fylgir.

xxxvi stukur.

v konuhufur einbyrdar.

j karlmanzhattur.

v þor kallmanz skoo og einer barnskor.

Ein kyjsta med smyrslabaukum og odrum bardskieraskap.

Jtem ij beder. ij hægingdi. eitt aklædi.

Eitt naut að ollum kiotum og vantar til magalinn.

Jtem v saudir.

Jtem tunna smiorz.

Jtem flotstampur.

Jtem halfur smiorstampur.

lxx fiskar j timburhvsinu.

Jtem vi vudir.

Jtem stor kista. var þar j 6in vod med braglegt vadmal.
ein messoklædi.

ljtid malad tialld.

vj vtlendsk skierbord.

iiij diskar og eitt leirfat.

vatzkallz munnlaug. onnur lytil. vatzkall.

ij halfkonnur og ij tinter.

j saug.

smiorhalfnunna sem eggert hefur til komist.

Jtem j kjstu Eggertz iiij snæri.

xij vaxstycki.

iiij þaur skinnskoor.

iiij konupungar.

viiij þanzarapungar.

ij þillapungar.

ij spil litil.

talgøxi.

ij brythnyfar.

v krokakierfi.

vj konubelli.

ix mathnyfar.

vij skiæri.

iiij baggalasar.

j aklædi.

j kialk(a) hvfa.

xij stikur med litarborda

hundrad stikur liereftz.

ix katlar med smam og storum.

halfnunna lysiz.

iiij þiorutunnur.

vi biktunnur.

ij jarnfot.

kuern.

lxx eikibord.

x grenibord.

ij mioltunnur. onnur hafdi Eggert tilkomid.

239.

31. Maí 1540.
3. Júníá Egilstöðum.
í Vallanesi.

DÓMR sex manna, út nefndr af Markúsi bónda Jónssyni, er þá hafði kongsins sýslu í Múlaþingi, um þá orðrykt, að Steingrímur heitinn Bøðvarsson á Egilstöðum hefði beðið bana af völdum Cecilíu Loptsdóttur („Hamra-Cettu“) konu sinnar.

AM, 238. 4^{to} bl. 46, skr. c. 1570 (Bessastaðabók, eptir transskr. frá 1545). —

Domur um steingrímur heitin bóðvarsson og
cecilíu jónsdóttur¹⁾

Öllum monnum þeim sem þetta bref sia edur heyra. senda biörn jónsson. finboge jónsson. þorsteinn einarsson logriettvmenn. jón magnvsson. asbiorñ arnason. þorhalle finnbogason. kvediu gvdz og sina. kvnngitt giorandi þa lidit var fra gvdz býrd M. d. xl ar á egilstodum j fliotzdalshieradi fimtvdagenn næstan epter dýradag á þingstad rietvm. voro vier j dom nefnder af ærligvm dandi manni Marcuse bónda jónssyne er þa hafdi herra kongzins sýslu j Mvulaþinge at skoda og rannsaka og dom á at leggja med hvorum hætte hann skilde epter leita eda vpp kveda þa ordrykt eda okvedis mala sem vt rann um avstfiordv og vidara annarsstadar og skied mvnde hafa matt á greindvm bæ egilstodum. at steingrimur heitin bóðvarson gvd hans sal nadi mvndi hafa davda hreptt af völdum edur verknade sinnar eigin konu cecilíu loptzdóttur eda þeirra pionvstvmanni biarna skeggiasyni. enn einginn visse med sannindvm sogd efni. var hann vpp grafin á vallanes stad af biarna bónda ellendzsyne og gvitare valltirsyni og fleirvm odrvm skillvisvm monnum og skodadvr hans likame af þeim og þveiginn. var hann vida rotinn oc feý(g)dur einkannliga til baka. en hart nær hofde miadmarinnar hægra meigin leist þeim akvoma holsett og þikiande meir likende manna verk vera mvndv helldur enn rot edur feigingskapur jardarinnar. því j nafne drottins og heilagx anda nad til kalladri at svo profdv og

1) Svo; rétt: Loptsdóttur.

fyrir oss komnu dæmdum vier biarna bonda og greindañ gvitara (skyllduga) at sveria bokareid þann frekasta þeir mættv þar um bera um sagtt efne hvorn þeir sorv þar strax oss áheyrondum fyrir markvse jonssyni. svo latande sem þat bref helldvr er hier er med fest. því dæmdum vier þessa eida til logriettv vnder logmans skodañ og logriettvanna hvort afll eda magtt þeir hefdu hier vpp á. því leist þat oss og systvmaninvm ecki vp beranda riettiliga. vtañ þeir hefdu þan (eid) svarid at þat væri fullkomliga manna verk fortakslavst er hann bæri á sinvm likama.

Samþýkti þennañ dom med oss opttskrifadvr Markvs jonsson kongs vmbodsmann setiandi sitt insigle med vorvm insigllvm fyrir þetta domsbref skrifat j vallanesi þinnvr dogvm sidar enn fyr seiger.

240. [2. Júní 1540.] í Vallanesi.

VITNISBURÐER að svardögum um helsár Steingrims heitins Böðvarssonar, er meiri líkindi þótti, að manna verk vera mundi „heldr en af roti eða feygingskap jarðarinnar“, og ekki af „graptartólum“.

AM. 238. 4^{to} bl.46^b—47, skr. c. 1570 (Bessastaðabók, eftir transkr. frá 1545). —

Bref um steingrim.

Þat giorvm vier biorñ jonsson og þosteinn einarsson. finboge jonsson logriettvmenn godvm monnvm vitvrligtt med þessv vorv opnv brefi á eigilstodvm á þingstad riettvm j vallanes stadar kirkiv sokñ fimtvdagin næsta epter dýradag¹⁾ vorvm vier nær stadder savm og heýrdum á. at bjarne bonde ellendzson og gvittari valltirsson sorv svo felldan bokareid fyrir markvse jonssyne kongs vmbodsmanne j mvlapinge sem hier greiner. at þat sama helsar sem steingrimvr heitinn bodvarsson bar á sinvm likama vp grofnvm j vallanese sex manvdm epter hans davda dægri. þótti þeim meire líkiendi manna verk vera mvndv helldvr enn af roti

1) þ. c. 31. Maí.

eda feýgingskap jardarinnar og ecki af sinvm graptartolvm ordit hafa. Og til sanninda hier vm settvm vier vor insigle fyrir þetta vitnisvrðarbrief. Skrifat á greindan stad valla-nese tveimvr dogvm sidar enn fyr seiger.

241. 25. Júní 1540. í Skálholti.

ÖGMUNDR biskup í Skálholti lýsir því. að hann hafi lofað vel burðugum dandisveini Eggert Hannessyni tuttugu hundraða jörð þeirri, er hann vildi kjósa, hvenær sem hann vildi, hvort sem væri „á vorum dögum eður eptir vorn dag“, fyrir þá peninga, er Eggert átti á Eyrarbakka, og biskup meðtók, þá er Eggert var af landinu sigldr biskups vegna.

Kriegers safn 2. 4to bls. 252—254, með hendi Styrð Þorvaldssonar c. 1700.

Um xxc. jörð sem Eggert Hannesson átti hið biskup Ögmunde.

Wier Ogmundur under Gudz þolinmædi Biskup j Skalholti medkiennunst med þessu voru opnu jnsigludu brefi það vær erum skyldugir velburdugum dandi sveini Eggierti Hannessyni um xxc. jörð edur jardar part fyrir þa hans peninga sem hann átti á Eyrarbacka og vier þar medtokum til vor þa hann var vegna vor af landinu sigldur. Höfum vier lofad honum ad hann skyldi sier sialfur kiosa hveria xxc. jörð edur xxc. jardar part sem hann villdi sialfur hafa ur allri vorri fastaeign hvonær hann villdi. hvert það væri á vorum dögum edur eptir vorn dag. Og til sanninda hier um. þá festum vier vor¹⁾ jnsigle nedan fyrir þetta vort lofunarbrief. hvert skrifad var j Skalholti næsta dag eptir Jons-messo Baptistę arum eptir Gudz Burd M. D. og xl. ára.

242. 28. Júní 1540. á Þingvelli.

KLERKAR Skálholtsbiskupsdæmis samþykkja á prestastefnu

1) Svo.

Gizur Einarsson fullmektugan formann og superintendentem yfir þá alla, Skálholts dómkirkju og stíkti.

AM. Fasc. XLIX, 29, frumritið á skinni. Öll (18) innsighin eru dottið frá bréfinu. — Apogr. 2943. — AM. 232. 8vo bl. 14b—16a og AM. 266. Fol. bls. 4—5 (bréfabók Gizurar biskups). — Afskript frá c. 1595 er og í AM. 234. 4to bls. 257—258. — Prentað í Finni Johannei Hist. Eccl. Isl. III, 275—277.

Brief vīm wtualning herra Gizurar.¹⁾

Ollum monnum þeim sem þetta bref sia edur heyra Senda halldor med guds nad abote æ helgafelli. alexius med samre nad abote j uydeý. jon hiediasson. þorleifvr eir-eksson. marteinn Einarsson. arne arnorsson officiales. Gudmundur jonsson radzmann. jon biarnason kirkiuprestur. snorre hialmsson. freysteinn grimsson. þordur olafsson. Ey-olfur grimsson. gisle jonsson. olafur magnusson. jon þorleifsson. þorleifur eireksson. Eirekur jonsson. olafur kolbeinsson. Snorre jonsson. loptur narfason. olafur jonsson. magnus ey-olfsson. Biarne Jonsson og gisle nichulasson med audrum fleirum prestum og kennimonnum Schalholtzbiskupsdæmis kuediu guds og sina kunnigt giorande ad sub anno gracie m. d. xl. Manudaginn næsta fyrir petursmesso og pals æ þinguelli j almenniligre prestastefnu uorum uier til nefnder af uerdugum herra j gude herra augmund biskup j skalholhti. Saumuleijdis af heijdarligum manni herra Gizure Einarssyne huer sig reiknada²⁾ superintendentem skalholtz biskupsdæmis. ad skoda og ransaka og fullkomliga samþykt æ ad leggja þau bref sem þar tiedust. Jn primis kom þar fram fyrir oss bref suo hliodandis ad herra biskup augmund hafdi gefit konginum til ad kenna sinn uanmatt. saker þyngiande elli kynne hann ecki skalholtzbiskupsdæmi frammar meir ad regera sem til bære. Og þar med audmiuklega hedit j sama brefi konunglig maiestat. ad hans mectugheit uilldi utuelia og skicka þennañ fyrr nefnda mann herra Gizur Einarsson fullmectugañ biskup til skalholtzstiktes et cetera. J annari grein kom þar fyrir oss bref j hueriu uier fornatum

1) Utan á bréfinu með allgamalli hendi. — „Samþycktarbref prestanna vīm herra Gissur“ 234. 2) Svo.

ad hann hefði uerit af hinum beztu monnum examineradur oc ordineradur epter kongsins bodi og skipan. J þridiu grein audsyndi hann oss herra konungsins bref med hans hanganda insigle huad suo inne hieilt. ath hann skickadi ok¹⁾ skipadi adur greindan herra Gizur fullmectugañ superintendentem yfer allt skalholltz biskupsdæmi. Jtem j fiordu grein frañ lagdi hann fyrir oss opit resignationesbref biskup augmundar med hans heilu hangandi insigle. suo latanda. ad hann uel uiliuglega resigneradi herra Gizure j hand allt skalholltzstikte j minna hlut oc meira. þui domkirkiunne til kiæmi. Lituzt oss þessi aull fyrir saugd bref j allañ mata myndug og skialleg med aullum sinum greinum oc artic(u)lis. Beiddizt fyrir greindur herra Gizur ansuars og uilianlegrar samþykta kennimanna skalholltz biskupsdæmis²⁾ upp ða adur skrifut bref. Pui in nomine domini amen. Epter þessum brefum oc skilrikium. Samþykium uier aller med einni raust fyrir greinder klerkar og kennimenn optnefndañ herra Gizur Einarsson. ath uier uilium hann hylla og yfer oss taka fyrir fullmectugañ formann ok superintendentem yfer oss alla. oc skalholltz domkirkiu og stikte. jatandi honum uora tru holluztu ok¹⁾ hlýdni sem til ber. ok¹⁾ oss er maugulegt. Og¹⁾ hann hafi jurisdictionem yfer oss j sina tijd enn einginn annar. Hier j mot hefur hann lofat ad halda oss alla med laug og riett epter godu og gaumlu kirkiunnar laugmali. og hennar priuilegijs oc aungua breytnei þar uppða giora. utan med kirkiunnar rade. Og¹⁾ til sannenda hier um festum uier fyrir greinder menn skalholltz biskupsdæmis uor insigle fyrir þetta samþyktafbref skrifat j sama stad. deigi oc¹⁾ are sem fyrir seiger.

243.

[29. Júní] 1540.

á Þingvelli.

BREF Gizurar biskups Einarssonar til þingheims, þar sem hann leitar samþykkis upp á skipan sína til biskupsdóms og býðst til að gera öllum rétt.

1) Svo hér. 2) Svo.

AM. 215. Fol. bls. 27—28, með hendi Jóns Gizurarsonar á Núpi c. 1630—1640. — Prentað í Safni til sögu Íslands I, 681.

Kiære herra Løgmann Erlendur Þoruardzson. sýslumenn oc Løgriettumenn. samt öðru dandiss folcke oc almuga Skálholltz Biskupzdæmis. effter þui þier haffid heýrt og vnderstaded mijnz n(adugasta) herra kongsens Breff sem nu var næst vpplesed med audrum fleijrum Breffum þá vil ec giarnan epter sidueniu vorz Landz heýra eff þier vilied ýdart veluiliugligt oc almenneligt samþyckj hier til leggja. vil ec allra ýdar æ medal suo skicka oc skipa þeirre andligre Løgsogn er mier er þijfólud sem ec veýt ad riettast er oc sannast fyrir almattugum gude. Sómuleidis alla oc sierhuoria fataeka sem Rijka þar til stýrkiande fyrr oc sijdar ad skie meige riett Løg epter þui sem skýlldugt er oc ec heffe ádur ýttad oc vnderbundist sem þier meiged vel vnderstanda.

244.

29. Júní 1540.

á Þingvelli.

SKULDBINDINGAR og lofanabréf Gizurar biskups gagnvart klerkdóminum.

AM. 232. 8vo bl. 26. Bréfabók Gizurar biskups í frumriti (XXXIV). — AM. 266. Fol. bls. 14, með hendi síra Haldórs í Reykholti 1654—57. — Gómul afskrípt frá c. 1595 í AM. 234. 4^{to} bls. 258, og sýnist vera gerð eptir frumriti bréfsins. — Prentað í F. Joh. Hist. Eccl. Isl. III, 277—278 með latinskri þýðingu.

Bréf¹⁾ herra Gissurar.²⁾

Ég Gizur Einarsson Superintendens Schalholltz stiktis³⁾ Giori godum monnum kunnigt med þessu minu opnu brefi at ec hefi lofat og tilsagt Heidursamligum personum klerckum og kennimonnnum Schalholltzstiktis at eg uil halda þa og regera epter godu og gomlu heilagrar kirkiu laugmale. [Sierliga⁴⁾ epter þui sem þær setningar og statutur wotta er [laugligar synazt oc nauðsynligar at okreincktum þeirra kennimannligum frijheitum. Somuleidis epter þui sem kristinriettur inne heldur og ecki er a mote sonnu gudz laug-

1) Brefa (I) hdr. 2) 234; sl. hin. 3) biskupsdæmis 234. 4) [huorn 234.

male¹). Svo og at eg wil weita þeim þann styrck og for-
stodu fyrir ollum og sierhuerium innlendzkum og utlendzkum
sem domkirckiunnar formanne til²) ber.

Hier a mote hafa þeir iatad mier trua³) holluztu og
skyllda hlydne sem til ber og þui samþycker ordit at wera
vnder minne jurisdictione enn einskis annars i mina lifstid.

Og til sanninda [hier v̄m festi eg mitt jnncigli fyrir
þetta bref⁴) Sk(rifad) a þinguelli in festiuitate apostolorum
petri et pau(li) Anno [jñcarnacionis⁴) 1540⁵).

245. [29. Júní] 1540. á Öxarárþingi.

ERLENDUR lögmaðr Þorvarðsson játar „með öllum öðrum“ að
taka Gizur Einarsson „yfir oss til fullmektugs formanns yfir
Skálholtsstíkti.“

AM. 266. Fol. bls. 6—7. Bréfabók Gizurar biskups í afskrift
síra Haldórs í Reykholti (XV) 1654—57 (vantar í AM. 232). — Prent-
að í latínskri þýðingu í Finni Johannæi Hist. Eccl. Isl. III, 207. —
Tekið upp í ritgerð Jóns Gizurarsonar og prentað í henni í Safni til
sögu Íslands I, 681—682.

Þad giore eg Erlendur Þorvardsson laugmann sunnañ
og austañ æ Íslandi godum monnum kunnigt med þessu
mjnu opnu briefi ad arum efftir gud(s) burd m d xl a al-
mennilegu auxarárþingi j laugriettu beiddist herra Gjssur
Einarsson almennilegrar samþycktar af mier og aullum al-
muga þar saman komnum vpa þau brief sem hann liet þar
vplesa. first herra konungsins brief ad hann uar skickadur
[og skipadur⁶) fullmegtugur superintendens Schalholtz bysk-
upzdæmiz. [Jtem brief sem hliodadi vpa vilianliga resigner-
an byskups Augmundar. Hid þridia samþycktarbrief klerka
og kiennimanna Skalholltz byskupsdæmiz⁷). lofadi greindr
og herra Gyssur ad [skjycka so og⁷) skipa sinni andligri lög-

1) [naudsynlegar sinast og loglegar efter þui sem kristiñriettur
jnnehelldur og ecki er j moti logmóðli heijlagrar kirkiu edur gudz
logum. at okreinktum þeirra kennemannlegum frijhejtum 234. 2) sl.
234. 3) tru 254. 4) [b. v. 234. 5) M, d. xl. 234. 6) [b. v. JGiz. 7)
sl. JGiz.

sögn allra a meðal fatakra og ríkra sem hann vissi riئت-ast [og sannast¹⁾ fyrir allzmegtigum²⁾ gudi. þui jatadi eg með aullum [audrum³⁾ firrnefndum herra Gyssuri ad taka hann yfir oss til fullmegtugs formanz yfir allt skalholtz stjckti.

Og til saninda hier w̄m þrycke eg mitt insigle a þetta brief. skrifad j sama stad ari og deigi sem fyrr seiger.

246. 30. Júní 1540. á Þingvell.

VITNISBURÐUR Gisla prests Jónssonar, um að Ögmundur biskup hafi gefið Péttri Einarssyni jörðina Stapa undir Jökli í sín þjónustulaun.

Ríkisskjalasafn Dana, „Island“ Nr. 30, transskript á skinni frá 7. Dec. 1543. — Afskript í Fornbréfasafni Therkelins.

Þat giðre ec Gisle prestur Jonsson godum monnum kunnigt með þessu minu opnu brefi. ad ec uar þar nar³⁾ staddur. so og heyrda eg ad bisknp Augmundr j Skalhollte gaf Petre Einarssyni .lx. hundrud j sin þionustulaun. og skildi þar upp i jordena Stapa er liggur j Hnatar kirkiu sokn. með þessu bad fyrrnefndur Petur biskup Augmund at gefa sig kuittan um allt huad hann hefði matt misfara uerda j sinne þioniztu³⁾ hvort⁴⁾ helldur þat hefði uerit utan landz eda jnnan. enn biskup Augmund sagði þat skyllði giarna uera. Ok til sannenda hier um þrycki eg mitt jnsigli upp a þetta bref skrifad a þinguelli. jn solempnitate sancte Pauli apostoli anno domini. M. d. xl.

247. 30. Júní 1540. á Öxarárþingi.

ALÞINGISDÓMR, út nefndr af Ara Jónssyni lögmanni norðan og vestan á Íslandi, að Claus fan der Marvitz sé ekki mynd-ugr kongsins skatt né annan viseyri upp að bera eðr sýsl-urnar framvegis að veita, sakir stórra attekta í móti lands-ins lögum og rógs upp á Ögmund biskup.

1) [sl. JGiz. 2) [almáttugum JGiz. 3) Svo. 4) „hort“, transskr.

Landsbókasafn 69. 4te bl. 194a—b, Skr. c. 1640.

Alþingis Dómur Ara Lögmanns vni Claffus vannder Marfuissen ad hann skilte ecke mindugur ad vpp bera kongsins skatta vegna Rogs vpp a biskup Øgmund.

Þad giorum vier Dade Gudmundsson. Jon Magnusson. Gijse Hakonarson. Skule Gudmundsson. Jon Olaffsson. Einar Einarsson. Audunn Sigurdsson. Ellingur Gijslason. Jon Þorlaksson. Gijse Jonsson. Þosteirn Simunaron og Brandur Olaffsson lögriettumenn godum monnum kunnugt med þessu voru opnu brefe ad Arum æfter G(uds) B(urd) M. D. xl. a almennelegu Øxararþingje miduikudag næstann æfter Peturz messu og Þáls vorum vier j dom neffnder aff heidarlegum herra Ara Jónssyne lögmanne n(ordan) og v(estan) a Jslande ad þansaka og skoda og fullnadar doms atkuæde a ad leggja huort ad Claus fander Maruitz¹⁾ skilte mindugur edur fullmechtugur vera herra kongsins skatt og adra konglega æntu wpp ad bera sem a þui forlidna Ari fallid heffur Ædur syslur ad veita framveigis. et cetera.

J fyrstu grein kom fram fyrir oss vors högbornasta herra kongsins Breff suo hlíodande ad herra Øgmundur Biskup j Schalholte skilte skipad haffa j hel ad sla Didrich fan Minninn og hans meðfilgiara. Einn greindur vurdugur herra Øgmundur biskup giorde þad aldreij og vann nu þar strax skyrslu fyrir med suordum Bokareide allre lögriettunne aþeyrande suo latande ad hann hefde aldreij skipad leint nie liost nie Rad thil geffid ad j hel slá nockurn christinn mann sierdeilis ad thilneffndum Didrich edur hans filgiurum.

J annare grein kom þar fram sendebreff sem Claus haffde sent logmanninum Ara Jónssyne somuleidis hlíodande ad greindur vor herra biskup Øgmundur hefde skipad j hel slá fyrnefndann mann.

Þui ad so proffudu og fyrer oss komnu vjrdest oss hann ecke mindugur kongsins skatt edur annann vijseýrer vpp ad bera Ædur syslurnar framueigis. ad veita. saker storra adtekta j mote landsins logum og þess mikla rögs sem Claus heffur gior vppa vjrdugan herra Augmund biskup.

1) Martesz (I) ndr.

Pui dæmdum vier med fullu doms atquæde greindum Ara logmanne herra kongsins skatt og adra konglega rentu til vardueitslu thil næsta Øxarárþjings. Enn þeim sjina syslu heima huorium vm sig sem fullar vordslur haffa. Enn þær sem oveittar eru edur naudsyn thil krefur vmskiffte (a) ad giora dæmdum vier j lögmannsins vernd og vardueitslu thil þess ad löglegur og fullmechtugur hyrdstiore og vmbodsmadur kemur af herra konginum settur.

Og thil sanninda hier vm setium vier fyrskrifader menn vor jncigle firir þetta breff er skriffad var a sama are og deige sem fyr seiger.

248. 30. Júní 1540. á Øxarárþingi.

BREFF ritað af Oxarárþingi til Kristjáns konungs III., frá Jóni biskupi á Hólum, Ara lögmanni Jónssyni og sýslumönnum og lögréttumönnum norðan og vestan á Íslandi, um siðaskiptin, framferði Claus van der Mervitz, fógeta konungs, með öðru fleira.

A.

Íslenski frumtextinn.

Ríkisskjalasafn Dana, „Island og Færøe“ 17, frumrit á skinni með 12 innsiglium, en fúr eru fyrir 8 innsiglium að auki (= a). — Ríkisskjalasafn Dana „Island og Færøe“ 18, frumrit, bæði á íslenzku og lágþýzku, og er sama (eitt) innsigli (Jóns biskups) fyrir báðum (= b). — Gömul afskript af bréfi þessu frá c. 1595 er í AM. 234. 4to bls. 253—255 eptir vidimus frá 30. Júlí 1540 — Ennfremr er afskript með hendi Árna Magnússonar í handritasafni Bartholins C, bls. 344—347 í bókhlöðu háskólans í Kaupmannahöfn. — Bréf þetta er prentað í Safni til sögu Íslands II, 203—206 (eptir a). — Ennfremr er það prentað í Kirkjusögu Finns biskups II, 555—559 (eptir AM. 234. 4to). — Hrafl úr bréfinu er auk þess prentað á íslenzku og með danskri þýðingu hjá Harboe í Khavns Selsk. Skr. V (1751), bls. 244—247.

Menighedens paa Jsland schriffuelse til konning Christian.¹⁾

Worum Høghbornazta²⁾ veralldligum Herra Dannmerckur og Norges Konunge. Konung Christian³⁾ Fredrikssyni.

1) Utan á b. 2) heybornasta b. 3) Kristien b.

yður Heilsum vier aller yðar Herradoms fatæker þien-
arar kiennemenn og leikmennd¹⁾ af Jslande med gudz
kuediu.

audmyukliga þackande frid og mildheit sem yðar
Herraligth majestat hefer jafnan vid oss og allan vorn landz
lyd synt og giortth þar jnnan landz og vtan.

Vier hofum feingit nockur bref med yðar nadar vm-
bodzmonnvm sem nockud vppa hlioda vmskiptte kienne-
mannligs embættis og kristelegra sida.

suorum vier suo þar til at vier vilium²⁾ giarna giora og
tala allt þat yðar nadar Heidur og Herradom ma auka
Kristnenne til styrkingar þat vær³⁾ vitum at bestz⁴⁾ ma gior-
azt suo gude like enn monnvm hæfe.

Enn þo vier hofum huorecke lesit nie heyrth sidan nord-
urlönden voru fyrsth Kristnud ad nockud Kongligth valld
hæfe vmskipte æ giortth Kiennemannligu embætte vtan þat
hæfe verit innsett af romuersku valde. þa vilium vier j oll-
um Hlutum hneigiazt til yðar nadar vilia þat vier vitum oss
giora mega fyrer vtan skada lifs og salar. Allar vondar oueniur
vilium vier af snijda. enn gudz ordum og yðar godum ræd-
um framm fylgia epttir vorre fremstu formðgan⁵⁾. Þat em-
bætte og atrunad vilium vier hallda sem vorer visuztu lærd-
er menn verda aller samþyckeleger og ecke eru j mote rielt-
um noreges⁶⁾ logum.

Vile yðar Herradoms vmbodzmenn setia vpp a oss
nockurn þann atrunad at hallda sem j mote er vorum skiln-
inge. þa bidium vier audmiukliga yðar⁷⁾ Konunglig⁸⁾ Maie-
stat at gefa oss orlof med vortth lausafie at vier megum
hjalpa oss j þeim rikium sem gud vijsar huerium þui suo
mikell fatækdomur og hallære hefer verit j Jslande vm nock-
ur forliden ar at med storre neyd hefur ordit hialpad fatæku
folcke og þo hafa marger menn dait af rielt hungur þeir
sem eie hafa verit nær þeim godum monnum sem nockra
hialp hafa getad giortth.

vile yðar Herr(a)domur lata hallda oss med rielt norg-
es⁹⁾ log sem ydrer og vorer forfedur hafa jafnan halldit sijd-

1) — menn b. 2) vilium b. 3) b; sl. a. 4) best b. 5) formegan
b. 6) noregis b. 7) b; yda a. 8) sl. b. 9) noregis b.

a(n) kristinndomurinn efdizth. þa vilium vier giarnan aller lifa og deya vnder ydar Konu(n)gligre vernd et cet.

Vfer feingum ydar nadar bref hlydanda¹⁾ at vier skylldum lata dæma riett norgis²⁾ log vm þau mannslaug sem ydar foete³⁾ Claws hafde sagth at byshop Augmund⁴⁾ j schalholte hefde latid j hel sla fyrer vtan sak. enn su sogn Claws reyndizt orietth þui byskup augmund⁴⁾ sor fullann bokareid á alpinge at hann hafde alldre skipat nie rad til lagt at lata sla somu menn.

og þesse same Claws hafde reyfad og rænth þar j landit⁵⁾ og suo Hans menn þeir sem Helslegner voru. Og nu fyri einu are forlidnu for nefndur Claws med sinum monnum nottina fyrir huitasunnodag⁶⁾ vpp a eitth munk⁷⁾ klaustur sem videy kallazth toku hans menn þar folkit nakit j sinum sængum og einn partt af þui folcke slogu þeir og særdu og einn partt baurdu þeir og bundu fyri vtan sauk. toku sidan klaustrid og alla klaustursins peninga fasta og lausa og hielldu suo Klaustrid at þar giorduzt ecke messur eda veniuligt embætte sem þar hefer veniuligt verit j langa forlidna tijma. Eydde hann med sinum monnum og j burth hafde meir enn xx vxa gamla og meir enn .c.⁸⁾ saude gamla og meir enn vij. 00.⁹⁾ fiska at skiluisra manna sogn og vitnisburde et cet.

Hefer same claws og hans menn tekit fleire peninga med orietth fyri Jslandzkum monnum sem vier kunnum vel biuijsa. þui fyrr enn sama ydars nadar bref kom til vor Hafde ellenndur logmann sunnan og austan a Jslande dæma latid og vrskurdad at saumu menn Claws sem slegner voru j skalholltte og videy hefde verit slegner fyri fullar saker þui norgis¹⁰⁾ log suo hallda at ransmenn ero obotamenn og þann vrskurd sem logmadur leggur á ma einginn riufa vtan Herra Kongurinn sialfur og þo med vitruztu manna ræde og þui setiu vier allt það malefne vnder ydar¹¹⁾ Herra-dom og elskuligt ráð et cet.

Kunnum vier fornema at þau maurg ydars nadar bref

1) hlydande b. 2) noregis b. 3) fouiti b. 4) Augmundur b. 5) landenu b. 6) b; — sunndag a. 7) muka b. 8) hundrat b. 9) þúsund b. 10) noregis b. 11) ydan b.

sem Hann hefer jnn færtt j Jsland hafe hann feingit med sinu false og raungum vnderflutninge þui hann skal aldre biuisa kunna at nockud opinbertt Ketterij hafe giortth verit af Jslandzkum monnum þar j landit suo þat hafe ohegnth verit vtan þat sem hann og hans menn hafa giortth enn þat ero norgis log at sa er obotamadur sem fals seiger vnder Herra Kongsins Jnncigle sem vier kunnum vel biuisa at þesse claws hefer giortt.

Þui bidium vier audmyukliga ydar milldheit og kongliga¹⁾ majestat at setia eie þenna Claws þar fyri foeta²⁾ og eie nockurn þann mann sem ecke veit eda helldur landzins log og ecke er af danskre tungu helldur vilium vier sialfer senda til ydar nadar allt³⁾ þat gialld og kongliga rentu sem ydar Herradome ber at hafa vt af landinu.

Voru þessar adurskrifadar greiner vpp lesnar og samþyckttar af byskupe og logmanne og logriettumonnum a almenelegu auxararþinge og þar eptter af ollum almuga nordan og vestan á Jslande.

Til audsyningar og samþyckttar hier vm setium vier Jon med gudz forsia Biskup a Holum. Are Jonsson logmann nordan og vestan a Jslande. Þorleifur grimsson. Jsleifur Sygurdzson. Jon Magnusson. Einar brynjolfsson. Grimur Jonsson. Gisle Hakonarson. Skule gudmundzsson⁴⁾. Einar Einarsson. brandur olafsson. Stigur Hoskuldzson. Dade gudmundzson. Erlingur gislason.⁴⁾ olafur gudmundzson.⁴⁾ audun Sygurdzson.⁴⁾ Gisle ionsson. Eyuiodur Gunnarsson. þall grimsson. þorleifur einarsson. narfe jngemundarson. biarne skulason. ormur Jonsson. Jon Þorlaksson. Þorsteinn Simonarson og biorn Þorualdzson. nefndarmenn og logriettumenn nordan og vestan a Jslande vor jncigle fyri þetta bref er vpp var lesid og samþycktt a almenelegu avxararþinge miduikudagenn næstann eptter peturs messu og pals arum eptter gudz burd 1540.⁵⁾

Þat medkennunst vid grimur jonson og stijgur hoskuldsson at vid hofum sied og samþycktt so hliodandi bref

1) sl. b. 2) fouita. 3) b. v. b. 4) sleppt i b, sem og hefir nöfnin i annari röð en i a. 5) M. d. xl. b. — Það, sem nú fer eptir, er tekið eptir 234.

ord epter ord. med heilum og oskoddum junciglum. sem hier fyrir skrifat stendur. og til sanninda hier v̄m setium vid fyrr nefnder menn ockur juncigli fyrir þetta bref er skrifat var ðú vollum j skagafirdi fustu dæginn næstan efter Olafsmesso firre Anno. M. d. xl.

B.

Þýzk þýðing.

Ríkisskjalasafn Dana, „Island, Færøe og Grønland“ Nr. 18. Bréfið er á pappír og innsiglað með og samfast við Íslenska bréfið sama efnis. Innsiglið er embættisinnsgli Jóns biskups Arasonar. Í innsigliinu stendr: SECRE(TUM) P(AT)RIS AC D(OMI)NI IOANNIS HO-LENSIS EP(ISCOPI) +. Letrið í innsigliinu er, eins og hér, upphafletr og er það, sem innan sviga er, alls ekki skráð á innsiglið og hefir aldrei verið; innsiglið er alveg ómáð. Athugandi er að Öll S, sem koma fyrir á innsigliinu, snúa öfugt.

Dem alder hochgeborenen groetmodigen vnde ghe-
weuldigen Heren Hern Christian van der ghenade godes kon-
ning tho denmarcken noruegen etc. hertoghe tho sleswijch
vnd holsthen etc. Doen groethen ewer maiest. ew[er] arme
dienere jn Islandth ghestlick vnd warthlick vij dancken sier
hochlich ewer k. maiest. van allen gode vrede vnd mildthheit
die ewer k. maiest. wns altijdh bewesen heffth binnen lan-
des vnd buten landes. wij hebben entfangen mith ewer k.
maiest. vogeth breffe ludende op ein ander ordinantie des
priesterschaps vnd alle andere cristlike ghewonten heth welcke
wij alltijdh willen doen vnd spreken willen wath ewer k.
maiest. ghelijnen schal tho starckinge der christenheyt dath
wij wethen datt welcke vor godth vnd den menschen wel
ghedaen is. vnde nochtans enn hebbe wij niewarte ghehort
ofte gelesen dath die konincklike macht heffth verandert die
presterschop ofte de ordinantie der kercken dan bij jnset-
tinge der heijliger romscher kercke. het welcke wij nochtans
willen doen als wij weten dath het nicht en is tegen sseele
salichheit alle quade ghewonten willen wij afsnijden vnd

volgen godes worth wnd ewer k. maiest. goden raeth nac onse meste vormogd. Ende wij willen wnderholdden die ordinantie vnd gheloue die onse wijseste vnd gheleerdeste duncket besth ghedaen to wesen vnd nicht doende tegen wnsse rechte norges recht wnde wil ewer vogeth eine ander gheloue op ons setten dat wij nicht en vorstaen offte dath wnsse vorstanth te bowen gaeth sso bidde wij ewer k. maiest. ons vorloffte te varen jn eene ander lanth wnd herlicheiten myth wnsse guderen dar wns godth wijsen schal wen the hijr jn Jslant heffth gewesth soe groten dieren tijdth vnd armoede dath hijr jn weinigen vorliden jaren menich mensche van hwngur ghestoruen js die wij nicht allen helpen mochten wil ewer k. maiest. ons holdden myth rechte norsche recht sso als wnsse wnd ewere vorfadere hebben gedaen suitt die christenheit heffth ghestaen dan soe willen wij alle te samen leuen vnde steruen onder ewer k. maiest. defentie wnde bewaringe etc. Wij hebben entfangen ewer k. maiest. breff jnholdende dath wij scholden laten wijsen eene recht nordzsche sententie wnde vonnisse van den dot-slaghen die jn vogeth claws ewer gnade geseith heift dath augmundur bisschop tot schalholt hedde laten doet slaaen sonder saake vnd claws heffth te onrechte gesecth het welke soe beunden is wente bisschop augmund heffth ghesuoren mith vollen eide op die dach uartth van alding dath hie niewarltth rad noch daeth dar tho ghegewen en heese om desse ludd te slaaen vnd desse seluete claws heffth gheroefth vnd ghenomen hir jnth landt vnd och sijn volck die gheslagen weren vnde ein jaer verleden so is dese suluege clauus meth sijnen knech(t)en des nachtes vor pinxteren ghecomen in ene moniker closter dath vidoey heit soe heffth dese clauus ghenomen dath volck wth dem closter naket wth harem bedden gheuangen vnt ein part vant volch ghequest wnd gheslagen vnd sommige ghebonden vnd weg gheuoert sonder sacker. vnde claws mith sijne volcke nam dat closter jn mith allen sijnen goeden rorende vnd onrorende vnde hielden soe datt closter datt dar noch misse ghedaen noch andere ordinantie gheholdden worden soe alst lange tho voren ghewoentlich is ghewest vnd hij heffe weg ghenomen mith

sinem volche meer dan xx ossen vnd meer als hondert schape vnd meir dan sewen dusenth vissche als vij meth menich mans tugenisse vnd wetenisse wel mōgen bewijsen etc. vnd nock soe heffe dese suluige clauus veel meer guds van onsen Jslandere ghenomen meth onreckett datth wij wel bewijsen mogen vnd al eer ewer gnaden breff hir inth landt quam soe hadde elender die¹⁾ logmann vor syden vnd avsten jn jsland recht sententie vnde vonnesse gheeijscht vnd dar is sententie ghewesen dar hij och suluest jn consenteert heffth mith sijn eijgen brefe vnd segle datt die swlwige die gheslagen sijn int closter tot vidoey vnde to schalholt die sijn gheslagen met rechtt vnd vor een volle rechtlicke sacke wente dat bewijst onse norsche recht datt alle roeuers vnd gheweldigers te rechtt gheslagen worden vnd die sententie die de logmann daar op wijst enn mach nymanth breken dan alleine die conning mith sinen hoechesten raede; vnd dith altosamen setten vij wnder ewer k. maiest. ghenade vnd raedth: konen vij wel vernemen datt clauus meninge breff van ewer ghenade hijr inth landth ghebrockett heffth die hij ghecriegen heft mith valscheijt vnd mith onrechtt an te bryngen etc. vnd hij schal nymmer roeir nogen bewijsen datt wij einigen openbar ketterije hebben ghedaen oft ongestraft laten dan dath hij mith sijnen volck hir ghedaen heeft vnd datt is nordsch rechtt datt die gheue die valscheit doeth onder dess conings segel die heffth den doth vordienth: datt wij wol bewijsen mogen datt hij datth geden heffth; Dar vmme bidden vij ewer k. maiest. hocklicken datt gij dussen clauus hijr nith langer setten en wiltt vor ein vogeth offte och ghein mann die dese lendts wnse rechtt vnd spracke nith en weeth wij willen lewer senden ewer ghenaden allen den schatt vnd toll die ewer ghenade jarlix hijr wt dem landt heffth oft datt ewer ghenaden to behorth: Dese articulen sijn op ghelesen op altinch vnd sijn gheconsentiert vnde gheabproertth van byschop logmannen vnd alle recht kenende mannen vor norden ond van westen jslandth.

1) Svo hdr.

249.	30. Júní 1540.	á Þingvelli.
	1. Marts 1541.	í Hvammi.
	1566.	í Búðardal.

BREF Ögmundar biskups frá $30/6$ 1540 og Daða Guðmundssonar frá $1/3$ 1541 i transscripto frá 1566 um erfð eptir Teit heitinn Þorleifsson.

AM. Apogr. 4075 með hendi Jóns Magnússonar „Ex transscripto“ á kálfskinn. — Ártalið 1541 á bréfi Ögmundar biskups hlýtr að vera rangt, því að hann kom ekki til þings það ár. Hann er þá tekinn á Hjalla fyrir þing. Bréfið er því eldra. Gæti það verið frá 1540, þó að ekki sé Ögmundar biskups berlega getið á þingi það ár. En þá gekk dómr á Alþingi um róg Claus van der Mervitz um Ögmund biskup, svo að ekki er ólíklegt, að biskup hafi þá verið nær staddr á þingi, enda er að ráða það af nærsta bréfi hér á eptir (Nr. 250). Hann er og með vissu á prestastefnu á Þingvelli 1540 (Sjá Nr. 242).

Vi augmund með guds nad biskup i skalholtti giorum godum monnum kunnigt med þessu uoru opnu brefi at sakir þess at oss uirdist at pall heitin gunnlaugsson hafi stadi næst til arfs eptir teit heitinn þorleifsson. gud hans sal nadi. þadan af hann feck sitt skilgetningarbref. þa hofum uier skipat og bifalt Dada bonda gudmundssyni (at) giora forlikan uorra uegna uid eirek bonda gudmundsson uegna hans kuinnu gudrunar gunnlaugsdottur sem er rettur erfingi pals um fyrsagdan arf teits og hans bref fa firir þeim peningum Dadi medtok eptir teit j huamme og annars stadar. Eñ til saniñda hier um settum uier uortt incigli firir þetta bref skrifad á þinguelli næsta dag eptir petursmesso um sumarid anno. M. D. xl. j ar.¹⁾

Þad giori eg dadi gudmundsson godum monnum kunnigt med þessu minu opnu brefi ec medkennust eptir radi og skipan mins herra biskup augmund og samþycki peturs einarssonar kongsumbodsmanns hefi eg afhent eireke gudmundssyni iardi(r)nar klett og hola i kroksfirði med þeim kugilldum þeim fylgia med ollum gognum og gædum sem þessum iordum fylgir og fylgt hefur at fornu og nygiu. undir eirek gudmundsson og hans erfingia til æfinlegrar eignar og frials forrædis. eñ undan biskup augmundi og hans ept-

1) Svo.

irkomendum j suo mata at greindur eirekur lofadi at uera i suari um jordina hornstadi uid erfingia pals heitins gunnlaugssonar. hier med gaf eirekur kuitt uegna kuinnu sinnar gudrunar gunnlaugsdottur um arf eptir teit heitinn þorleifsson þad hun ætti þar med. ætti hun og ecki med logum neina klogun til eda tilkall þa skyldi samt eign eireks gudmundssonar og gudrunar konu hans þessar iardir klettur og holar og kugilldi med þeim uoro. Suo og hefe ec fyrskrifadur Dadi gudmundsson lofad (at) uera i suari um þær iardir allar og peninga sem biskup augmund og teitur heitinn hefur feingid þeim eireke gudmundszyni og hans kuinnu gudrunu ef þeir geingi af þeim og honum og henni borga og þeirra erfingium suo ordnum peningum og jordum sem þeim uel likade eda erfingiar minir eireke edur hans erfingium ef ec dadi uæri ecki til sem þeirra erfingium eda eireke likadi klogunarlaust. og til sanninda hier um set ec mitt insigli fyrir þetta bref skrifad j huammi i huamssueit þridiudaginn næsta firir auskudag um ueturinn arum eptir guds burd. M. d. xl. og eitt ar.

þad medkiennust uær sigurdur oddzson tyrfingur halldorsson og jon oddzson at uær hofum sied og yfirlesid so latandi bref biskups augmundar godrar minningar og Dada heitins gudmundssonar. hans sal at allsmegtugur gud hafi til sinna nada þeigid. ord eptir ord sem hier firir ofan skrifad stendur. med þeirra heilum og oskoddum hangandi iunsiglum. og til sanninda hier um setium uier uor innsigli firir þetta uortt uitnisburdarbref huert skrifad uar i budardal i saurbæarhrepp þa lidit uar fra hingad burd uors herra ihesu christi M. d. lx. vj.

250.

Sumarið 1540.

á Þingvelli.

ÖGMUNDR biskup i Skálholti kvittar Orm bónda Sturluson um kirkjureikning á Staðarfelli og á Sauðafelli.

Wier augmundur med gudz nad biskup i skalholte giorum godum monnum kunigt med þessu uoro opnu brefe at vier medkennust ad vier hofum sied og yfer lesit maldagan kirkiunar vnder stadarfelli æ medalfellsstrond og kirkiunar ǫ́ sauðafelli i breidafiardardolum hver þeirra gomul innstæda er i kuikum peningum og daudum. þui giorum vier og gefum orim boñda stillason aulldungis kuittan og kiæru lausan vm porcio og mortalia vtlausner og allañ reiknings skap bædi fornan og nyian sem honum hefur borit oss at standa edur hans forelldrur fyrir adur greindar kirkiur fra þui fyrsta vier attum med at giora og til þess sem nu er komit. Og til sanninda hier vñ þrýckium vier vortt jnsiglli fyrir þetta kuittunarbref hvert er skrifat var ǫ́ þinguelle um sumarit þa lidit uar fra gudz burd m^o. d^o xl. ǫ́r.

251.

2. Júlí 1540.

í Skálholti.

ÓDDUR Eyjólfsson selr sira Magnúsi Eyjólfssyni, bróður sínum, fjörutíu hundruð í Haga á Barðaströnd fyrir tuttugu og átta hundruð í Svefneyjum, Haukabergi og Skriðnafelli, en kvittar um þau „átta“ hundruð, sem eftir standa, og um allt peningahald sinna vegna í Vestfjörðum.

AM. Apogr. 1366 „Ex orig. Ara Þorkelssonar“.

Þath giore ec Oddur eyolfson godum monnum kunnigt med þessu minu opnu brefi ath ec hefi sellt oc unt sira magnuse eyolfsyne. broður minum. þau .xl. hundrud er ec atta j haga æ bardastraund. til æuinligrar eignar. undan mier oc minum erfingium. en under hann oc hans erfingia. hier j mote feck adur skrifadur magnus mier þessa jardarparta sem suo heita. xiiij^e j suefneyium. er liggia æ breidafirde j flateyiar kirkiusokn. x hundrud j haukaberge j hagakirkiu sokn. iiij^e j skridnafelle. er liggia j saumu kirkiu sokn med aullum þeim gaugnum oc gædum sem greindum þórtum fylger eda fylgt hefur æth fornu oc nýu bæde til sios og landz at aullu til skildu enn au(n)gu fra. enn (vm) þau viij^e sem upp ǫ́ brestur gef ec hann kuittan oc akærulausan. Suo oc eirnen skal hann kuittur uera um

allt halld oc peninga meðferd sem hann hefur haft á uestfiordum minna uegna. sidan gud kalladi til sinnar nadar modur mina helgu heitina þorleifsdottur. skal hann kuittur uera oc úkærulaus fyrir mier oc aullum minum epterkomendum. oc til sanninda hier um fest(i) ec mitt innsigle fyrir þetta kaupbref. huert ed skrifat uar j skalhollte. in festo uisitacionis marie uirginis arum epter gudz burd. M. d. oc xl.

252.

2. Júlí 1540.

í Skálholti.

VOTTORÐ tveggja presta um næst fyrirfarandi gjörningsbréf.

AM. Apogr. 1367 „Ex orig. Ara Þorkelssonar“.

Þat giorum vid jon Biornson. eystein Þordarson prestar skalholltz biskupsdæmis godum monnum kunnigt med þessu ockru opnu brefe þa er lidit war fra hingadburd wors herra jesu christi. M. dc og xl j skalhollte in festo wisitacio beate Marie uirginis vorum vit j hia. saum og heyrðum á ord og haudaband þessara manna siera magnus eyiolffsonar og odz eyiolffssonar. ad þeir giordu suadan¹⁾ giorning og jarda skipte. sem þad kaupbref utvisar sem hier er med fest. Og til sanninda hier um festum uit ockar jnsigle fyrir þetta witnisburdarbref. Skrifad j skalhollte ar og deige sem fyr seiger.

253.

11. Júlí 1540.

í Djúpadal.

GUÐRÚN Höskuldsdóttir samþykkir stöðugt og myndugt það jarðakaup (um Djúpadal), er Guðmundr Þorvarðsson, sonr hennar, hafði gert við Guðmund Ólafsson, og kvittar um andvirði Djúpadals. Svo og festir Þorvarðr Helgason Guðrúnu Höskuldsdóttur.

AM. Fasc. XLIX, 26—27, frumrit á skinni. 1 innsigli (miðinnsiglið) er fyrir bréfinu og 2 innsiglaflögr eru á því auð. — AM. Apogr. 1192.

Brief vīm diupadal.

Þat giorum uid einar biornsson og jndridi arnfirson¹⁾ godum monnum kunnegt med þessu ockar opnv brefe. ad

1) Svo.

uid uorum j hia saum og heyrðum á ord og handaband þessara manna af eirne alfv. gudmundar olafssonar. enn annare gudrunar hoskollzdotter. þat falldizt og skildizt vâder þessu þeirra handabandi ad adur skrifut gudrun hoskollzdotter stadfesti og j allañ mata samþyckti þad sama jardar-kaup stodugt og myndugt sem gudmundr þoruarsson sonur hennar hafdi haft med adur skrifadan gudmund olafsson. Sômuleidis medkendizt opt nefnd gudrun ad hon hefði fulla og alla peninga vpp borit af fyrr skrifudum gudmundi sem henne uel anægdi fyrir þessa jord divpadal huer ed liggur j gufudals kirkiv sokn. Og til sanenda hier wm festvm vid fyrrnefnder menn ockur jnscigle fyrir þetta bref. Skrifat j divpadal j divpafirdi wm svmarit jn festo sancti benedicti. anno domini. M.º d.º xl.º

Þat medkennvzt ek jon prestur jonson. ad eg uar þar nær staddur. sa eg og heyrda eg á. ad þoruardur helgason festi gvdrunu hoskollsdotter sier til logligrar eigen konv. ad minv vite rett epter bockarenar ordvm. Og til sannenda hier wm festi eg mitt jnscigle fyrir þetta bref. Skrifat j sama stad deigi og are sem fyrr seiger.

254.

20. Júlí 1540.

í Skálholti.

8. Júlí 1554.

á Reykjum.

VITNISBURÐARBRÉF, að Páll bóndi Vigfússon hafi feingið Ögmundi biskupi jarðirnar Eingey og Laugarnes til fullrar eignar, en biskup kvittað sakferli og skuldir Vigfúsar Erlendssonar föður hans og svo Páls sjálfs við sig, og þar (til) sagðist biskup gefa honum jörðina Addgeirsstaði (Arngeirsstaði í Fljótshlíð).

AM. 237. 4^{to} bls. 13—16; er afskrípt sú gerð eptir transcripto rituðu á kálfskinn í Görðum á Álptanesi 1. Aug. 1578 af Ögmundi Ormssyni, Péttri Hallssyni og Hákonu Guðmundssyni, en afskrípt þessi er staðfest í Skálholti 27. Maí 1710 af Vigfúsi Jóhannssyni, Gísla Bjarnasyni og Þorgils Sigurðssyni.

Þad giðre eg Þorsteirn Jonsson godum monnum kunnigt med þessu minu opnu brefi. ad þa er lidit var fra Gudzburd M D xl. ár. a sialfa Þorlaksmessu. vm sumarit. sa eg

og heyrði a ord og handaband þessara manna af hinne fyrre alfu biskups Augmundar godrar minningar enn af annare Páls bonda Vigfussonar. faldizt það og skildist under þeirra fyrnefndu handabandi að greindur Pall fíek ádur-skrifudum Herra Augmundi biskupi þessar jarðer Eingeý og Laugarnes til fullrar og æfniligrar eignar og frials forrædis vndañ sier og sinum erfingium. enn under adur nefndañ biskup augmund og hans erfingia. Saumuleidis lofadi hann og gaf tittnefndañ Pal þar i mot aullungis kvittañ og ákæru-lausañ fyrir sier og aullum sinum epterkomendum. vm allt það gialld sakferle og æikningskap sem Fuse Erlendsson hañs fader og hann voru honum skýllduger. og þar (til) sagðizst biskup Augmund hafa feingit honum jordina Ad-geirstade þa sem honum vel hagnadizst. og hier epter vil eg sveria þo þurfa þiki. Og til meire stadfestu hier vm þrycki eg mitt jnsigli fyrir þetta vitnisburðarbref hvert eg utgaf og skrifad var á Sudur Reykium i Mosfellzsveit. Sunnudaginn næstañ fyrir Þorlaxmessu vm sumarid arum epter Guðz burd M. D. Liij. á.

255.

í Júlí 1540.

í Skálholti.

SAMKVÆMT kaupi þeirra Ögmundar biskups og Teits Þorleifssonar, sem myndugt hefir verið dæmt, fyrirbyðr Gizur biskup Einarsson öllum að byggja eða bæla Bjarnanessjarðir, nema þeir taki eptir lögum af síra Árna Jónssyni umboðsmanni sinum.

AM. 266. Fol. bls. 149 (CCCC). Bréfabók Gizurar biskups í afskrípt síra Haldórs í Reykholti 1654—57. — Prentað í Kirkjusögu Finns biskups II, 734—735.

Giori godum monnum kunnegt med þessu mjnu opnu briefe. saker þess að kaup Biskups Augmundar og Teitz Þorleifssonar hefur verid dæmdt laugligt og myndugt i all-
aũ mata effter þui sem vpaa hlyða danumanna domar med¹⁾
oskauddum og heilum þeirra hangondum jnsiglum. fyrir-

1) Hér stendr „og“ i hdr., en er ofaukið.

byd eg nockrum manni bædi Eiolfi arnasyni¹⁾ sem odrum ad byggia edur bæla neinar þær jardir sem Biarnarnesi tilheyra vtan þeir taki þær efftir laugum af mjnnum vmbodsmanni sira Arna Jonssyni. Enn onguum odrum. og suari honum ollum laugskilum sem til heyrir. Þui þeim held eg til laga efftir saugdu kaupi fyrir ollum og sierhuorium. Enn huor sem odruvjisi dýrfist ad giora viti sig efftir laugum þar fyrir suara skula.²⁾

Og til sanninda.

scriptum schalholhti . . .²⁾ die julij m d xl.

256.

6. August 1540.

í Múla.

BRÉF Ögmundar biskups í Skálholti, er hann bifalar vorum bróður biskup Jóni að skrifa „undir vort innsigli“, til Kristjáns konungs III., þar sem hann afsakar sig af róg Claus van der Merwitz um vig Diðreks af Minden, biðr konung að trúa honum ekki, og skirskotar um ordinanzluna til bréfs Jóns biskups og annara, er hann nú sendi konungi.

AM. 234. 4to bls. 255—257, skr. c. 1598. — Prentað í Kirkjusögu Finns biskups II, 566—568, og kaffi úr í Khavns Selsk. Skr. V, 247—248.

Eodem anno vt privs.

Worum heýgbornasta veralldligum herra konung kristian frijdrikssyni ydur heijlsom vier augmund vñder gudz poliñmædi biskup j skalholhti med gudz quediú og vorre audmiukligre vñdervorpning vorrar skýlldugar þionustu. kiarliga þackandi frijd og mijlldheit sem ydar herradomur hefur jafnan vid oss sýndt og giortt.

ydar verdugustu nad sie vel vitanligt at vier heýrdum vpp lesit ðú alþinge eitt bref med ýdar juncigli. hliodandi at cláwwus morwitz³⁾. sem var ydar foweti j jslandi. hefur sagt ydur at vier hofum latid j heel slá hans menn fyrir vtan sak. huat same cláwwus hefur oriett sagt fyrir ydur. sorum vier fullañ bokareijd ðú ælþingi at vier hofum alldre

1) Svo. 2) eyða fyrir tölunni (deginum) í hár, 3) Merwitz HE.

latit nockurn mann j heel slá. og eingiñ ráð þar til lagtt. og suo hijvistum vier med dome og godra manna vitnisburdi. þar vpp á þinginu. at saumu menn cláwusar voru riett slegner fyrir fulla sák. þui bidium vier audmiukliga jdart kongligt maiestet j jhesu christi nafni at þier truet ecki suoddan daudarog vpp á oss sem same cláwus hefur vpp á oss sagtt. kunnum vier vel hijvisa at same cláwus hefur suo morg voñd verk giortt þar j lañdit. at hann móð eij mýñdugur madur vera efter riettum noregz logum et cetera. Señdum vier nu vñder ýdars náðdar valld og jfersýn þann dom og logmannz vrskurd med viglýsingum og vitnisburdum. vñ þáá menn sem riettader voru. stendur það nu j gudz valld. huat ýdar elskuligostu¹⁾ nad²⁾ vill til seiga vñ sama móðl. Enn vier hofum þar ongua sok vt af et cetera. Enn vñ þær ordiñañcijur sem ýdar nad hefur latid jnn skrifa þar j lañdit. það áhrærer kennemannligt embætti og kristiliga sýdu hnat suar almuginn gefur þar vppá kann ydar herradomur³⁾ vel formerkia af þui jncigludu brefi almugañz sem vor broder biskup Jon á holum nu vtsender til ydar náðdar. og þui sama brefi hofum vier sampicker ordit. treistum vier at ýdar Herradomur halldi oss vñder riettum noregz logum med frijheit krununnar og kirckiunnar. og med þui vilium vier giarnan lifa og deya. vnder ýdar kongligu valldi.

til sanniñda hier vñ hijfolum vier vorum brodur fyrnefndum biskup Jone at skrifa þetta bref vnder vortt jncigli er skrifad var j mula j reikiadóðl in⁴⁾ transfiguracio domini anno domini M. d. xl.

Wier jon med gudz nad biskup á holum medkennunst. at vier hofum suo hliodandi bref skrifa latit. vnder jncigli vors kiæra brodurz ogmundar. sem hier fyrir skrifat stendur. og aungu ordi það⁵⁾ aukit nie af tekit. og til sanniñda hier vñ setium vier vortt zignett fyrir þetta bref skrifat j sama stáð sem fyrr seijger.

1) elskulegasta H. E. 2) „rectius Rád“ b. v. HE., sem þó er rangt. 3) herradóð HE. 4) b, v, HE. 5) þar HE,

257.

24. August 1540.

12. Febrúar 1542.

á Hólum.

JÓN biskup selr Brynjólfi bónda Jónssyni jarðirnar Yztamó og Syðstamó í Fljótum, með selför í Flókadal, fyrir jarðirnar Bakka og Steindyr í Svarfaðardal.

Landsbókasafu 61. 8vo, afskrípt gerð fyrir Árna Magnússon „Ex Orig. Sira Þorvaldz Stephanssonar“. — AM. Apogr. 4074 með hendi Jóns Magnússonar bróður Árna „Ex transcripto“ á pappír, útgefna á Þingeyrum 25. Mars 1854 af Kár Bergþórssyni, Illuga Jörundssyni og Guðmundi Jónssyni. — Prentað í Timarit Jóns Péturssonar II, 41—42.

Þath giörum vier sira Eirekur Þoruardsson. Sæmundur Simonarson. auduñ sýgurdsson. jon jonsson Godum monnum kunnigt med þessu uoru opnu brefi. arum epter Gudz burd. M. D. og xl. j felle j slettahlid. Barthalomeus messudag. worum vier j hia saum og heyrðum ä ord og handaband þessara manna Biskups jons af annare alfu. og brýniolfs bonda jonssonar af annare. ath suo fyrir skildu. ath biskup jon selldi greindum brýniolfi jardiñar yzta móó og sydzta móó er liggur j Bardz kirkiu sokn. ad til skildre selför fram æ floka¹⁾dalnum (j jllugastada land²⁾) þar sem at fornu hefer werit. og med ollum þeim gögnum oc gædum sem greindum jordum eiga med laugum at fylgia. Hier j mót gaf nefndur bryniolfur jordina backa og steindyr j suarfadardööl j ualla³⁾ kirkiu sokn med aullum þeim gögnum og gædum sem þeim jordum eiga at fylgia med laugum. skylldu huorer hallda þeim jordum til laga sem keyptu. Og suara laga riptingum æ þeim sem huorer selldu. Og til sannenda hier vm. setium uier fyrr nefnder menn wor jncigle fyrir þetta bref. Skrifad æ holum j hialltadal. sunnudaginn nærstañ fyrir faustu jnngang tueimur arum sijdar enn fyrr seiger.

1) „Þetta ord floka er med annarri hendi. þó gamalli. sett uppi yfir linunne. synest vera krifad med sama bleke og brefed“ (AM). 2) „jllugastada land stendur ut á spatiunne og hier inn bodad. Þad er skrifad med nyarri hendi enn sialft brefed og öðru bleke“ (AM). 3) „vallna 4074 (1).“

258. 24. August 1540. í Haukadal.

ÖGMUNDR biskup í Skálholti gefr Þorsteini Þórðarsyni systur-
syni sínum, jörðina Galmanstungu í Hvitársíðu og tuttugu
hundruð að auk, og gangi Galmanstunga af, þá eigi Þor-
steinn aðgang að Viðimýri í Skagafirði.

AM. 238. 4^{to} bl. 23,^b (Bessastaðabók) skr. c. 1570. — Landsb.
115. 4^{to}, I, 207—208, með hendi síra Jóns Haldórssonar í Hitardal
e. 1720.

Bref vm galmastvngu.

Vier Öggmwndvr med gvdz nad biskup j Skalhollte gior-
vm godvm monnvm kvnnigt med þessv vorv opnv brefe.
Saker þess at vor sýstvrson þorsteinn þordarson hefur j
langa tíma [þionad oss vell og trvliga¹) somvleidis hefur
hann lofad at stýrkia oss og vorum radvm at hlita²) j því
honvm er mogvligt og vier honvm til seigivm. því gefvm
vier honvm og favm j sin þionvstvlavn til fvllrar eigñar
og frials forrædis jordina alla galmastvngv er liggvr j borg-
arfirde j hvitarsidv og þar til xxc med ollvm þeim gognvm
og giædvvm sem greindre jordv fyllger og fylgtt hefur at
fornv og nýiv og vier hofvm fremst eigande at ordit j minna
hlvt og meira at ollv til skilldv enn avngvv fratekuv. skal
greind jord vndañ oss og vorvm epterkomendvm heilagrar
skalholtz kirkiv formönnvm enn vnder hann og hans erfingia.
ef svo er at greind jord kann af at ganga. skal hann eiga
atgang at vidimýre nordvr j skagafirde. skall hann hallda
til laga enn vier suara laga riptingvm. og til sanninda hier
vm festvm vier vortt insigle fyrir þetta bref. skrifad j havka-
dal j(n) festo³) sancti bartolomei anno domini m d xl.

259. 1. September 1540. }
29. Júlí 1547. } á Hólum.

TRANSKRIFT af bréfum um mál Teits Þorleifssonar.

AM. Apogr. 3860 eptir frumriti transkriptsins; allar athugasemdir
um bréfið eru með hendi Árna Magnússonar: „Af Sigurdi Biörnssyne (lög-

1) [so vel og trulega þionad oss 115. 2) hlýða 115. 3) sl. 115.

manne) hefe eg 1707 eignast stort transscriptum a pergament hvers inneballd var“ :

1. Seyludómr 21. Janúar 1527, DI, IX, Nr. 326.
2. Bréf Friðriks konungs I. frá 1. Nov. 1527, DI, IX, Nr. 355 B.
3. Bréf Péturs Pálssonar frá 4. Okt. 1529, DI, IX, Nr. 417.
4. Gjörningsbréf Jóns biskups og síra Brands Rafnssonar frá 19. Sept. 1530, DI, IX, Nr. 452.
5. Alþingisdómr Ara lögmanns 1. Júlí 1538, DI, X, Nr. 130.
6. Bréf Kristjáns konungs III. frá 4. Marts 1539, DI, X, Nr. 166.
7. Kvittunarbréf Friðriks konungs I. frá 14. Sept. 1528, DI, IX, Nr. 389 B.
8. Vidimus Þorsteins Þorgrímssonar og Hákonar Gíslasonar frá 29. Júlí 1547, sem hér er prentað.
9. Vidimus Árna Péturssonar og Audunnar Sigurdssonar frá 1. Sept. 1540, sem hér er prentað.

„Nota: Numeri. 1. 2. 3. 4. 5. 6. 9. eru í þessu transscripto með einne og somu hende. Numeri. 7. 8. eru með annarre hende. báðar þessar með hinne sömu. þar með hanger. Óefad. so saman. þegar bued hefur vered að rita þau 6. fyrstu documenta. hefur vered (og það er audsynlegt á brefenu) lated audt bil fyrir nedan það sidasta documented af þessum 6. nærre 3in fingra breidd. án efa í þanka að skrifa þar á enn nu eitt document. Fyrer nedan þetta auda bil. nedst á brefed. hafa Arne Petursson og Audun Sigurdzson skrifad þeirra vidisse 1540 hvad ed er (sem adur er sagt) með sömu hende. sem þau 6. document. og er þar af synelegt að fyrirsögð 6 document eru í þetta transscriptum ritud 1540. Fyrirsagt auda bil hefur so lömt vered í 7 ár. þar epter er þar í skrifad mille þeirra 6. documenta og transscripti Arna og Audunar. sem adur stödu á brefenu. Friderici 1. bref (Num. 7) og vidisse síra Þorsteins og Síra Hákonar (Num. 8) hvertveggia með einne hende. olikre þeirre sem er á þeim fyrre 6. documentunum. og vidisse (transscripto) Arna Peturssonar og Audunar Sigurdzsonar (Num. 9). Mál þetta so hafa tilkomid. að Arne og Audun hafa þa ecki vered til stadar. og því óriett þott. að lata þetta Friderici 1. bref (Num. 7) comprehendrast í þeirra vidisse. þar þeir það ecki sied höfdu“. Lýsir Arni innsíglunum og hefir innsigli Árna Péturssonar aldrei fyrir bréfið komið; getr hann þess að lýktum: „Original-transscriptum þetta (1540—47) er nu under lok lided.“

Þat giorum við þorsteirn þorgrímsson. hákon gíslason prestar godum monnum kunnigt með þessu ockru brefi. ath við hofum sied og yferlesit suo hlíodande Bref og doma með heilum oskoddum jncíglum sem hier fyrr skrifud standa. Ok til sanninda hier vm setium við ockr jncigli fyrir þetta bref er skrifad var a holum j hialltadal olafsmessu fyrre arum epter gudz burd. M. d. xl. og vij.

Þat giorum vid arne petursson og audun Sygurdzson godum monnum kvnnigth med þessu ockru brefe. at vid hofum sied og yferlesith suo hliodande bref og doma med heilum og oskod(d)um jnciglum sem hier fyrir skrifud standa. Og til sannenda hier vm setium vid ockur jncigle fyrir þetta bref er skrifad var a holum j hialltadal miduikudagen næsta fyrir mariumessu sijdare arum epter gudz burd 0 d xl.

260. 3. September 1540. í Skálholti.

GIZUR biskup Einarsson samþykkir lofunarbréf Ögmundar biskups frá 2. Jan. 1537 (DI, XI) til Pétrs Einarssonar um greiðslu á 40 hundraða jörð og þar til 20 hundruðum í góðum peningum í þjónustulaun Pétrs, og að jörðin Stapi undir Jökli skuli eign Pétrs í þessi þjónustulaun eptir vitnisburði Gísla prests Jónssonar (Nr. 246).

Ríkisskjalasafn Dana, „Island“ Nr. 30, transskript á skinni frá 7. Dec. 1543. — Afskript í Fornbréfasafni Thorkelíns.

Ek Gissur Einarsson superintendens Skalhollts biskupsdæmes giðre godum monnum kunnigt med þessu minu opnu brefi ad eg hefi skodad og yferlesid opid bref biskups Augmundar. huert so inne helldur ad haun lofar Petre Einarsyni. lx. hundrut i faustum peningum og lausum j sin pionustulaun og skilur til at þat skuli uera. xl. hundraða jord og þar til. xx^e j godum peningum. Saumuleides uitnisburd-arbref Erligrar personu sira Gísla Jonssonar huert er samhlioda uerdur greindu biskups brefi og þat at biskup Augmund hafi tilskilid jordena Stapa j Knarrar kirkiu sokn. vpp i þessa peninga. Saker þess at eg hefi eigi heirt nie fornumid þau nauckur aunur¹⁾ skilriki. er skialligre eru. edur þessum hrindi. er Petur Einarssou hefer. list mier adur greind jord Stape vera rettelig eign Peturs Einarssonar. þar firer samþycki eg af minum parte biskupz Augmundar bref fullmyndugt uera j allan handa mata. Ok optnefndan Petur Einarsson fyrrsagða jord mega ad sier taka til fullr-

1) Hér stendr aptr „þau“, en er ofaukið.

ar eignar. Ok til sannenda hier um þrycki ek mitt insigle firer þetta bref. Skrifad 3 Skalhollte faustudagen næstan firer natiuitatis Marie. anno domini M d. xl.

261. 10. September 1540. undir Felli.

DÓMR sex manna, útnefndr af Jóni Jónssyni, kongs umboðsmanni milli Geirhólms og Hrutafjarðarar, um gjafir Ara heitins Andréssonar og Þórdisar heitinnar Gisladóttur til Orms Guðmundssonar.

AM. Fasc. XLIX, 30, frumrit á skinni. Öll (7) innsiglin eru dottin frá.

Þad giorum uær þorleifsson og oddur tuðmasson laugriettumenn. jon bergsson. hafur ormsson. sigurdur halldorsson og jon dagstygsson godum monnum kunnighth med þessu voru opnu briefe. arum epter guds burd. M. d. og xl. ar faustudagin næsta epter Mariumessu seirne um sumarid. under felle. a þingstad rettum uorum uær j dom nefnd-er af ærligum dandemanni jone jonssyne er þa hafde kongs-ins syslv og umbod j millum geirholms og hrutafiardarar. ad skoda ransaka og fullnadardom a ad leggja. um þa akæru er ormur gudmundsson beiddiz þar doms a. hvert afl at hafa skylde þau bref og skilrike sem hann hefde fyrir þeirre gíof er are heitin andresson og hans dandekuinna þordis heitten gísladotter. sem gud begia þeirra sal nade. haufdu gefid honum. kom þar fram fyrir oss bref med dande manna hanganda jnsiglum. huerir hia haufdu uerid. þessum þeirra giorninge. ad are andresson og þordis gisladotter hofdu gefit greindum orme gudmundssyne j sinar lauggjafer suo heitande iarder. kamb. kios. reykiarfiord. naustuik. kesuogr og auik. fyrir sex tige hundrot. og þar med. xx. malnytu kugillde- hier med skylldede opt nefndur ormur gudmundsson rettliga at sier mega taka adur greinda peninga þar þeir stædi þegar ormur uæri leystur af faudurgarde. Saumuleidis haufdu suarid fullan bokareid epter sinum jnsiglum. suo heitande menn bergur tuðmasson og gunlaugur gunlaugsson og þorleif-ur bonde palsson medkendiz j sinu brefe at hann hefde tecid

fyr sagða eida epter þui sem bref þar um ut uisa. Nu af þui at suo stendur j uorre lands laga bok. at eingin ma iordu sinne fyrirgera nema hann uegi skemdaruig. eda gere nidingsuerk. jtem j annare grein stendur suo skrifad. þo nockur falle j obotamal. sem gud (late) ei ske. utan landrad. eda drottinsuik. þa skulu erfingiar taca allt halft. j þridiu grein seiger og suo at huer madur ma gefa fiordungsgiof sina huerium sem hann vill eda adrar sinar lauggiafer. Vissu uier og eingin þau brot eda misfelle suariu nie saunn giord ad are heiten andresson og þordis heiten gisladotter hefde eigi matt gefa sinar loggiafer. og fyrir þessar greiner og adrar fleire þær sem at þessu male hniga. at suo profudu og fyrir oss komnu dæmdum uer fyr nefnder domsmenn med fullu doms atkuædi fyr saugd bref og skilrike sem ormur bonde gudmunsson hefur fyrir sagdri giof myndug og skialig j allan matar og giofina laugliga og þa fyr sagða peninga hans eign uera og uerid hafa sidan fyrskrifadur ormur var leystur af faudurgarde. og hann retteliga at sier mega taka greinda peninga þar þeir stæde sem brefin jnni hallda þo einginn afgreidde. þuj uirtest oss fyr nefndur are heiten andresson allðri hafa matt gialld(a) eda burt fa nockrum maune fyr sagða peninga.

Samþykte þenna uorn dom med oss fyr nefndur kongs umbodsmann og setti sitt jnsigle med uorum fyr nefndra manna jnsiglum fyrir þetta domsbref. huert skrifat var sama stad og dag sem fyr seiger.

262. 22. September 1540. á Svalbarði.

MÁLDAGI og reikningskapr Svalbarðskirkju á Eyjafjarðarströnd, er Jón bóndi Magnússon gerði „biskup Jóni, þá hann reið sína visitationem“, og tekr reikningrinn yfir 22 ár, er Jón hefir haldið kirkjuna (1518—1540), og 23 ár, er (Magnús Þorkelsson) faðir hans hélt (1495—1518).

A.

AM, Apogr. 192 „Ex originali Svalbardensi accuratè“ (AM). „Und-er brefenu hafa vered 4. innsigle. Nu eru eigi tilbaka nema brot af því fyrsta, sem hefur vered biskups Jons“ (AM).

Þat giorum vier Olafur hialltason. Einar hallzson, þorsteinn hallzson prestar godum monnum kunigt med þessu voru opnu brefi at vier vorum þar j hia saum og heyrðum æ at jon boñdi Magnússon giorde suo orden reikning Biskup Joni þa hann reid sijna visitationem af kirkiunnar eign æ Sualbarde æ Eyafiardarstrond sem hier epter stendur skrifa(d). J fyrstu greind kirkia æ jordena tungu og iordena Breidabolstad. Jtem jnnan kirkiu kross yfer alltare, þhesus likneski. Mariu likneski, ij. jons baptiste og jons postula, þorlæks mynd og Gudmundar. Magdalenu skript, kluckur ij. og j litil. Jtem j skruda Messuklædi alfær forn, serkur og hokull fanyt, hokull godur af silki hringofinn, altariss bunadur allur forn, corporall forn med husi, sloppur og kæpa, dukar iiij, yfer likneskivm, jarnstikur ij, fyrir likneskium og, ij. æ alltare, kalekur og lasin patina, fonthufa forn. Jtem j bokum, Grallare og sequentiubok, Messubok syngiande med pistlum gudspiollum og oracium, fra paskum og til adventv, onnr lesandi med sama hætti fra aduentu til paska, þridia med sama hætti fra aduentu til trinitatis, syngiandi historiubok med lesi messum og sequentium fra aduentu til ix vikna postu, de tempore et de sanctis, istoriubok fra adventu til paska, de sanctis bok syngiande fra jonsmesso baptiste til aduentu, lesbok de tempore fra aduentu til paska, de sanctis bok syngiande med ymsum istorium, lesbok de sanctis og þo ecki full sumstadar fra jonsmessu baptiste til annunti(aci)onem marie, orda og saltari godur, processionale, kirialskuer, jrsk messobok med commonsmessum og cana, lesbok vond og mæd æ sumar de tempore, ij messobokar skrædur, og iiij, vondar skrædur af historium, historiubok fra paskum til aduentu vijda mæd og skafin, merki og glodarker og hialmur af kopar, Jtem lagdi jon Bondi Magnússon til kirkiunnar æ sualbardi fyrir þad portionem sem fallid hafdi medan hann helt vñ. xx. og ij. ár og hans fader vñ xxiiij ár, J fyrstu tuenn messoklædi alfær og ny, alltarisklædi dockt, vigsluduk og corporal nyañ, glodarker og mork mirru, messobok goda kringum ærit med ollum messum de tempore et de sanctis med cana og hatijda sequentium, saltara sæmiligañ, bok med specialis messum og memorium syngjandi og vazvigslum.

common syngiande med officio salmorum med lesi og commonsmessum lesandi. Jtem commonskuer syngjanda og lesanda med nyia halldi og kirkiudeige. Jtem messobok fra paskum til trinitatis. Jtem syngiandi messobok med hatidamessum og nockrum specialismessum. gamallt brefere vtlendzt kring v̄m ærit med kalfskinn. Capitularius de sanctis. historiubok fra andree til annunciacionem marie. Sequenciubok de tempore. historiukuer af kirkiudeige og ollum helgum. kirial. Mæssudagakuer. hialm godaþ fyrir Joannes. Daujds likneski forgyllt. og. ij. stiaka forgyllta. Jtem alltarisklæde gott og brun sæmiliga. er Jon Bondi gaf j Testamentum efter Ragnheide heitina Petursdottur husfreyu sijna. Gud hennar sæl næde. Jtem nya kistu flatlokada og metaskaler. Jtem lagdi Jon bondi til kirkiunnar. x. mælnytu kugilldi og .xc. j virðingagoze. hier med gaf og giorde verdug herra biskup jon fyrrnefndaþ jon boda magnusson auldungis kuittan og akiæru-lausan v̄m allaþ reikningsskap og kirkiugoz sualbardz kirkiu forn og ny at golldnum sogdum peningum. kunni nefndur jon bondi aftur at kiæra kirkiunnar vegna þa peninga sem ranglega hafa verit frá henni hafðer þa skal hann eignazt þar af suo miked sem hann hefur borgad af þeim .xx. hundrudum sem honum bar ecki at suara greindre kirkiu fyrir sig eda sinn fodur, Og til sanninda hier vin setium vier Biskup jon vort insigli med fyrskrifadæ manna insiglium fyrir þetta bref er giort var æ adur nefndu sualbarði die Mauricii anno domini .M.^o.D.^o. xl^o.

B.

Máldagabók Ólafs biskups Hjaltasonar (og Jóns Arasonar) í Landskjalasafninu í Reykjavík, bls. 36—37, með samtíða hendi, að því er virðist síra Sigurðar Jónssonar á Grenjadarstað. — AM. Apogr. 198.

Sualbardz kirkiu reikningur af biskup Jone
tekenn anno 1540.¹⁾

Anno domini M d xl in die mauricii. a sualbardi ð eyfiardarstraund þa biskup jon giordi sina uisitacionem. giordi jon bondi magnusson kirkiunne a sualbardi suo ordin reikningskap sem hier epter stendur skrifat.

1) Með hendi Gudbrands biskups.

Jn primis greind kirkia á jordina tungu og jaurdina breidabolstad.

Jtem innañ kirkiu kross yfer alltare. jesvs likneske. mariu likneski. ii jons baptiste og jons postula. þorlaks mynd og gudmundar. magdalene skript. kluckur iii og ein sma klucka. Jtem J skrudu. messoklædi alfær forñ serkur og haukull. fanyt. haukull godur af silki bringofin. alltarisbunadur allur og og þo forñ. corporall forñ med husi. dukar iii yfer likneskium. jarnstikur ii fyrir likneskium og ii a alltare. kaleikur brakadur og lasin patina.

Jtem i bokum grallare og sequenciubok. messobok syngiandi med pistlum gudzspiollum oracionum frá pðskum til atveintu.¹⁾ Onnvr lesandi med sama hætti fra atueñtto²⁾ til paska. þridia med sama hætti fra aduentu til trinitatis. Jtem syngiandi historie med lese messum og sequencium fra aduentu til niu uikna faustu de tempore et de sanctis. historie bok syngiandi fra aduentu til paska. historie bok²⁾ de sanctis fra jons messo til aduentu. lesbok de tempore fra aduentu til paska. de sanctis bok syngiandi med ymsum historium. lesbok de sanctis og þo ecki full svmstadar fra jonsmesso baptiste til añnunciacionis marie. orda sæmeleg. psalltare godur. procesionale. kirialskuer. irsk messobok med comonsmessum og cana. lesbok uond og mad a sumar de tempore. ii mессobokaskrædur. og iii uondar skrædur af historium. historiebok syngiandi fra paskvm til ad aduentu uida mad og skafin. sloppur og kapa. font hufa forn. merki og glodarkier. hialnur med kopar.

Jtem lagdi jon bondi magnusson til kirkiunnar á svalbardi fyrir þat portionem sem fallit hafdi medan hann hiellt vm xx og ij ar og hans fader vm iij og xx ar. J fystu ij messoklædi alfær og ñij³⁾ alltarisklædi dockt. uigsluduk og corporal. glodarkier og mork myrru. messobok goda med aullum messum kring um arid de tempore og de sanctis med cana og hatida sequencium. psaltara sæmeligan. bok rued specialis messum. og memorium syngiandi og uatzs vigsly j comone sanctorum syngiandi og officio salmorum med lesi og commons messum

1) Svo. 2) Hér stendr í hdr. „fra“ ofaukið. 3) mætti og lesa „iiij“, sem ekki fær staðizt.

lesandi. jtem comonskuer syngianda og lesanda med nya halldi. og kirkiu deigi. jtem messobok fra paskum til trinitatis. jtem messobok syngiandi med hatida messum (og) nockrum specialesmessum. gamallt brefere med kalfskinn vtlenskt vm arid. capitularius. historiebok de sanctis fra andree til aünuncia-cionis marie. sequenciubok de tempore. historiekuer af kirkiu-deigi og aullum helgum. kirial. hialm godan fyrir johannes. messodagakuer. dauids likneski forgyllt. ii stiaka gyllta. jtem alltarisklædi gott med sæmeligre brun. er jon bondi gaf j testamentum epter ragneide heitina pietursdottur husfreyu sina. gud hennar sal n̄di. jtem n̄ya kistu flatlokada.

Jtem lagdi jon bondi til kirkivnar x malnytu kugilldi. og xc i uirdingagozse. hier med gaf og giordi uerdug herra biskup jon fyrr nefndan jon bonda magnusson ollungis kuittan vm allan reikningsskap og kirkiugojs sualbardzs kirkiu forn og ny at gollndnum adur saugdum peningum. gud giefe til lucku amen amen.

Hafdi biskup jon fra sualbardi epter fyr skrifadan reikning þessar bækur sem hier epter skrifat stendur. sequenciubok spialldalause og irska messobok og eitt kuer med iii historium. de corpore christi. og festum reliquiarum og omnium sanctorum. transfiguracionis domini. skipadi biskup greindar bækur til liosauatnz.

263.

22. September 1540.

í Lambey.

Dómr tíu presta (útnefndr af Gizuri biskupi Einarssyni) um, að Gizur biskup mætti heimta fullan og allan þann reikningsskap Skálholtsstóls, er Ögmundur biskup meðtók eptir forvera sinn Stephán biskup góðrar minningar, með öðru fleira.

A.

AM. 232, 8vo bl. 117b—118a. (CCI). Bréfabók Gizurar biskups í framriti. — AM. 266, Fol. bls. 107 (Bréfabók Gizurar biskups í afskrípt sira Haldórs í Reykkolti 1654—57) og AM. Apogr. 2806.

Domsmenn j lambeyiardomi um reikningskap Schalholtzkirkiu miduikudaginn næstañ epter mattheusmesso Anno domini. m. d. xl. Þorleifr Ɔirekson. Snorri hialmsson. Bryni-

ulfur halldorsson. jon gislason. jon þordarson. hoskulldur k(oll)grimson. jvar amundason. jon steinsson. pantaleon olafsson. jon jonsson prestar Schalholtz biskupsdæmis. Dæmdu þeir með fullu doms atkuædi at eg mætti með rettu heimta þann fulla ñ og alla ñ reikningskap sem biskup Augmund medtok epter suum predecessorem (pie memoria) biskup Stephan. Saumuleidis brigdur a bera allar þær iardir. sem j burtu uæri feinguar og ecki selldar með kirkiunnar radi. elligar þær eno somu iarder eda peninga sem komit hefði j stadinn ef mier likadi ad taka. var þa j þad sinne sierliga tileinkud jordin reykir j auluesi. Enn um þau sakferli sem kirkiunni sialfri hofdu uerit dæmd. kom þeim ecki saman.

B.

AM. 266. Fol. bls. 125. (CCXLIV). Bréfabók Gizurar biskups í afskript sira Haldórs í Reykholti 1654—57.

Samþykkt og giord efftirskrifadra dandumanna j lambey midvikudaginn næstan efftir Mattheusmesso Anno domini 10 d. xl huorier ad voru siera Þorleifur Eirekson officialis. siera Snorre Hialmsson. siera Bryniulfur Halldorsson. siera Jon Gjsslason. siera Jon Þordarson. siera Hoskulldur Kollgrjímsson. siera Jvar Amundason. siera Jon Steinsson. siera Pantaleon Olafson. sira Jon Jonsson et cetera.

primo ad eg mætti með riettu heimta þann fullan og allan reiknijngskap sem biskup Augmund medtok efftir sinn predecessorem pie memorie biskup Stephan.

Somuleidiz brigdur a bera allar þær iarder sem ecki j burtu væri feing(n)ar og ecki selldar með kyrkiunnar radi. Ellegar þær hinu somu jardir eda penjnga sem j stadinn hefði komid ef mier hjkadi ad taka. Greindi eg til nefniliga reyki j Olvesi.

Vm þau sakferli sem sialfri kyrkiunni hefði verid til dæmd kom fit greindum kiennimonnum ecki saman.

tanto peius.

264. [September 1540].

BRÉF Gizurar biskups til (Haldóru Sigvaldadóttur) abbadisar í Kirkjubæ um útgerð manns til vertíðar vegna biskups.

AM. 266. Fol bls. 125 (CCXLIII). Bréfabók Gizurar biskups í afskrift síra Haldórs í Reykholti 1654—57.

Heidarsamligr¹⁾ personu.

Salutem per christum.

Witid kæræ syster fru Abbadijs ad mic hefur so vñ-huxast síðan vid skilldum ad betur mundi fara ef yður þætti so meiga vera ad þier villdud gíefa einum mijnum manni mat til vertíðar og giora hann vt effúr það j vetur vpp a minna vegna helldur enn þier giorid yður nockud omak vm það sem þier vid mig toluðud. bid eg yður et cetera.

Jtem sendt mier fra kyrkiubæ hest og smior a og eitt nau.

265. 23. September 1540.

MINNISGREINAR Gizurar biskups um ýmisleg efni.

AM. 266. Fol. bls. 125—126 (CCXLV). Bréfabók Gizurar biskups í afskrift síra Haldórs í Reykholti 1654—57.

Jtem fieck Bondin Sæmundur mier xxix alna langt trie er liggur austur a midbælizfiorum.

Jtem selldi broder²⁾ Aaugmund³⁾ Runolfi Þorsteinssyne halfa jordina gellingalæk fyrir Villhýngadal j Daulum.

Jtem fimtudaginn næstan effúr Mattheusmessu feck eg Gizur⁴⁾ til formanz og lofadi honum ad lata giora skipid ferdugt ad aullu og giallda honum j godri reidu sitt formanzkaup Anno 1540.

Jtem sendi hustruen efter þeirri tunnu miolz er mier heyrði til.

Jtem effter ij tunnum maltz thil Bessastada.

1) Svo. 2) „*corrig(endum) puto*: B. 3: biskup“ AM. 3) Svo. 4) Gur (!) hdr. „*forte*“ Gizur“ (AM).

Jtem þal fusason eftir audrum ij tunnum maltz.

Jtem feingid pale fusasyni halft anad hundrad jarnz j Holmum.

Jtem fieck hann mier segl er hann sagdi nytt. Enn eg lofadi honum quittan fyrir sijnum tjundum Anno 1540.

Jtem fieck sira Gysle Nichulasson mier halft skip er krossenum hafdi verid giefid enn b(iskup) Augmund hafdi ad sier tekid og haft fra krossenum. Willdi sira Gysle bitala aftur krossenum fyrer sama skippart. Woru þessir vitnizmenn sera Stephan Hallkelsson. Oddur Gudmundsson.

Jtem er eg skyldugur Stephani Hallkelssyni verdi fyrer fodradan stack dockvan er hann fieck mier.

Jtem feingid sira Stephani kugillde hier vppa.

Jtem er siera Einar ecki mann til ad hafa þjngin sem er Nups kyrkiu med bænhusinu skridufelli og haga. þui eru þau mier bifalandi sira Þordi a hofi.

266. [Septemberløk 1540].

SENDIBRÉF Gizurar biskups til Ögmundar biskups, helzt um reikningskap stólsins og óvinsamleg orð, er þeir hafi spurt hvor til annars.

AM. 266. Fol. bls. 126—127 (OCLVII). Bréfabók Gizurar biskups i afskript sira Haldórs i Reykholli 1654—57.

Favor et benevolentia.

fieck eg yduart brief B(iskup) Augmund sunnudaginn næstañ fyrer nativitalis marie¹⁾ huad jnnehielt ad ydur væri sagt margt og otruanligt fra mier sem væri sierliga ad eg tæki ad mier ydra þenynga sem alldrei hefur komid vid Schalholltzstyeckti og þessu kynni þier varla ad trua sakier þess eidz er eg hafdi suarid ydur j mine vjgslu. huar til eg suara ad það uotum sem eg giordi er enn til syniz j dag. suo og finnast einbuorier flejre enn þier sem það heyrdu. Enn ydur hefi eg ecki juramentum giortt. Somuleidiz gatú þier þeirra(r) lofanar er eg hefdi lofad herra kong-

1) þ. e. 5. Sept. 1540.

inum jtem kiennemonnum skalholltz Biskupsdæmiz. er eg ecki neinz þessa ominnugur. Vackti huer sem best sjna eida og lofaner. Er ydur uel vitanligt huad þier sorud j juramento episcopali vos nolle a novo infeudare sev alienare bona Ecclesiæ vobis commissæ. mun ydur vera kunnigast huorsu þad hefur haldest þar ed þier hafid selldt og j burtu feingid domkyrkiunnar fasta eign og peninga j ymsum stodum suo hun misser nu bæde þeirra jarda og peninga sem afftur j stadinn hefur komid. huar þeim dandi monnum sem eg hafda samtali vid a¹) ydrum radum þicki(r) eg ecki yfer þeigia meiga. þui beidunst eg og kref kyrkiunnar vegna ad þier standid eda latid standa þennañ og annann reikningsskap er ydur ber. vitid þier vel huihjka menn þier hafid þa hier til (halldit) sem vnder sig hafa dreigid kyrknanna eignar eda þa sem ecki hafa viliad standa þeirra reikningsskap. Giarnan vil eg ydur ecki styggia þo eg verdi hier vñ ad tala og ecki skuli þier med sonum¹) spiria þuilhkt ordtæki eda tillaugur fra mier ydar vegna sem eg hefi sannspurt fra ydur og þeim er ad ydur standa til mjn. Gangi osz ollum ad almattugz gudz vilia og vjst skal eg ongvan hast edur ovilia til ydar hafa enn sjdur fordiarfa sialfan mig somuleidiz ecki kunnur ne sannur ad þui verda ad lata ecki alla efftir mjnu megni niota gudz laga og manna ad helldur ydur. Hefi eg sem goder menn vita onguar hægdir a neinum hlutum so ydur ne neinum meige stor styrkur ad vera ad suo bunu.

liet eg lata til sem pilturinn ydar vitiadi. Enn Thumas sogu hefi eg lied j burt.

modo non plura scribo præter ha(e)c quod vos deo commendo.

267. 24. September 1540. á Espihóll.

Jón biskup á Hólum selr Einari Brynjólfssyni 20 hundruð í jörðuoni Hjálmsstöðum í Eyjafirði fyrir jörðina Ytrahól í Kræklingahlíð, með þeim greinum, er bréfið sér líkast hermir.

Landsbókasafn 61. 8vo, afskript gerð fyrir Árna Magnússon „Ex

1) Svo.

originali Sira Jons Torfasonar á Breidabolstad^a (AM.). — Prentað í Timarití Jóns Pétssonar II, 42—43.

Vm hol í kræk(lingahlíð).¹⁾

Þath giorvm vær jon philippvsson. Biörn Þorgilsson prestar. magnus Bryniolfsson. Jon gvnsteinsson leikmenn Godvm mðnnum kvnnigt med þessv vorv opnv brefi. þá lidit var frá gvdz býrd 10 d xl ár á hrafnagile j eyjafirdi fimtvdaginn næstan fyrir mikaels messv.²⁾ vorvm vier j hiá sávm og heýrdvm á ord og handaband verdugz herra jons med gvdz náð biskup(s) á holvm og Einars Bryniolfssonar. at suo fyrir skildu at biskup jon selldi nefndum Einare til fullrar eignar xx^c j jorðvne hialmstodum j eyjafirdi er liggur j hrafnagils kirkiv sokn. Enn fyr nefndur biskup jon gallt ástríði jonsdottur x^c vpp j greinda jorð hialmstadi vegna arnfins Einarsonar j þá sæmd er arnfinnur vard henne skyllvgur j tilgíof. Selldi áður skrifadur biskup jon fyr nefnda jorð hialmstadi med avllvm þeim gognvm og giæðvm sem henne hefer fylgt at fórnv og nyiv og ecki er med logum fra komit. Hier j mot gaf Einar bryniolfsson ýtrahol j [kvæklingahlíð³⁾] fyrir xx^c er liggur fyrir ofan skialldarvík j glæsibæiar kirkivsokn med avllvm þeim gognvm og giæðvm sem henne hefir fylgt at fornv og nýv og ecki er med logvm fra komit. skýllði hvorer halda þeirre jorðv til laga sem keypti. Enn sá suare laga niptingv á þeirre jorðv sem selldi. Ogh til sannenda hier vm setti herra biskup jon og Einar bryniolfsson sin jncigle med vorvm [fyrir skrifvdm⁴⁾] manna jnciglum fyrir þetta jorðakaupsbref. skrifat á espeholi j eyjafirdi á sama áre og deigi síðdar enn fyrr segir.

268.

3. Október 1540.

í Möðrufelli.

ORMR Sturluson fær Ara lögmanni Jónssyni til fullrar eignar jarðirnar Kjarlaksstaði á Fellsströnd og Ormsstaði á Skarðsströnd, en Ari lofar í mót 30 hundraða jörð í Eyjafirði og þar til peningum sem þessar jarðir sé dýrari.

1) Þetta segir Árni, að staðið hafi utan á frumritinu „med hendi herra Gudbrandz“. 2) þ. 23. Sept. 3) [Svo.

Landsbókasafn 61. 8vo, afskript gerð fyrir Árna Magnússon „Ex orig. Stadarhol.“

Ég Ormur Stullason giðre godum monnum kunnegt med þessu minnu opnu brefi að eg hefe feingit ara logmanne jonzsyni til fullrar eignar jardinar kiarlaxstadi er liggur j fellzþingum og Ormzstade er liggvr j Skardz kyrkiusokn med þui skilorde. að greindur are jonson hefur lofad at fa mier hier fyrir xxx hundrada jord fyrir nordan j Eyafjrdi og þar til peninga svo mikla sem þessar jardir eru dyrar til. kunne greindar jarder að laugsækiazt af Ara Jonzsyni med riettu laugmðle þa skal ec svara æ þeim lagariptingum enn greindur are halldi þeim til laga. Og til sanninda hier um set ec mitt jnsigli fyrir þetta bref er skrifat var i modrufelle j eyafjrdi sunnudaginn næstan epter mickales¹⁾ messo þa lidit var fra Gudz burd. 0 d. xl. ar.

269. 22. Oktober 1540. í Spjaldhaga.
7. Maí 1544. í Saurbæ.

DÓMR sex manna útnefndr af Ara lögmanni Jónssyni, er þá hafði kongsins sýslu í Vöðlupingi, um framfæri Halldóru Jónsdóttur, frændkonu Þorsteins bónda Finnbogasonar.

Landsbókasafn 61. 8vo, afskript gerð fyrir Árna Magnússon „Ex originali. Originall synest þetta að visu að vera, þó sieu öll innsiglin burtu. skriften er að visu þeirrar alldar“ (AM.). Strykað er í afskriptinni undir ýms orð og stafi til merkis um, að það hafi úr frumritinu fúnað verið. Það er hér sett í hornklofa.

Þat giorum vær Arni Peturson. Jon Þorlaksson. Þorsteinn Simonarson. Biorn Þorvalldzson. Arni Olafsson og Kolbeinn Jndridason godum [mönnum] kunnigt med þessu voru opnu brefe. arum epter gudz burd M. D. og xl. a faustu-daginn næstañ fyrir Simonis et Jude j Spjaldhaga j Eyiaffirde] vorum vær til dðms nefndir af Ara Jonssyni logmanni. er þa hafði kongsins sýslu j Vodlupingi at skoda og ransaka og fullnadard[om] æ at leggja um þð fatæku konu. Halldoru Jonsdottur. er þð var vanfær og at þrotum kom-

¹⁾ Svo,

en og framfærslulaus at þui oss sýndizt]. Svo og taldi hun fyrir oss at hun væri manni firr enn sýstrungur vid Þorstein bonda Finbogason. Nu medur þui at lögmalit svo til vijsar [at] omagi skal dæmazt og færast fram j ætt þar til þann bitter er forlagseyrir hafi fyrir hann at leggja. vissum vær aungvan skylldara s[agdri] Halldoru þann et forlagseyri hefði, heldur enn nefndañ Þorstein Fimbogason. Þvi dæmdum vær fyrgreindañ Þorstein Fim[bogason] skylldugañ at veita sagdri Halldoru fulla hiðlp og framfærslu, utan greindur Þorsteinn kunni at sýna med skilæiki at ann[ar eigi] greinda Halldoru fram at færa at rettum logum, þa skylldizt optnefndur Þorsteinn til at flýtia sagda Halldoru þeim æ h[ond] er hana æ fyrir laga saker fram at færa med þingmanna domi eda logmannz urskurdi, enn þa Jsleif bonda Sýgurdzson og Sira Thorfa Jo[ns]son skyllduga at flýtia adur nefnda Halldoru nordur til Þorsteins Finbogasonar, og þeir skylldugir at annæzt hana þar til hun v[er]dur flutt]. Sampyekti þennan vorn dom fyrrgreindur valldzmann Ari logmann. Og til sanninda hier vm setium vær fyrskrifader menn vor j[nsigli] fyrir þetta bref er skrifat var j Saurbæ j Eyiafirdi midvikudaginn næstañ epter krossmesso um vorid. [florum ærum¹] sidar enn [fýrr seiger].

270. 7. Nóvember 1540. í Skálholt.

GIZUR biskup stefnir Kolbeini Ólafssyni fyrir sig í Skálholt 17. December, er nú næst kemr, um hjónaband hans.

AM. 266. Fol. bls. 127. (CCXLIX). Bréfabók Gizurar biskups í afskript sira Haldórs í Reykholti 1654—57.

Æg H. sakier þess Kolbeinn Olafsson ad hionaband yckar Sigridar Einarzdottir²) fer ecki so skiælliga sem tilheyrilegt væri þar sem þid hafid yckur þo fyrer loglig hion vm langañ tþjma halldid og svo af ødrum halldiñ verid. þui kalla

1) [*florum ærum*, stendur þar med fullum stöfum, enn eg true þad se misskrifad Eihvern veginn, þvi: hver atti ad annæzt omagan so leinge? (AM). 2) Svo,

eg þig j skalhollt og vil að þu komer til suarz hier vñ faustudaginn j ymbruviku a jolafaustu¹⁾ nu næst er kiemur so þetta meigi med godra manna skodañ og aliti færast til godz efniz. Byd eg og bifala þingaprestinum að lesa þetta mitt brief fyrer þier og þrycki sýdan sitt insigli hier a til vitnizburdar og sendi mier sýdan briefid afftur. Og til sanninda. skriffað j skalhollte sunnudaginn næstan fyrir Marteinzmesso arum efftir gud(s) burd Ɔ d xl.

271.

11. Nóvember 1540.

GIZUR biskup fær síra Guðmundi Jónssyni eyðikotið Skaldabúðir í Gnúpverjahreppi í ráðsmannskaup, en Skálholtsstaðr hafi þar æ jafnan kaplabeit eptir þörfum.

AM. 266. Fol. bls. 127. (CCXLVIII). Bréfabók Gizurar biskups í afskrípt síra Haldórs í Reykholti 1654—57.

Skaldabuder j steinsholtz kyrkhusokn.

Giori godum monnum kunnugt med þessu mjnu opnu brefi að eg hefi golldid erligri personu síra Gudmunde Jónssyne radzmanni j sitt kaup Eydikotid²⁾ huort domkyrkiune hefur tilheyrdt thil fullrar eignar og fríalz forræðiz vndir hann og hanz erfingia j svo mata að Skalholltzstadur hafi þar æ jafnan kaplabeit efftir þörfum med ollum þeim gognum og giædum sem greindu koti fylgir og fylgt hefur að fornu og nyu.

Og thil sanninda ipso die Martini episcopi Anno 1540.

272.

16. November 1540.

SAMKVÆMT Alþingissamþykkt nú í sumar, að standa skyldu fullmyndugar þær veitingar, er prestar hefði fyrir þeim stöðum, er erkibiskupsveizla væri á, biðr Gizur biskup alla menn, lærða og leika, að síra Árni Arnórsson (í Hitardal) mætti ekkert ómak biða um sinn stað. — Minnisgrein um prófastsdæmi um Mýrar.

1) þ. e. 17. Dec. 2) Svo; nafnið vantar hér.

AM. 266, Fol. bls. 127—128. (CCL). Bréfabók Gizurar biskups í afskrift síra Halldórs í Reykholti 1654—57. — Prentað á latínu í F. Johannæi Hist. Eccl. Isl. III, 192—193 (neðanmáls).

Anno og 40.¹⁾

Eg Gijssur [—] et cetera.

sakir þess að svo var samþykkt af kiennimonnum schalholltz Biskupsdæmiz nu í sumar æ alþingi að þær Collationes skyldi fullmyndugur vera og hljfa sem prestarner hefði fyrir þeim beneficijs sem erchibiskups veitsla væri æ svo þar mæltu þa ongver a moti sem margir goder menn vita. þui vil eg kærlega þar vm bedid hafa alla dandizmenn lærda og leika þar til að styrkia að þetta mætti so halldast og að þesse dandimann síra Arni Arnorsson bide ecki framleidiz neitt omak helldur að allt meigi standa með frj og mak þad sem honum og hanz stad tilkiemur. annarz mætti nockur vandrædi af hliotazt þui verr. þui vil eg þetta godu forskullda við alla og sierhuoria.

Og til sanninda hier v̄m xvi kalendas decembris.

pro memoria.

Lofað síra Loffti Narfasyne þeim profastzparti sem síra Þorleifur hefur a millum langær og hitarær.

273. 19. Nóvember 1540. á Heggstöðum.

DÓMR sex manna, útnefndr af Oddi bónda Tumassyni í umboði Erlends lögmanns Þorvarðssonar, um gjöf Kristínar Þorleifsdóttur til Lopts Rögnvaldssonar, þar sem hún gaf honum jörðina Ytrahólm á Akranesi.

Frumbréfasafn JSig. Nr. 16, afskrift á skinni frá c. 1650 af transskripti frá 15. Maí 1577, komin frá Páli sagnfræðingi Melsted, sem fékk bréfið ²⁸/₂ 1842. Sbr. Nr. 275.

Ollum monnum þeim sem þetta bref sia edur heira senda Gudmundur Gudmundzson. Jon Jonzson. Biarne Olafzson. halldor oddzson. Jon Jonzson. Jon halldorzson kuediu Gudz oc síjna kunnigt giorande. þa lidit var fra hingatburd vorz herra iesu christi M. D. xl. ðr a föstudagenn næsta

1) Svo = 1540.

fyrir presentatio Marie virginis a heggstodum a þingstad riettum vorum vier i dom nefnder af ærligum dandimanni Odde bonda Thumassýne er þa havde¹⁾. umbod Erlendz þorvardzsonar lögmannz fyrir sunnan oc austan á islandi til at skoda rannsaka oc fullnadardom a at leggja um þat mal sem sira þorleifr Eirekzson beiddezt þar doms á huort su gíof skulldi löglig vera edur ecki. sem kristin þorleifzdottur¹⁾ gaf Lopte Rógnvalldz sine med samþike sona sinna. item i firstu grein kom þar fráñ fyrir oz bref oc inncigle logmannz-enz Erlend(s) suo latande. at Oddur Thumasson skilldi fullt valld til hava¹⁾ at iafnfullu sem hann sialfur doma ut at nefna um þau mal sem sira þorleifur beiddiz þar domz a. sem til heirdi um jordena ytra holm a akranese. Jtem i annare grein hovum¹⁾ vær heirt oc sied yferlesen bref Kristinar Þorleifzdottur oc Einars sonar hennar med þeirra oskoddudum innciglum. i huorium suo stod at adurnefnd Kristin gaf Lopte Rógnvalldz sine iordina alla ytra¹⁾ holm. so sem huu vard fremzt eigandi at. Enn i brefe Einars Eirekzsonar stod suo inne at hann havde¹⁾ gefit Oddur sinne Kristinu optnefnda jörd holm halfa til fullrar eignar at hun skillde hana gefa mega huorium hun villdi. item i þridiu grein kom þar fráñ fyrir oz bref med inncigle lögmannz-enz Ellendz suo latanda at hann samþikti þeza adurgreinda giöf oc giorninga Kristinar oc Einars lögliga oc minduga i allañ mätta og obrigd-anliga af þeim brædrum Þorleife oc Einare. item stendur suo i landzlaga bókinne. at allar þær giafer og giorninga. sem huor madur giorer vitandi og viliande med handsólum má hann aldrei sialfur riufa at logum. Suo og i annare grein kemzt madur alldreit til skulldar sinnar epter hiun dauda nema med vottum. Oc at øllu suo profudu oc fyrir oz komnu. dæmdum vær fyrr nefnder domzmenn med fullu domz atkuædi jordena alla ytra holm á akranese vera oc verit hafa rietta eign Loptz Rognvalldzsonar sýdan Kristin þorleifzdottur¹⁾ gaf honum hana oc allt til þez er hann selldi þrattnefnda iörd þeim prestum Sira Þorleife oc Sira Lopte. So og dæmdum vier alla þa giorninga onyta og at ongvo halldande sem Einar Eirekzson hevur¹⁾ giort um adur greinda jörd Holm

1) Svo.

sýðan fyrzter hann gaf hana i valld modur sinnar Kristinar. Enn ef Einar leider þau vitne sem Brandur Gudmundzson vændezt fyrir lögmannenum i vor a Jndridastöðum. at möð-er hanz Kristin hefði lofat honum peningum fyrir titt nefnda ierd Holm þá skilddi þeir honum riett heimtir at Sýra Þorleife bróður sinum suo nicit sem a hanz part kiæme. enn Jørdeñ standa sem komen er.

Sampikte þenna vorn dom fyrr greindur umbodzmänn Oddur Thumazson oc setti sitt inncigli med vorum adur greindra manna innciglium fyrir þetta domzbref. huort skrif-at var ð feruþakka ð sama ari. degi sýðar enn fyrr seiger.¹⁾

274. 24. November 1540. á Hólum.

DÓMR tólf presta, út nefndr af Jóni biskupi á Hólum, um gjöf þá, er Teitr heitinn Þorleifsson gaf guði og sankti Jóhannes í sitt testamentum jörðina Glaumbæ i Skagafirði að sér frá föllnum.

AM. Fasc. XLIX, 28,^a frumrit á skinni. Af 13 innsiglium eru nú 3 fyrir bréfinu. — AM. Fasc. 28^b, transskript á skinni frá 20. Janúar 1579. og eru fyrir því öll (4) innsigli. — Bæði þessi skinnbréf eru úr safni Hólastóls og stendr aptan á þeim „sk“ (= skilist). — AM. Apogr. 3714—3715.

[1540 Glaumbær Giefin J Testamentum Gude og Sanct Johani.²⁾ [Glaumbæiar Domur.³⁾

Þat giorum vier broder Petr med gudz nóð úþoti á munkaverðá. Biorn ionsson rædzmann holadomkirkiv. Sigurdr ionsson. torfi ionsson. olafur hialltason. tvmas eireksson. tvmas ionsson. magnus gudmundzson. Gisli sigurdzson. jon magnusson. jon gudmundzson. þorvalldr olafsson prestar holabiskups dæmis Godvm monnum kvnngt med þessu uoru opnu brefi úrum epter gudz burd 00 d og xl. faustvdaginn næstan epter vppstigningardag⁴⁾ á uíðivollum J skagafirði á almenneligri

1) þ. e. 20. Nóv. 2) [Utan XLIX, 28^a með hendi frá 17. öld. 3) [Utan á XLIX, 28^b með hendi frá 17. öld. Þar stendr og með sömu hendi frá 17. öld: „Num. 581 1540“. 4) þ. e. 7. Maí.

prestastefnv vorum uær j dom nefnder af verdugum herra biskup jone ad dæma vm þat malefni er þar fram kom fyrir oss at teitr heitinn Þorleifsson hefði gefit jordina glavmbæ j skagafirdi Gudi og og sancte Johannes j sitt testamentvm at sier fra favllnum. Bar sira jon jonsson beneficiatus á myklabæ suo fallinn vitnisburd at hann hefði hia verid med fleirum godum monnum og heýrt at nefndr teitr heiten gaf sagða jord sem fýr skrifat stendr og þessi giorningr uar gior heima j glaumbæ nockrum árum fýr enn nefndr teitr fell j þau stormæli sem hans peningar hófdu dæmder verid vnder kong og erfingia. kom þar fram vitnisburdr sira gisla gudmundzsonar er samhliodadi þeim vitnisburdj sem nefndr sira ion bar vm ádr sagt máll. vændiz biskup jon þui at heidarlig frv abbadijs Solueig og fleiri adrer goder menn hefði vitni vm borid fyrir sier at teitr heitinn hefði lyst at hann hefði ádr sagða gíof gefit. Suo og uissum uær fýr skrifadr aboti Petr med sannendum og margra manna sogn at teitur heitin hefði optliga lýst at hann hefði sagða gíof gefit. og med þui at vær vissvm at opt nefndur teitur heitin átti suo mykla peninga þá hann giordi fýr sagt testamentvm at hann mátti greinda gíof med logum gefa. Og þui at gvdz nafni til kollvdr. Dæmdum uær fýr greinda jord glaumbæ Gudz eign og heilagrar kirkiv vera og uerid hafa sidan opt nefndr Teitur heitin fell fra.

Samþýcti fýr nefndr biskup jon þennan uorn dom og setti sitt jnsigli med uorum jnsiglum fyrir þetta bref er skrifat var á holvm j hialltadal manvdaginn næstan fyrir clemensmesso á sama ári og fýr seigir.

1)Þad medkennunst vier arngrímur jonsson og Stíjgur Bjornsson prestar. Jon Jonsson og Oddur Þorkelsson leikmenn. at vier hófum sied og yferlesit suo latande domzbref. ord efter ord med heilum og oskauddudum jnciglum sem hier fyrir ofan skrifad stendur. og til sanninda hier vñ setium vier fyrr skrifader menn vor jncigle fyrir þetta vortt medkenningarbref. huert skrifad var a holum j hialltadal 20 dag Januarij Anno 1579.

1) Þetta, sem eptir fer, er tekið eptir XLIX, 28b

275. 4. December 1540. á Kolbeinsstöðum.

ELENDR lögmaðr Þorvarðsson samþykkir dóm Odds Thumassonar frá 19. Nóv. (Nr. 273).

Frumbréfasafn JSig. Nr. 16, afskript á skinni frá e. 1650 af viddisse frá 15. Maí 1577, komin frá Páli Melstað sagnfræðingi, en Páll fékk skinnskrá þessa 28. Febr. 1842. Hefir hún fyrrum verið höfð í bókband. Fyrir framan þetta bréf er á skránni:

- 1, Kvittunarbréf Þorleifs prests Eiríkssonar frá 9. Júlí 1541 um andvirði Ytrahólms.
- 2, Dómr Odds Thomassonar frá 19. Nóv. 1540 um gjöf Kristínar Þorleifsdóttur um Ytrahólm, Nr. 273.

Þat giore eg Ellendur Þorvardzson lögmann sunnañ og austan a islandi godum monnum kunnigt med þezu minu opnu brefe. ec medkennunzt at ec hefi sied og ifer lesit þann sama dom sem Oddur Thumasson utnefndi og dæma liet i minu umbodi ð hegstodum i vetur föstudaginn næsta fyrir presentatio Marie virginis. huort þau bref og giorningar scule mindugir vera eda ecki. sem kristin þorleifzdottur gaf Lopte Rognvalldzsyne. enn Einar modur sinne Kristinu. vm jördena Holm. lijzt mier enn sem fyrr þezer giorningar fullmindugir. sem fyrir optnefndre jördu Holme liggia. oc sa dandi manna domur sem Oddur Thumasson utnefnde og dæma liet ð Hegstöðum. Oc at suo prófudu sem enn er fyrir mic komit sampicke ec þenna fyrr nefndan dom i allañ mata mindugan og skialligañ med øllum þeim greinum og Articulis sem þar inne standa. enn fyrir þan skulld þau vitni hava ecki leidd vered sem Brandur lofati ð alþingi i sumar. þá lizt mier sá domur onýtur og ecki afl hava sem dæmdur var á Jndridastøðum i vor. Oc til sanninda hier um festi ec mitt inncigli fyrir þetta úrskurdarbréf. huort skrifat var ð Kolbeinstøðum. Laugardag næsta fyrir Nichulasmesso. um veturinn. Arum epter Gudz burd. M. D. xl. ar.

Þat medkennest eg Þordur Gudmundzson med þezu mijnu opnu brefe. þat eg hefi sied og á halldid þezum brefum er hier inne standa. ásamt Petre Einarzsyne. huor ad flest øll voru innciglut.¹⁾ Hier med eirnenn þau sömu

1) Utan af skinnskrá þessari er nú skorið, og eru líkindi til, að heill dálkr sé skorinn frá, þar sem á hafi verið fleiri bréf.

bref opinberliga oc almennilega a alþingi vppleseñ at undan teknum einum urskurdi sem seirna hefur utgefinn verid. þar ed Datum skrifadist. M. D. xl oc vij ðr. Oc til sanninda her um þa feste eg mitt inncigle fyrir þetta bref. huðrtt skrifad var ð Melum i Melasveit þann 15 Dag Máij. Arum epter frelsarans fæding. 1577.

276.

1540.

BREF Kristjáns konungs III. um að kirkjur haldi tekjum sínum, og að klerkar þyngi ekki almúganum og að leikmenn ásæki klerkdóminn ekki með klögumálum.

MSteph. 57. 8vo bls. 191—193 með hendi Páls Hákonarsonar í Velleifsholti (d. 1742), ritað fyrir Árna Magnússon. — MKet. Lagsafn I, 227—228.

Ad kirkiuñar behalld e sinne Jnnkomst. Ad¹⁾ þeir geistlegu þvinge ej almugann olöglega og ad þeir verdslegu ýferfalle ej hina geistlegu med klögumálum.

Vi Christian med gudz naade [Danmarkis. Norgis. Vendes och Gottes Konning. Hertug udi Slessvig. Holsten. Storroarn og Dytmersken. Grefve udi Oldenborg og Delmenhorst²⁾. Giøre alle og hver vitterligt. at vi have understandet af vor Elskelige Rigis Raad och andre thendt store wenighed och besverlige thretter sig thildrager udj vort land Jslandt med (k)lagemaal och Steffninger j mellom voris undersaatte der samme stedtz. Men efter dj vi gierne ville holde ether och alle vore undersaatte ved fred och roolighed och affvende all wlog och ubeqvemme skicker. paa det fredsom samdræctighed och kristelig kiærlighed kunde handheffuis udj vore lande och Riger. da ere vi samtligen medt vor Elskelige Raad over eens bleffne³⁾ adt kirkerne skulde beholde och nyde aldt⁴⁾ sin Renthe. indkomst och egendom wforhindret efter thenne dag for hver mandt. Herhos forbiuder vi medt thette vort obne breff voris bisper. prester och theres wdsendere adt unaade och thvinge fattig almue ulouligen.

1) Aad (1) hdr. 2) [MKet.; et cetera 57. 3) MK.; bleffue 57. 4) MK.; alt 57.

Dissligst forbiuder vi vor fogeder. Sýsselmændt og alle andre udj verdslige Stann d adt besvere och offveriile the geistlige medt fremmede thretter och klagemaal her efter. och hver jmodt fornæ article fordrister sig adt giøre. skal straffis som thendt vor bref forachter.

befalendis ether alle Gud evindeligen.

Datum 1540.

277.

[1540].

VIGLYSINGARFOBSÖGN Gizurar biskups.

AM. 266. Fol. bls. 6. (XIV). Bréfabók Gizur biskups i afskript sira Haldórs i Reykholti 1654—57 (vantar i AM. 232. 8vo). — Prentað i Biskupasögum Jóns prófasts Haldórssonar I, 79.

Wjglysing.

Æg | o | Einarsson lysi mier a hendur vjgi og sarum | o | | o | sonar. Var eg j | o | nottina fyrer. Enn fæddur er eg j Holli d Sjdu vnder fialli.¹⁾ lysi eg ad ordfullu og logfullu og logmali riettu ad vitni þjnu | o | | o | son og þjnu | o | | o | og allra þeirra er ord mjn heyra.

278.

1540.

GIZUR biskup i Skálholti ann og veitir Oddi Gottskalkssyni alla jörðina Reyki i Ölvesi með öllum gögnum og gæðum til leigulausrar ábúðar svo leingi sem hann lifir og vill búa þar.

AM. 232. 8vo bl. 46a. (LIX). Bréfabók Gizurar biskups i frumriti. — AM. 266. Fol. bls. 28—29. Bréfabók Gizurar biskups i afskript sira Haldórs i Reykholti 1654—57.

Bref utgefid Odde G(ottskalks)syne fyrir

Reykium j oluesi.

Ad eg hefi vnt og veitt heidarligum dandimanni Odde

1) Gizur biskup hefir verið fæddur 1515. Hann hefir farið til náms til Hamborgar 1531, og þá segir Jón Gizurarson hann 16 vetra gamlan (Safn II, 675). Frá Hamborg ritar hann Ögmundi biskupi 15. Marts 1532, og er það auðsjáanlega á fyrsta ári hans i Hamborg (DI, IX, Nr. 504, sbr. Nr. 503). I Hamborg hefir hann verið 1531—1534,

gotzskalkssyðe jordina alla reyki er liggr j auluesi j sina lifs tid eda suo leingi sem hann vill þar a bua til frialsligs abyilis sem hann sialfr ætti med ollum þeim gognvm og gædum. leigum og landskyldum sem greindri jordu til heyrer og fylgt hefir at fornu og nyiu oc eg uard domkirkiunnar uegna fremzt eigandi ad. Suo skal hann og mega af domkirkiunnar rekum lata sækia vid til husa vpphelldis somu iardar. þar med raptuid og kolagiord j hennar skogum. saulua fioru a backa og j þorlakshofn sem hann sialfr þarf til sins heimiles enn eigi odrum til solu. Suo skulu og fyrrgreindir reyker eiga skipstodu frij j þorlakshofn epter þui sem adur uar j tíjd b(iskups) augmundar. Skal adgreindr Oddr fyrsagda iord reyki mega notna¹⁾ og sier j nyt færa landskylldarlaust og utan allan reikning vid mig og mina epterkomendr. Og til sanninda. Anno m. d. xl.

[Jtem lied Odde Godskalkzsyne xvijj kugilldi. leigdi oddur halldorsson þau þa hann var radzmadur. er(u) þau wr innstædu peningum a reykiu.²⁾

279.

1540.

SKRÁ Gizurar biskups um þá peninga á Eyrarbakka, er hann hafði tekið við, af því, sem Eggert Hannessyni hafði til heyrt.

AM. 232. 8vo bl. 65b—66a. (XCII). Bréfabók Gizurar biskups í frumriti. — AM. 266. Fol. bls. 44—45. Bréfabók Gizurar biskups í afskrípt sira Haldórs í Reykholti 1654—1657.

Tok ec uid þessum peningum æ eyrarbacka af þui sem Eggert hafði tilheyrt Anno 1540.

Half tunna smiors vijj m(ark).

Jtem iiij snæri huert 4 skildinga.

Jtem xij waxstycki ad uikt vj pund og ij merkur. huert fyrir xj huit.

Jtem iiij þaur konusko 8 skildinga.

Jtem iiij konupungar huert stycki 4 huitar.

1) Svo = nautna. 2) [ústrykað.

Jtem ij pilltapungar ij skildinga.

Jtem ij spil facit ij huita.

Jtem litil talgoxe fyrir dubbel skilding.

Jtem ij brythnifar facit ij skildinga.

Jtem .v. krokakerfi huert stycki skilding.

Jtem. vj. konubelli ij skildinga.

Jtem ix paur hnifa huert par skilding.

Jtem vij skiæri huert skæri 6 d.

Jtem ij baggalasar. stycki skilding.

Jtem j aklædi vj skildinga.

Jtem xij stikur med raudaⁿ liteborda 3 skildinga.

Jtem lx breidar alnar liereptz stikaⁿ fyrir ij skildinga.

Jtem j kista fyrir xxij skildinga.

facit in summa xxv lybsk mork xij skildinga og vj peninga.
hier uppa skal eggert hafa v hundrut fiska.

Jtem selldi oddur gudmundzson nockra peninga ed Eggert hafdi honum afuent adur hann for af Eyrarbacka þad sumar jeg ut sigldi Anno 1539 og feingit þar fyrir ij hundrut fiska til tals og latid þa fara heim j Schalholt. Verdur þetta þa allz ath upphæd vje fiska.

Giore ec Eggert þa wilnan j ad ec reikna ecki uid hann hundrat fiska meir enn fyrir .v. lybsk mork.

Hier umfraⁿ uoru .viij. pantzarapungar j kistunne. reiknazt fyrir þa þeir frider .x. aurar sem ec læt giallda hans uegna.

280.

[1540].

UMBODZBRIEF Gizurar biskups handa Sæmundi ráðsmanni yfir Heynessumboði i Borgarfirði.

AM. 266. Fol. bls. 128. (CCLI). Bréfabók Gizurar biskups í afskrift síra Haldórs í Reykholti 1654-57.

Wmbodzbrief Rad(s)mannsinz a Heynesi.

Eg þj. giore godum monnum k(unnigt) ad eg hefi bifalad erligum manni Sæmundi fullt og logligt vmbod yfer heynesi og aullu þui kyrkiunnar vmbodi sem þar til heyrir j

faust(u) og lausu bædi til sioz og landz. skal hann hiu rada. kaup giallda. jardiir byggia. leigur og landskyllider vpbera og allri kyrkiueign so radstafa sem honum synist hentugast vera og j allann mata logligur vmbodsmadur yfir sama vmbodi blyfa vndir rietta grein og reiknijngskap vid mig eda Radzman h(eilagrar) Skalholtzkyrkiu. skal sa sem er hanz skrifari afgreida honum ærliga sijn pionustulaun frijd ij hundrud.

Og thil et cetera.

281. fyrir 16. Dec. 1540. í Haukadal.

BRÉF Ögmundar biskups til leikra og lærða í Skálholts biskupsdæmi, að hann ætli að tilkölluðum tólf kennimönnum, er verið hafi officiales og ráðsmenn í hans biskupstíð, að standa reikningsskap Skálholtsdómkirkju 4. og 5. Maí næstkomandi á Torfastöðum eða Miklholti í Biskupstungum.

AM. 266. Fol. bls. 128 (CCLII). Bréfabók Gizurar biskups í afskrift síra Haldórs í Reykholti 1654—57). — Árni segir um þetta bréf: „þ: Augmundus dei gratia Episc. Scalh.“

A(d) D(ominum) G(izur) E(inars)S(on).

Heilsum ydur ollum lærðum og leikum j Skalholtz Biskupsdæmi kíærlega med gud(s) kuædiu og vorri.

Kunngiore eg ydur kíærer viner ad vor kíæri son herra G(izur) E(inars) S(on) hefur skrifad osz til og bedid reiknijngskapar heilagrar Skalholtzkyrkiu vegna. huad vier vilium giarnan giora j logligañ og hæfilegan tjma sem nu fellur þetta ær j þridiu viku paska miduikudag og fimtudag næstañ efftir krossmesso¹⁾ efftir kyrkiunnar logmali. Sakir vorz veikleika kunnum vier ecki til alþijngiz ad fara eda j adrar sueiter þui setium vier þennan dag a Torvastodum eda mychlholti ad tilkolludum xij kiennimönnum skalholtz Biskupsdæmiz þeim sem verid hafa officiales og radzmenn sijdan vier komum til stolsinz. skulum vier med gudz myskun þad vel hallda sem þar giorist vt med danumanna samtali

1) þ. e. 4. og 5. Maí 1541.

ad heille vixtu vorre og halldinne hlydni vid pafaligt valld. ma þar þa vtgiorast allt það ockur kann a ad greina.

Og thil sanninda hier vñ þryckium vier vort jnsigle fyrer þetta Brief skriffad j Haukadal ipso die Sancti¹⁾ pape Anno domini M d xl.

282.

[Nóvember 1540].

GIZUR biskup i Skálholti bannar öllum að byggja og bæla jörðina Reyki i Ölvəsi, því að hún sé réttileg eign dómkirkjunnar i Skálholti.

AM. 266. Fol. bls. 128—129. (CCLIII). Bréfabók Gizurar biskups i afskrift síra Haldórs i Reykholti 1654—57.

Eg Gjssur Einarsson Superintendens Schalholltz Byskupsdæmiz et cetera. Sakir þess ad kyrckiunnar radi hefur virdst sem reikir j Olvesi væri riéttileg domkyrckiunnar Eign og ecki yfer þeigia meiga ad þessi jord drægist vndan heilagri Schalholltz kyrkiu fyrirbiodandi sierhuorum a henni ad byggja eda bæla nema mitt sie lof og leyfi til vnder sljka strjdu og afelli domkyrkiuuar vegna sem þeim hæfir ad laugutu er andrúvjsi giora. Byd og þjfalala (eg) mjnum preste sijra Birni Olafssyni vnder skyllða hlydnu ad lesa þetta brief fyrir jol heim(a) a reykium suo hatt og skilid ad þeir meigi vel heyra er greinda kyrckiunnar jord hallda. og setie sitt jnsigle a sama brief. til vitniz ad hann suo giaurer og lati sjndan koma mier j heudur Briefid.

Og thil et cetera.

283.

[1540].

GIZUR biskup i Skálholti veitir síra Jóni Þórðarsyni Stað i Grunnavik, því að hvorki hafi staðrinn verið vel haldinn af þeim presti, er þar hefir verið, og svo hafi hann ekki æfinlega collacionem fyrir staðnum, sem til beri.

1) Scti, hdr. Hér kynni að vanta inn í „Clementis“ = 23. Nóv. Bréf þetta var lesið upp i Skálholti 16. Dec. 1540 (Sjá bréf Gizurar biskups eptir nýjár 1541.

AM 266. Fol. bls. 129 (CCLIV). Bréfabók Gizurar biskups í afskrift síra Haldórs í Reykholti 1654—57.

Giori godum monnum kunigt med þessu mjnu opnu brefi.

Sakir þess að so er fyrer mig komid að kyrkia og stadur gudz modur marie í grunnavijk í Jsafirdi sie ecki so vel halldinn af þeim presti þar er. sem vera skyldi og að hann hafi ecki feingid fulla og æfinlega collationem fyrer stadnum sem til ber. þui hefi eg vnt og bifalad mjnum kiera syni síra Jone Þordarsyne þennan stad sjna ljfstyd. et cetera.

284.

[1540 eða 1541].

BRÉF Gizurar biskups í Skálholti (til síra Páls Jónssonar í Keldnaþingum) um að leggja nokkur tré af við Jón Eyjólfsson sendimann sinn, svo að hestarnir gangi ekki lausir heim aptr.

AM. 266. Fol. bls. 129. (CCLV). Bréfabók Gizurar biskups í afskrift síra Haldórs í Reykholti 1654—57.

S(alntem) per christum.

Bid eg yður kiera win að þier leggid af við mig nokkur sma triakorn sem Jon Eiolffson hafi vt afftur a hestum mjnum so þeir gangi ecki lausir ef þier hafid þau til enn þier hafid onnur afftur af kyrkiunnar rekum þar þau ero þui þeir kunna ecki nu vīm sinn yfir þau að komast.

hier lægi mier magt a.

yður allzmegtugum gudi hier med bifalandi.

285.

[1540 eða öllu heldr 1541.]

BRÉF Gizurar biskups til ónafngreinds manns (Páls Tumassonar?) um að biskup sendi honum verkost manna sinna (er róa eiga í Vestmannaeyjum), og um fleira, er að því efni lýtr.

AM. 266. Fol. bls. 129 (CCLVI). Bréfabók Gizurar biskups í afskrift síra Haldórs í Reykholti 1654—57.

Sendi eg nu til ydar kære vin verkostinn mannanna minna með veidarfærum og skiædaledri. hofum við síra snorre rad fyrir giortt að huðr þeirra hafi íj saudi og vætt smiors. bid eg yður kærlega að rista þær hudernar í leingiur sem ætladar eru til skiædaledursins. ma þá afhenda huorium fyrir sig það hafa skal. En kyrhudin er autlud til seglkeypsinz¹⁾. Gudmundur Þordarson hefur vt tekid til sinna skinklæda. vetljunga og aungla. Síra Snorri fær Þorleifi aunglana og vetljungana. So og ætla eg thil að þar muni huor hinna fa svo vetljungana sem þeir hafa verid í vetur. Enn eg vona að Abotinn muni giora Þorkiel ferdugañ að aullum færum. Er eg í aungri vissu huort dandimenn hialpa hinum monnunum vm nockrar færur. þar fyrer sendi eg til vara það þeir þurfa. er það þá eigi síður í godri geymslu hia yður sem vmfram kan verda.

Sægi Eg giarnan að Jon Eiofsson færi vt afftur með nockur triasprek a hestunum ef það yrði leikid. hef eg skrif að síra pale thil að hann leggi af við mig nockur.

hier með yður et cetera.

286. [vorfð 1540 eða öllu heldr 1541.]

BRÉF Gizurar biskups í Skálholti til Páls Tumassonar, um að ganga svo frá því, að Englendingar geti ekki tekið skreið biskups í Vestmannaeyjum í skuldir Ögmundar biskups.

AM. 266. Fol. bls. 129—130 (CCLVII). Bréfabók Gizurar biskups í afskrift síra Haldórs í Reykholti 1654—57.

til pälz tumassonar.

Witid kæri vin að Eg hefi latid tilreida Þorlakzbatinn og giora hann ferdvgan að aullu. þætti mier þar til vanta flejra Enn eitt. hefi eg sialfur ordid að senda vermautur flestar allar mannanna með ollum færum heiman vr Schal-

1) Svo; ekki: seglreypsinz.

hollte. þui þid eg þig að þu heijmtir að sierhuorium þeirra veidarferi og skinnklædi j vertijdarlok. kann eg ecki að hlyða af þeim að þeir halldi veniulegri oueniu. og halldi onguu þessu til skila. Grunar mig kærri vin að nockrir Eingielskir muni vilia tala vpa þa skreid sem gud giefur sakier gamallra skullda Biskups Augmundar. Weit eg ecki huad vid munum þar til skulu giora nema þier hystist radlegt að pansetia¹⁾ hana vid kaupmenn sem fullt vilia fyrer giefa og ecki lata aftyggiast. villdu þeir og heyra svo menn mætti saunu andsuari fram koma þa er þui tilsuaranda að mier ber aunguum biskups skulldum að suara. helldur sialfum honum. hefur so virdst skynsorum dandizmonnum. þar fyrer hefur hann og slykar eignir og penjnga sierdeiliz að hann suari sialfur sjunum skulldum. Enn grjppi nockur mjna skreid hier vpa. mundi eg bera mig að ef giæti j nockru vid að rietta minn hluta. Sægi eg giarnan að mennirner mjnir giordi ecki langsett j Eyunum ef giefur j land efftir vertijdina þui varla ma fortaka huad vpa kann að koma.

Skriffid mier thil giorla hid allra fysta kære vin friett-ernar af hafenu effter Eingielskum þui þeir vita fullgiorla huad tijdinz er j vesturlaundum.

287.

[1540 eða öllu heldr 1541].

MINNISGREINAR Gizurar biskups í Skálholti um ýmislegt, sem kaupa þurfi til staðarins, einkum í Vestmannaeyjum.

AM. 266. Fol. bls. 130. (CCLVIII). Bréfabók Gizurar biskups í afskrift síra Haldórs í Reykholti 1654—57.

memoriale.

Þarf j minna lagi að kaupa edur pantsætia¹⁾ af bike og jarne. Enn j meira lagi af tiauru. salti. miauli. mallti. hunangi. lægi mier mickil magt að að það væri keyfft eda pantsett¹⁾ af vini sem oblandad er og ecki ærgamallt. þui það eru samañ helltar dreggiar. hefi eg ecki huglagt að selia þa skreid sem gud gefur j Eyunum nema fyrir slyka og adra

1) Svo,

þuihyka þarfuga hluti. þui kaupskapurinn verður annars stadar næsta hjtill eda einginn kyrkiunnar vegna. klædi þarf eg og sierdeiliz að vtvega. þui þeir menn sem mier hafa þionad þetta ár hafa sumer ecki feingid sitt klædi. sum betri. so sem [mestur filnun¹] Enn sum liettari so sem gra þridiungaklædi. væri og gott að nokkra(r) halftunnur yrði vtvegadar hia Eingielskum þui þeirra þyrfti med.

288.

1540.

MINNISGREIN Gizurar biskups um að Eyjólfur Þorvaldsson hafi tekið staðinn í Villingaholti um þrjú næstu ár með því skilorði, er grein þessi sér líkast hermir.

AM. 266. Fol. bls. 130. (CCLIX). Bréfabók Gizurar biskups í afskript síra Haldórs í Reykholti 1654—57.

Anno 1540.

tok Eiolfur Þorvaldsson staðinn Villhyngahollt v̄m næstv iij eftirkomandi á. var ecki sierliga vttalad v̄m jardarleigu. skyllði honum leggiast og vider til kyrkiunnar og skickast nokkur þau hinu næstu kapallan²) til adflutningz. skyllði hann hafa frj skipstodu þessi ár a loftstodum. Enn eg vppbyggja krokinn og vpbera leigu af hendi kyrkiunnar.

Somuleidiz leggiast thil kyrkiunnar efftir þui sem a stad yrði komid.

presentibus hiis testibus dominis Simoni et Stephano. Laicis Haldori Ormi f. et Eyolfo Hald(ori).

289.

1540.

MINNISGREINAR Gizurar biskups um pening Skálholtsstaðar á leigustöðum.

AM. 266. Fol. bls. 132—133. (CCLXIV). Bréfabók Gizurar biskups í afskript síra Haldórs í Reykholti 1654—57.

ad memorandum³) Anno Salutis M d xl.

In primis frjdir peningar a horni lx asaudar. gielldir

1) [Svo. AM. les svo: „mestur filnun. 2) „NB. kapallan i þann tíð venilig“, ritar Brynjólfur biskup á spássfu. 3) memendum, hdr.

sauder xu og xx. fodrafe. xxx. sauder veturgamlir. vij kyr. vij naut gomul. þriu þreuetur. ij tuævetur. iij veturgomul. ij kalfar. ix hestar med tueimur vngum þrievetrum og tuævetrum. viii hestamædur med einu tuævetru.

Item kugyllde a leigustodum lx og vij og iij ær betur. xvi kugylldi med kyrkium og bænhvsum.

Item med biarnanesi lx asaudar. viij kyr. Eitt naut fiogra vetra gamallt. xu sauder veturgamlir. ij hestar.

Item skreid a horni j skiemmuni xxx vættir xvc tals. xx vættir. lanad j biargleigur xl vættir og atta betur.

Item xvij trog. x vpgiordarkierolld. iij skiolur. iij storkierolld. ij tunnukierolld. xij spæner. x diskar. ij tinfauf. viij katlar. eitt tialld. iij voder. ij sængur alfærar. ein dyna. iij liaer. ij auxer. einn sleiginn¹⁾ hamar og annar minni. stædie. ein taung. ein palreka. iij streingir. ij kyrskinn. Eitt bryni. Jarn xl annarz hundradz. xij hakalla linur.²⁾ iij hesta reip. ij klifberar.

Item blutar skreid atta hundrud.

Item med borg vi leigukugylldi. leigujord fyrir ij^c med tiundum.

Item med holmi halft siounda kugylldi og kapall. leigujord fyrir vj^c med tiundum.

Item med holtum³⁾ ij bænhvs kugilldi. med iij leigukugylldum. leiga jord fyrir ij^c med tjundum.

Item med krossbæ ij bænhus kugilldi og vi leigukugylldi. leiga jord fyrir hundrad med tjundum.

Item med Dilsnesi iij leigukugilldi. leiga jord fyrir v kugilldi med tivndum.

Item med Hafnanesi iij leigukugilldi. leiga jordu fyrir hundrad og tjunder ad auk.

Item med nedra firði ij bænhus kugylldi og eitt leigukugilldi. leiga jord fyrir hundrad og tjunder ad auk.

Item med efra firði v leigukugilldi og kapall. leig(a) jord fyrir mork med tjundum.

1) AM. vill leiðr. i „sleggiu“. 2) eiginl.: „limer“ í hdr. AM. leiðrétti. 3) hollm, hdr. AM. leiðrétti.

Jtem med Dal iij leigu kugilldi og hestur. leiga jord fyrer vi aura.

Jtem vic j kugjlldiz leigur og agilldi.

Jtem so morg stauku kugjllidi hia sýra Þorarni. iij ær.

Ein kyr hia Eirýki diakna.

Jtem asauda kugjllidi hia Gýsla.

asaudar kugjllidi hia Pale Sæmundsyni.

kyr hia sera Jone Olafzsyne og iij ær.

hia bardi iij ær.

Jtem hia Jacobi ij asaudar kugjllidi.

asaudar kugjllidi hia Alexandri.

asaudar kugjllidi hia Einare.

hia Jone Stephanssyne ij asaudar kugjllidi.

hia kolbeini kapall.

hia Jone Stephanssyne kapall.

hia magnusi Stephanssyni kapall.

290.

[1540].

MINNISGREINAR Gizurar biskups um, hverir hafi lofað honum þjónustu og annað fleira.

AM. 266. Fol. 154—155. (CCCXV). Bréfabók Gizurar biskups í afskrift síra Haldórs í Reykholti 1654—57.

memoriale.

Þessir menn hafa mier lofad tru þienustu.

in primis Eiolfur Kollgrímsson.

Jtem Þorkiell promisi me daturum uestem.

Jtem Eiolfur Halldorsson skyllidi af sier vtrodur og bad tillagna ad hann mætti þau xx^c (fa) sem Byskup Augmund lofadi honum j sijn þionustulaun.

Jtem Gudmundur Hallvardzson.

Jon Magnusson.

Jtem Jorundur. lofad ad hialpa bornum hanz ad þau megj hafa sýna atvinnu þetta arid sier af landskyllidum kotanna þeirra sem Jorundi komu thil. Enn ad vorenu lofadi eg honum ad hialpa til nockrar stadfestu. Jtem lofad ad

styrkia hann thil ad hann fai nockud afftur af sijnum erfda-
peningum.

Item ættingia mjnum Þorleifi sem kom fra grindavíkj.

Item Jon fusason.

Item Eggert. promisi me daturum vestes.

Biorn Hannesson.

Jon Einarsson.

Þorlakur feingid sierhuorium þessara hosnablædi og
skyrtulierefft.

Birni hier vm fram viij stikur klædiz til stakz.

huorium sueini er vt rær viij alner vadmals.

291.

[um 1540].

STUNDARSTEFNU forsögn.

AM. 266. Fol. bls. 161. (CCCXXXVIII). Bréfabók Gizurar biskups
i afskript síra Haldórs i Reykholti 1654—57.

É(g) | o | son stefni þier | o | son stundarstefnu nu a
| o | dagin til | o | a þjngstad riettañ fyrir | o | | o | son kongz
vmbodzmenn j | o | þjngi fyrir þa sok | o | og þær flejri sakir
er eg kann til þjng ad tala med logum. Vertu þar kominn
fyrir hadejgi. sie þier allur dagur thil stefnu. sit so leingi
þjnged sem Endilegur vegur geingur a mæl þjng. stefni eg
þier med ollu þjngu profi og skylryki sem þier ma til gagnz
og abotunar¹⁾ verda j greindu mali. Stefni eg þier ad ord-
fullu logfullu og laugmali riettu ad vitni þjngu | o | og þjngu
| o | og allra þeirra er ord mjn heyra.

292.

1540.

MINNISGREIN Gizurar biskups i Skálholti um reikningskap
staðarins, þegar Ögmundur biskup skyldi afgreiða.

AM. 266. Fol. bls. 162- 163. (CCCXL). Bréfabók Gizurar biskups
i afskript síra Haldórs i Reykholti 1654—57.

1) Sve.

arum efftir gudz burd m d xl.

Er byskup Augmund skyldi afgreida stadinn og domkyrki-
una skrifudu efftirskrifadir prelatar vppa sama reiknynjgskap.

sýra Jon Hiedinsson.

sýra Jon Biarnarson. kyrkiuprestur.

sýra Gudmundur Jonsson radzmadur.

sira Þorleifur Eireksson.

Bryniolfur og Oddur Halldorssýner.

Jn primis iij lestir fýska j skreydarskiemmunni.

Jtem j skiemmu þar næst half aunnur tunna saltz. siu¹⁾
kier med smam og storum. tueir þupustampar. tueir pund-
arar. Einn sær. x tígi vættir smiorz.

Jtem j sodburinu ij katlar storir. annar med jarnvid-
um. þotti osz hann mundi taka vel tuær tunnur og er ann-
ar vandur. ein brandreid. v fiordunga kiettil vondur.

293.

[um 1540].

KAUPSETNING.

AM. 266. Fol. bls. 179 (CCCL). Bréfabók Gizurar biskups í af-
skript síra Haldórs í Reykholti 1654—57.

Ég | o | j vmbodi | o | | o | sson(ar) set hier j dag al-
mennilega kaupstefnu j millum vtlandskra manna og js-
landskra. so og set eg hier grid og fullan frid allra manna
j milli sem hier vilia kaupa eda koma kunna. Eykst og
riettur þeirra ad helmjngi sem hier verda skiemdir med
fullriettizordum. edur verkum. so og sekten vid kongdomenn.
sem vor logbok vtvijsar. fyrerbyd eg huorium manni kaup-
andi eda seliandi fals ad selia eda flærdarkaupskap ad fremia.
enn ef nockur (verdur) sannreyndur ad þui ad falskaup-
skap hafi þa er sa sekur fullretti þeim er keypti enn kongi
xij merkur ef halfmerkurkaup virdist godum monnum eda
mejr. enn þa skierdi fyr(ir) kongi og kaupanda ef minna er.

Vil eg og byd ad hier halldist halfstyeckiskaup efftir
gaumlum landsinz sid og vana.

1) = sjð.

Jtem tvnna smiorz fyrir hundrad fjska.

iiij tunnur miauls fyrir hundrad fjska.

halfstyecki varningsklædi fyrir e fjska.

iiij tunnur Biorz fyrir e fjska.

vj tunnur malltz fyrir e.

tunna miadar fyrir lx fjska.

tunna vjuz fyrir klent e.

kietill er liggia æ xij fiordungar fyrir e.

god klædi. bordvidur og smakram eftir þui sem kaupandi og seliandi semia eftir godri vjsu.

fiogra marka fjskur er gyldur fjskur.

8 alnir vadmalz fyrir w(ætt).

iiij vættir j e.

So og skulu jslendskir lata þeim enu vtlandsku monnum frid og nadir hafa vp fra þui ad solin er j fullu vestri og þar til ad hun situr j austre enn hafi onguar næturdryckiur eda slangur osæmiligt sem laungum hefur mikid vandt af komid.

So skipt eg vid.

sitied og standid j gudz frid.

294.

[um 1540].

FORSÖGN að setning héraðsþings.

AM. 266. Fol. bls. 179. (CCCLI). Bréfabók Gizurar biskups í afskrift síra Haldórs í Reykholti 1654—57.

Æg | o | | o | kongs vmbodzmenn j | o | set hier j dag almenilegt hieradzþing ad þingstad riettum med allan þann riett og stiett sem laugligu hieradzþingi ber ad laugum. hier med set eg grid og fullaū frid allra manna j millum þeirra sem komnir eru ed(a) koma kunnu þar til huor kiemur heim til synz heimeliz. enn huor sem þessum gridum spiller svare sljku fyrir sem laugiū vtvijsa. þui sialfsett eru grid a ollum þingum. Enn eg byd nig til ad giora huorium manni laug og riett. þeir sem med laugum vilia syn mal fyrir mier klaga. Sitium nu so þetta þing og aull aunnur ad gudi

vorum Jesu Christo sie til lofz og dyrdar. enn kongi vorum til vegx og vjrðingar. oss sialfum til nada og nylsemda. Sítied j gudz fride.

295. [um 1540].

FORSÖGN að uppsögn héraðsþings.

AM. 266. Fol. 179—180. (CCCLII). Bréfabók Gizurar biskups í afskrípt síra Haldórs í Reykholti 1654—57.

Það sama þjngid sem eg setta hier j dag. það seigi eg nu vt(i) og endad. gief eg huorium manni leyfi til burtrejd-ar edur heimferdar efftir þui sem huorium best hentar. Enn gridiñ standi efftir gaumlum vana. Enn eg minni ð alla bu-menn og bændur að þier takid ecki þa menn j bygdir til ydar sem hlaupa austañ. vestan. nordan edur sunañ og (þier) vitid eingin deili æ og provist þeir jllmenn(i) þa svári þeir sljku fyrir sem laugiñ vtvjusa. So fyrirbyd eg ydur að giora nockurar launsattir j hieradinu að firra kongdominn so syn-um rietti. Einkanliga fyrirbyd eg ydur klædaburd edur knjfa framar meir enn lofad er að laugum. Svo og fyrirbyd eg ydur að gryppa edur taka eda nockra ohlutvende að giora nu. þeir sem þjngid (hafa) sokt login að styrkia riettinum að fylgia hafi þeir allir fyrir gudz hylli og godra manna vingan.

296. [um 1540.]

FORSÖGN að því að nefna menn til Öxarárþings.

AM. 266. Fol. bls: 180. (CCCLIII). Bréfabók Gizurar biskups í af-skrípt síra Haldórs í Reykholti 1654—57.

Ég | ◦ | | ◦ | nefni þig | ◦ | | ◦ | til næsta auxardrþjngs nu j sumar að kiemur næsta dag efftir peturzmessu og komir ei seinna enn særi eru flutt j almennilega laugriettu fyrir heidursamligan herra Erlend Þorvardsson laugmann sunnañ og austañ a Jslandi að ganga alla þa doma sem þu verður þar með laugum til kuaddur og suerier adur yðarn

laugriettueid sem laug giora rad fyrir ef þier hafid það ei svarid adur. sitid so leingi a þjngiuu sem laugmanni þyckir fallid fyrir mala sakir og gack eigi vr laugriettu vtan vebanda nema fyrir fulla naudsyn. bu þig so heiman ad þu siert fær ad þjngmanna dagleidum. Nefni eg þig med gridi og fridi og kaupgialldi shjku sem laugbok skyrir ad nefndarmadur a ad hafa med laugum vr þessari sydslu ad vitne þjnu og þjnu og allra þeirra er ord minu heyra.

297.

1540.

í Hjarðarholti.

VITNISBURÐR, að Guðlaug Finnbogadóttir meðkændist, að hún hafi selt Þorleifi Gamalielssyni jörðina halfan Jörfa í Haukadaldal og kvittað hann um andvirðið.

AM. Apogr. 2269 eptir frumriti meðal Jörfabréfa. — Jarðabókar-skjöl AM. Dólas. 7, afskript staðfest við Óxará 13. Júlí 1703 af Sigmundi Helgasyni og Þorvarði Sigurðssyni. „Sigurðar Þorgilssonar á Jörfa í Haukadald“ (AM.).

Þat giori ec pal prestur olafsson. jngbiorg jousdotter og þorgils klængsson godum monnum kunnigt med þessu miðu opnu brefi j þyckuaskoge j middolum uorum uær j hia. saum og heyrdum a ord og handaband þessara mann(a). af eirne alfu gudlavgar finbogadóttur en af anare alfu þorleifs gamalielssonar. at adurgreind gudlug¹⁾ husfreyia meðkændizt fyrir oss og audrum godum monnum. at hun hefdi selt þorleife gamalielssyni jordina halfan jorfa er liggur j hauckadal j uatzhorns kirkiu song²⁾. med ollum þeim gongum³⁾ og gædum sem greindri jordu fulger⁴⁾ og fylt²⁾ hefur at fornu og nyu. og hun uard fremst eigande at. undan seir⁵⁾ og sinum erfingum. en under Þorleif oc hans erfinga²⁾ til fullrar eignar og frials forrædis. Suo og meðkændizt fyrskrifut gudlaug husfreyia. at hun hefde fulla og alla peninga upp borit sem henne uel lickade og a nægdi. her med j sama handabande gaf hun adur greindan þorlef⁶⁾ ollungis kuitan og ðkærvlausan fyrir seir⁵⁾ og ollum sinum epterkomendum um ad-

1) Svo 2269; Gudlaug b. 2) Svo bæði. 3) Svo 2269; gögnum b. 4) filger b. 5) sier b. 6) þorleif b.

ur grei(n)tt jardar uerd. Og til saninda her um settum uær fyrr skrifader menn uor jnsigle fyrir þetta uittnesburdardref skrifat j hiardarholte j laxardal. anno domino¹⁾. M. d. xl.

298.

1540.

SKRÁ um kirkjusmið á Ærlæk í Óxarfirði.

AM. 640. 4^{to} bl. 66^b skinnbók frá Ærlæk af Nikulássögu, skr. c. 1500. Shr. ár 1504. „Bok þessa gaf jon olason Gudi og sancte nicholae og kirkiunnj a ærlæk. bid fyrir mer dandikall“.

Kirkiv a erlek liet giora aboti petur.
smidadi hana ablavdur²⁾ grimsson.
var þa biskvp ionn arason a holvm.
kong kristern yfer danmark og noregi.
biskvp avgmvnd i skalholli.
var þa lidit fra gvds bvrð M. d. xl. ar.

299.

1540.

AFHENDING staðarins á Hallormsstöðum í Skógum, þegar síra Jón Jónsson afhenti Ásbirni Árnasyni.

Máldagabókin gamla frá Skálholti í Landsskjalasafninu, bl. 143a, skr. 1601.

(Hallormsstaðir).

Anno domini 1540.

Suo mýeklr penijngar greiddir oc metfir Asbirne Arfia-syne. enn sijra Jon Jonsson af heñite.

x asaudar kugillde gilld oc vij kyr gilldar. þrevætt naut. oc þrijr hrutar ofañ ð j huñdrad. j veturgamall oc af þeim. j huñdradz hestur. aunar þrevetur oc veturgamallt trippe fyrir huñdrad. hross fullroskid oc ij vetur hestur ad auk.

Jnnañ stokz tuggia skiolña ketil(l) hialpligur. vij trog mathelld .v. vppgiordarkerølld oc þriar altunnur. fiorir trediskar voñdir hnýttir samañ med garñ sumir. fiorir skerdiskar gamlir. ij skulu bråkadir. oc ij ker. v spænil. j skiola.

1) Svo bæði. 2) Svo.

stockur lasinn. aux oc brýne oc liar. hrijfur. orf. vallarklár hialpligt. torfkrokar. heý oc vj aurar ofaþ ð fyrir huñdrad. atian ný bord oc fiortan alñar vadmålz oc kyrhud.

Þetta allt var porcio. orñamennta sem fyrr seigir.

300.

[um 1540].

AFHENDING Hólma í Reyðarfirði, þegar síra Ólafr Árnason tók við, en Sturla Jónsson afhenti.

Máldagabókin gamla frá Skálholti í Landsskjalasafni bl. 146b – 147, skr. 1601.

Holmar j Reyðarfirde.

Suo mikill penijngur vtgreiddur a Holmum síra Olafe ärñasýni til medtøku enn Stulli Jónsson afheñti.

Jn prijmis xu asaudar kugillde med þui kugillde sem lucka gaf þaþgad oc ix ær. bænhusid a Somastodum eigur hier med. fimm kyr gilldar a bænhusid oc af eina brast kuna sijdan hun hafde halzbrotñad oc villdi Stulle eckj giora med par¹). enn síra Hallur hafde markad hana vñdir Skalholtzmark oc kemur það til þeirra sanneñda. tuæuetur kapall oc annar midalldra hross. huortueggja. síra magñus gallt vegña brodur síjns síra einarz i þeirra tid fiorar ær oc síra einar arñason tok xxx skiolña keralld sterkt oc gamallt fyrir ij ær. stadurinn atti eckirtt busgagñ. skiphrof ecke siofærtt. et cetera.

Orñamenta kirkiunnar ij messuklæde alfær. ij hocklar. ij hocklar ad auk. annar med klædi blatt. annar voñdur. ij kalekar messufærir. 4 corporalia oc vijgdur dukur ad aullu et cetera. alltaris bunijngur med glitsaum oc fordukum brunum oc dukum ýfir. iij huersdagligt. alltarisklæde vont oc brun oc duk oc sloppur dæiligur et cetera.

301.

[um 1540. á Hólum, í Janúar].

Jón biskup á Hólum selr síra Birni Jónssyni „frænda“ (syni) sínum jarðirnar Stóruborg og Litluborg í Viðidal fyrir jarð-

1) Skammstöfunin er eins og lesa ætti: per.

